

Efni Súlna 2020:

	Bls.
	Forspjall..... 3
Viðtal Hreiðars Jónssonar við Richard Þórólfsson	Iðunnarskórnir þóttu sterkir 5
Gunnar Frímansson	Um fósturbörn og ómaga í Skriðuhreppi og Saurbæjarhreppi á árunum 1850 til 1880 22
Viðtal Kristínar Aðalsteinsdóttur við Nick Cariglia	Er þetta læknir, með alskegg og svona dökkur? 54
Tryggvi Gíslason	Skáld á Akureyri - Fyrri hluti 78
Þórður Vilhjálmsson	Vélsmiðjan Oddi hf. 115
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir	Anna Þorbjörg Jensdóttir körfuhúsgagnasmiður (1901–1954) 136
	Skýrsla stjórnar fyrir árið 2018..... 159

SÚLUR XLVI: 2020

Súlnur

NORÐLENSKT TÍMARIT



Fagriskógur við Eyjafjörð, æskubeimili Davíðs Stefánssonar.

Ljós. Skúli Jóbannesson. Sjá bls. 3.

59

ÚTGEFANDI: SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA - AKUREYRI

SÚLUR

NORÐLENSKT TÍMARIT

XLVI. árg.
59. HEFTI 2020

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
BJÖRN TEITSSON

Eigandi og útgefandi:
SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA

Ritnefnd Súlna
skipa:

Ása Marinósdóttir
Björn Teitsson
Jón Hjaltason
Kristín Aðalsteinsdóttir

Sögufélag Eyfirðinga
Óseyri 2, 600 Akureyri
Sími / símsvari: 462 4024

ISSN 1670-3170

UMBROT OG PRENTUN: ÁSPRENT, AKUREYRI
Akureyri 2020

Forspjall

Forsíðumynd þessa heftis Súlna er af bænnum Fagraskógi við vestanverðan Eyjafjörð, tekin árið 1990 af Skúla Jóhannessyni. Myndina útvegaði Guðmundur Steindórsson og hún tengist þætti Tryggva Gíslasonar, *Skáld á Akureyri*, á bls. 78-114 hér á eftir, en þar fær Davíð Stefánsson frá Fagraskógi að vonum mesta umfjöllun, og því þótti tilvalið að birta mynd af fæðingarstað hans, sem hann líka kenndi sig löngum við.

Viðtalið við Richard Þórólfsson, fremst í heftinu, er ef til vill hið síðasta í röð viðtala við fólk sem vann í Sambandsverksmiðjunum á Akureyri á sínum tíma, og hafa birst í ritinu hin seinni ár.

Öllum höfundum og útvegendum efnis sem hér er nú komið á framfæri eru færðar þakkir fyrir gott framlag þeirra. Ritnefnd Súlna hefur verið vel virk hin seinni ár, samráð eru mikið til höfð með tölvusamskiptum, og allt efni les flest ritnefndarfólk yfir, ekki aðeins ritstjóri. Þessu ágæta samstarfsfólki þakka ég fyrir mjög góða samvinnu. Fyrir útvegum mynda fá hér með sérstakar þakkir Hörður Geirsson á ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri og Jakob Tryggvason á Iðnaðarsafninu.

Útvegum efnis hefur gengið bærilega undanfarið og þegar bíður nokkuð af efni næsta heftis og enn meira virðist í sjónmáli. Lengd heftanna hefur verið óbreytt um æðilangt skeið og ekki er fyrirsjáanlegt að breytingar verði þar á, enda hefur áskrifendum ekki fjölgað. Lausasala í Pennanum á Akureyri hefur reyndar farið ofurlítið vaxandi.

Segja má að helst vanti til birtingar stutta þætti, en þeir eru alltaf vel þegnir. Netföng ritnefndarfólks er að finna í skýrslu stjórnar Sögufélags Eyfirðinga aftast í heftinu.

Ritstjóri



Richard Þórólfsson. Myndir með viðtalinu eru fengnar frá Iðnaðarsafninu á Akureyri.

Iðunnarskórnir þóttu sterkir

Viðtal Hreiðars Jónssonar við Richard Þórólfsson

*Um æviatriði Hreiðars Jónssonar
sjá Sútur XLIII. árg., 2017, bls. 5.*

Segðu mér fyrst af ætt þinni og uppruna.

Ég heiti Richard Þórólfsson, skírnarnafnið er komið frá langa-langafa mínum sem kom til Íslands í kringum 1800, hann var ekta Breti og fór til sjós kornungur. Hann lenti í sjóhrakningum og rak upp á strendur Danmerkur, var tekinn þar í fóstur af dómara og settur til mennta til þess að læra viðskiptafræði, og var síðan sendur af fyrirtæki þar til Austfjarða til að taka að sér verslunarstörf. Þessi maður hét fullu nafni Richard Long og af honum eru ýmsar ættir komnar. Hann var mikill ferðamaður, átti tvær konur og eignaðist börn með vinnukonunni líka. Hann var ekki mikill fjármálamaður, allt fór úr böndunum hjá honum. Hann dó alveg slyppur og snauður í Árnagerði í Fáskrúðsfirði þar sem langafi minn bjó. Þetta er sem sagt ætt föður míns. Faðir minn, Þórólfur Richardsson, var fæddur 1852 og hefði því orðið á þessu ári 150 ára, ef hann hefði lifað. Þetta er dálítið sérstakt, ég minnst eiginlega ekki föður míns nema eins og afa, hann var orðinn gamall, gráhærður og gráskeggjaður þegar ég man fyrst eftir honum. Hann dó svo hér á Akureyri 1934, eftir að vera búinn að reka búskap á Fljótsdalshéraði í 30-40 ár. Hann fluttist fljótt úr Fáskrúðsfirði eftir að móðir hans dó, þegar hann var sjö ára gamall, upp á Hérað og byrjaði að búa þar, giftist og eignaðist tvö börn, pilt og stúlku, sem móðir mín tók að sér eftir að hann missti fyrri konuna. Þá var hann um fimmtugt en móðir mín um tvítugt, svo að það var svona mikill aldursmunur á þeim. Hún hét Sæbjörg Ísleifsdóttir (1881-1979), hét eftir afa sínum sem hafði heitið Sæbjörn, og var alin upp hjá frænku sinni. Hún fluttist svo fljótlega með föður mínum að bænum Húsey á Fljótsdalshéraði þar sem við bræður tveir, Björn og ég vorum fæddir.¹ Ég er fæddur 9. maí 1919.

¹ Hálf systkini Richards voru Snorri (1885-1920) og Guðný (1889-1979), en alsystkini hans voru Gróa Ingigerður (1902-1926) og Björn (1910-1986), öll Þórólfsbörn.

Þegar ég var fjögurra ára gamall fluttu foreldrar mínir til Borgarfjarðar eystra og þar var ég að mestu alinn upp.

Ég kem til Akureyrar 1930 og fór strax inn í barnaskólann hér og það var fyrsta árið sem Snorri Sigfússon rak Barnaskóla Akureyrar, ég settist í 3. bekk. Þá kunni ég hvorki að lesa né skrifa, því að skólalald á Borgarfirði brást síðasta veturinn sem ég var þar. Skólaganga mín öll var þrír vetur í Barnaskólanum. Efnahagur foreldra minna var ekki betri en það að ég þurfti að byrja að vinna strax, hér á Akureyri. Ég vann við útburð blaða á meðan ég var í Barnaskólanum og póst- og blaðaburð árið á eftir, en þegar ég var á fimmtánda ári byrjaði ég að vinna í skóverksmiðju og hef varla losnað við það síðan. Það var hjá Jakobi Kvaran, en hann var einn af þeim fyrstu hér á landi til að reka skóverksmiðju.² Hann entist ekki nema til 1942, og þá hætti ég að vinna hjá honum og byrjaði að vinna hjá Pálma Ólafssyni sem tók verksmiðjuna á leigu og var hjá honum á annað ár, það var Kraftur. Í millitíðinni prófaði ég að sleppa út úr skóframléiðslunni og fór á sjó. Mig hafði alltaf dreymt un að verða sjómaður og fiskaði síld eitt sumar, en var að drepast úr sjóveiki allan tímann. Ég kom í land sárlassinn eftir blóðeitrun og fleira sem ég fékk á sjónum. Þá fór ég að vinna hjá Bretum og Bandaríkjamönnum við húsabyggingar á Hrafnagili og við flugvöllinn á Melgerðismelum. Þannig prófaði ég þessa tvo þekktu atvinnumöguleika hér, að veiða síld og vera í Bretavinnu, en 1944 var ég fenginn til að starfa á Iðunni.

Eru ekki minnstæðar einhverjar sögur úr Bretavinnunni?

Jú, eitthvað man ég. Það voru um 100 manns sem unnu fyrir Friðjón og annan mann sem ráku byggingafyrirtæki og byggðu fyrir Bretana. Aðstaðan var ómerkileg, en ég man að þarna voru enskar hjúkrunarkonur, eiginlega ófríðustu og gálgalegustu kvenpersónur sem ég hef séð. Seinna komu amerískar stúlkur, mjög smart. En einn dag þegar við vorum þarna á vellinum kom þýsk flugvél fljúgandi yfir, auðvitað bara njósnaflugvél, og í tilefni af flugvélar-komunni vorum við allir drifnir inn í einn bragga, og hefði þetta verið sprengjuflugvél hefði alveg passað að drepa allan mannskapinn

² Í viðtali við Valgarð Stefánsson (sjá eftirmála) sagði Richard að hjá Kvaran hefði hann mest verið við smíði á háhæluðum kvenskóm, og var efnið flutt inn frá Þýskalandi og borgað mest með frímerkjum, því að Kvaran hefði verið einn slyngasti frímerkjakauptaður í Evrópu.

í einu. Og þegar við vorum þarna inni að spjalla saman þá rétti einn Kaninn, því að þá voru Amerikanarnir komnir, mér súkkulaðibita, að ég taldi vera. Ég byrjaði strax að borða hann, en þetta reyndist þá vera munntóbak, plötutóbak, og þetta var hinn mesti óþverri sem ég hef látið upp í mig um mína daga. Ég fór út og kastaði upp og smakkaði ekki mat þann daginn.

Varðst þú var við ástandið á þessum tíma?

Það var nú varla hægt að segja það. En móðir mín hafði tekið kostgangara til að bjarga fjölskyldunni, og að sumrinu til tók hún að sér að þvo þvott af Bretunum. Ég varð að vera milligöngumaður því að ég var aðeins búinn að læra ensku. Þetta voru starfsmenn úr bakaríi sem hún var að þvo af. Þeir komu alltaf með þvottinn og endirinn varð sá að þeim var boðið inn í kaffi og þeir urðu bara heimilsvinir. Þetta voru prúðmenni, engir hermenn en indælismenn, færðu okkur sælgæti og mamma þurfti eiginlega ekkert að hafa fyrir því að baka meira á meðan þeir dvöldu hér, sem var í tvö ár.

Höfðuð þið nokkurt samband við þessa menn eftir stríðið?

Annar þeirra tveggja sem komu mest heim til okkar var Skoti og við fréttum seinna að hann hefði fallið í innrásinni í Evrópu, í Frakklandi. Hinn fór heim og gifti sig og kom aftur og við höfðum svolítið samband við hann seinna. En þó ég hafi verið á ferð í Englandi hef ég aldrei náð sambandi við hann þar, enda var hann búsettur á suðvesturhorni Englands.

Nú er komið 1944 og þú ferð að vinna á Íðunni?

Já, og þar var fyrir verkstjóri sem hafði verið fenginn frá Danmörku, Peder Christien Lihn. Hann talaði nú aðallega dönsku svo að ég varð að læra dönsku þar. Reyndar hafði ég áður unnið með Dönum og Svíum hjá Kvaran og var búinn að æfa mig að lesa dönsku og gat bjargað mér alveg. En þetta varð til þess að Lihn fékk svolítið upphald á mér og það endaði með því að ég var sendur til Danmerku seinna meir þegar kom að því að það þurfti að fara að skipta um framkvæmdastjóra. Lihn var fyrst verkstjóri hjá Þorsteini Davíðssyni, en Lihn var eiginlega ekki ánægður með það og kom því svo til leiðar að hann var ráðinn framkvæmdastjóri fyrir skóverksmiðjunni og réði öllu þar. Þorsteinn var ósköp ásáttur með það. Svoleiðis að þegar seinna þurfti að fara að ráða nýjan fram-

kvæmdastjóra þá stakk Lihn upp á mér til að fara til Danmerkur og læra.

Hvaða ár var það?

Það var árið 1953. Ég fór svo og kynnti mér skóframleiðslu í Danmörku. Þá var Kaupmannahöfn einn aðalframleiðslustaður á skóm í Danmörku, þar voru 100 skóverksmiðjur. Sonur Lihns vann í ágætri verksmiðju þar og kom mér inn í hana. Hann kenndi mér um leið módelgerð, það er að módelera skó. Seinni helming dvalarinnar í Danmörku vann ég svo hjá sambandsskóverksmiðjunni þar sem var úti á Amager.

Þegar þú byrjaðir á Íðunni, var verksmiðjan þá fullbyggð?

Plássíð í skóverksmiðjunni var alltof lítið, það þurfti að fara að breyta því. Sú ráðstöfun var gerð að við leigðum pláss suður í bæ fyrir saumastofuna í kringum 1950. Ég sá um skipulagningu á skóverksmiðjunni, breytingar í þrjú skipti, fyrst þarna. Síðan fengum við aðstoð Vilhjálms Þór sem kom norður og samþykkti að við fengjum bara gömlu Gefjuni, gamla Gefjunarhúsið uppi, og það var náttúrulega miklu meira pláss. Við fluttum skóverksmiðjuna þangað inn og saumastofuna aftur í plássíð sem við höfðum haft ásamt sítuninni að norðanverðu. Með þessu fórum við að ganga inn í verksmiðjuna um sömu dyr og gengið hafði verið um inn í Gefjuni, en áður höfðum við gengið inn um aðrar dyr sem tilheyrðu sítunarverksmiðjunni. Verksmiðjan brann og eyðilagðist að langmestu leyti rétt eftir áramótin 1968-9. Þá var samþykkt að byggja upp nýja skóverksmiðju. Stjórnarmenn frá Sambandinu komu hingað norður, litu á staðreyndir, og mér var falið að fara strax utan og kaupa vélar og byggja upp nýja skóverksmiðju, sem ég samþykkti.

Til þess að fólkið gæti strax haldið áfram að vinna þá dreif ég mig til Danmerkur fyrsta mánuðinn og keypti þar gamla verksmiðju sem hafði verið lokað alveg, keypti þar saumastofuna, því að það var fyrst og fremst hún sem hafði eyðilagst í brunanum, lét setja allt í gám og flytja til Íslands. Eftir mánuðinn var hún komin til landsins og við drifum hana upp, leigðum pláss í saumastofu Gefjunar, sendum þangað sniðara og saumastúlkur og það var byrjað að sauma fyrstu skóna eftir brunann í apríl. Það var á þessum tíma komin upp skóverksmiðja austur á landi sem hét Agila og þeir þar voru búnir að



Séð yfir saumasal. Kristinn Bergsson í baksýn.

lofa því að taka við og framleiða fyrir okkur skó svoleiðis að okkar viðskiptavinir þyrftu ekki að vera skólausir í millitíðinni. En það gekk nú ekki betur en svo að við urðum á undan að framleiða skóna. En þessi skóverksmiðja eystra var reist með hálfgerðu loforði af hendi Sambandsins um að fá aðstoð frá hinum, og fyrsta sníða- og saumafólkið lærði hjá okkur.

Þetta hefur ekki alltaf verið dans á rósum hjá ykkur þarna?

Nei, það voru oft ýmsir erfiðleikar, sérstaklega í byrjun fyrir mig að kynna mér söluaðferðir eða sölumenskuna á skónum. Ég vissi að það hafði lítið verið gert til þess að selja Iðunnarskó, og lagði strax mikla áherslu á það, fór sjálfur með sýnishorn af skóm til Reykjavíkur, því að ég vissi að besta auglýsingin fyrir Iðunnarskó var ef þeir voru komnir út í glugga á búðum í Reykjavík. Gegnum þetta kynntist ég mörgum góðum skókaupmönnum og fékk hjá þeim ýmsar hugmyndir. Ég viðhafði venjulega þá aðferð að ég kynntist þeim persónulega, eins og t.d. Sveini Björnssyni, seinna forseta ÍSÍ. Ég ræddi aldrei við hann um skó fyrst, heldur töluðum við saman um íþróttamál og hann fór venjulega með mig í kaffi og við röbбуðum þar saman. Svo fór hann með mér niður eftir og þá gerði hann ævin-



Indiana Ingólfsdóttir.

lega góða pöntun. Hann hafði mjög mikinn áhuga á kvikmyndatökum og við spjölluðum saman um kvikmyndir og kvikmyndatökur og upp úr því keypti ég mér 8 mm kvikmyndatökuvél og myndaði mikið og hafði gaman af. Fleiri skókaupmenn má nefna. Steinar Waage byrjaði nú smátt að selja skó, ég gaf honum ýmsar góðar hugmyndir um skósölu og hann tók því öllu vel. Hann varð mjög stór viðskiptavinur okkar og ákaflega góður hvað greiðslur varðaði.

Heldur þú að Iðunnarskór hafi yfirleitt verið góð vara?

Við lögðum okkur fram um að framleiða góða skó. Kosturinn við Iðunnarskó var að viðurkennt var að þeir væru sterkir. Til þess að ná til allra viðskiptavina þurftum við að vera með ákaflega fjölbreytta framleiðslu. Framleiðslan hjá okkur var t.d. í númerastærðum alveg frá 18 sem eru hreinir ungbarnaskór og upp í 48 sem eru stærstu karlmannaskór, fyrir utan að framleiða skó á Jóhann stóra sem voru um númer 60. En af þessu fengum við nú ýmsa reynslu og hún þótti nú dálítið sérstök að því leyti til að við staðsettum stór og lítil númer eftir því hvar það var á landinu. Reynsla okkar er að menn sem ganga mikið í fjalllendi fá stutta og breiða fætur, en þeir sem ganga mikið á flatlendi fá langa og flata fætur. Við tókum sérstaklega eftir

Því að Þingeyingar keyptu miklu minni númer en þeir sem bjuggu í Árnæssýslu og Rangárvallasýslu. Stærstu númer sem við framleiddum voru yfirleitt send til Hornafjarðar, þeir pöntuðu náttúrulega stærri númer. En einu sinni gerðum við tilraun til þess að flytja út skó, því að útflutningur frá hinum verksmiðjunum, Gefjuni og Heklu, til Rússlands var töluvert mikill. Þeir vildu endilega að við gerðum tilraun til að selja Rússum skó líka. Við gerðum það, sendum þeim sýnishorn, og Rússarnir vildu helst fá rauðbrúna skó og við lentum í erfiðleikum með að framleiða nógu lítil númer handa þeim. Yfirleitt voru meðalnúmer af íslenskum karlmannaskóm 42 til 43, en Rússarnir voru aðallega í nr. 40 og 41. Þetta þótti okkur dálítið sérstakt. Og við áttum í erfiðleikum með að fá rauðbrúnt skinn handa þeim. En 2000 pör sendum við þeim og síðan aldrei meir.³

Heyrst hefur að íslenska sauðskinnið væri ekki heppilegt til skógerðar. Hvað er til í því?

Íslenskt sauðskinn notuðum við ekki teljandi til skógerðar, en aðallega nautgripahúðir og hrosshúðir. Við fluttum inn svolítið af geitaskinni, í fína karlmannaskó og kvenskó, annars notuðum við 95-96% íslenskt leður fram að því að skóverksmiðjan brann, allt sútað á Íðunni. Þetta þýddi að við þurftum að liggja með miklu minni lager af leðri heldur en seinna meir. Bruninn skaðaði okkur aðallega að því leyti að við fengum ekki sútað leður áfram hér á Íslandi, eftir það þurftum við að flytja inn allt okkar leður.

Þurftuð þið að keppa við innflutta skó?

Ja, fyrstu árin sem ég sá um skóverksmiðjuna var 70-80% tollur á öllum innfluttum skóm. Það var ekkert flutt inn af skóm á stríðsárunum. En eftir stríðið var byrjað að flytja inn svolítið af skóm frá Spáni og Tékkóslóvakíu. Tékkneskir skór reyndust yfirleitt nokkuð góðir, svona vissar tegundir og voru heldur ódýrari en innlendir skór, þó að á meðan tollarnir voru á gætum við keppt við þá. En spænsku skórnir reyndust illa. Til dæmis gerði Sambandið tilraun til að flytja inn skó frá Spáni í samkeppni við okkur og við vorum svo heppnir að þeir mislukkuðust allir, þetta voru kvenskór, hælarnir

³ Í viðtali við Valgarð Stefánsson (sjá eftirmála) sagði Richard að í Íðunni hefðu þegar mest var starfað rúmlega 100 manns, en þegar líka voru kvöldvaktir komst fjöldinn í um 120 manns, kynjaskipting var nokkuð jöfn, konurnar saumuðu allt en karlarnir settu sólana undir.



Sólveig Sigurðardóttir.

duttu allir undan og skórnir voru sendir til Iðunnar til að festa hælana undir aftur. Sambandið gerði eftir það lengi vel enga tilraun til að flytja inn skó. Annars reyndust Iðunnarskórnar nokkuð vel, þeir þóttu aldrei neitt sérstaklega fínir, en entust vel, voru sterkir. Við framleiddum t.d. mikið af kuldaskóm úr íslensku vatnsleðri, það voru alveg fyrirtaks skór. Við notuðum það líka í skíðaskó, skautaskó og knattspyrnuskó sem við framleiddum, og urðum að elta uppi allar tegundir sem seldust yfirleitt, sem markaður var fyrir, til þess að fá í töluna. Við framleiddum mikið af barnaskóm, sérstaklega fyrir jól, úr lakkleðri og þeir líkuðu ljómandi vel. Á árunum 1959-61 framleiddum við hátt í 100.000 pör yfir árið. Það þýddi þar af Iðunnarskóm á annan hvern Íslending. Það er talið samkvæmt erlendum rannsókn-um að það þurfi um tvö og hálf til þrjú pör af skóm á mann á ári, þar sem úrval er nægt, þar með talið allt skótau.

En olli inngangan inn í efnahagssvæðið ykkur erfíðleikum?

Já. Fyrir 1970 vorum við varaðir við því að nú þyrfti að fara að lækka tolla á innfluttu skótau og við mættum búast við harðari samkeppni. Það þýddi að í nágrennalöndum okkar fóru menn að gera sérstakar ráðstafanir. Í Danmörku, Svíþjóð og Noregi dróst



Saumasalur 1978.

framleiðsla mikið saman, en í Englandi þar sem voru tíu skóverksmiðjur bara á vegum samvinnumanna, þar var reynt að berjast áfram eins lengi og hægt var. Samvinnumenn í þessum löndum ásamt í Sviss og Frakklandi voru búnir að halda fundi um að reyna að skipta framleiðslunni niður, einn framleiddi þessa tegund og annar hina, en það gekk ekki. Endirinn varð sá að Englendingar með sínar tíu verksmiðjur sögðu: „Við skulum bara framleiða alla skó fyrir ykkur.“ Og þar með var þessari samvinnu slitið, því að allir vildu nú hanga í þessari framleiðslu eins lengi og þeir gátu. Staðreyndin var sú að ég held að Íslendingar hafi haldið best út með sína verksmiðju.

Hvenær hætti Íðunn svo alveg?

Skóverksmiðjan var seld um það leyti sem Sambandið flosnaði upp. Það var í kring um 1990. Þá varð ég að sjálfsgöðu að hætta. Skóverksmiðjan var seld til einkaaðila 1988 eða 1989. Það var Haukur Ármannsson, sem stóð fyrir hlutafélagi sem keypti skóverksmiðjuna, og félagið fékk hana mjög ódýrt. Ég vann hjá þessum einkaaðilum til að hjálpa þeim af stað því að þeir lofuðu að taka allt starfsfólkið í vinnu, og það þótti mér svo vænt um að ég lagði allt á mig sem



Svanborg Sveinsdóttir, Svanfríður Guðlaugsdóttir, Ebba Eggertsdóttir, Dúa Stefánsdóttir.

ég gat til þess að þetta gæti gengið, en þeir gátu ekki keyrt skóverk-smiðjuna áfram.

Mér dettur í hug hvort þú viljir ekki segja frá samstarfsmönnum þínum?

Það voru margir góðir menn sem ég var búinn að vinna með öll þessi ár og reyndust mér ákaflega vel. Þar er fyrst að nefna Pétur Jónsson sem kallaður var skóari og hans fólk, Bogi og Stefán, afbragðsmenn, harðduglegir að vinna og áhugasamir og alltaf hægt að grípa til þeirra ef á þurfti að halda. Pétur var lærður skósmiður frá Eskifirði, rak þar skósmíðavinnustofu og flutti hingað með mörg börn sem þurftu að fá vinnu og allt það fólk reyndist vel og þetta voru góðir félagar mínir. Stefán Sigurðsson sníðari var líka kunningi minn úr Innbænum og tók við stjórn á sníðadeildinni hjá okkur. Kristinn Bergsson er giftur danskri konu eins og ég, en þær voru miklir félagar, hann var alveg sérstakur maður, duglegur og hafði áhuga fyrir þessu. Við fengum hann til þess að læra sérstaklega módelgerð og verkstjórn og tímatöku og annað slíkt og sendum hann í skóla til Svíþjóðar þar sem hann tók ágætispróf. Ég þekkti

þennan skóla svolítið því að ég var búinn að vinna eða vera þar í nokkra mánuði á meðan ég var að kynna mér skóliðnaðinn, og hann kom til starfa aftur tvíefldur frá því námi.

Svo var þessi Libn sem þú nefndir áðan?

Já, Kristien Lihn, hann tók mér strax mjög vel þegar ég kom í skóverksmiðjuna og við urðum mjög góðir félagar og vinir alla tíð á eftir. Hann og sonur hans, Ove, urðu mínir bestu vinir. Við Ove ferðuðumst saman á ferðum mínum til Þýskalands því að ég þurfti nú að þvælast um, sækja sýningar og ráðstefnur. Ég þurfti að bjarga mér þó að ég hefði ekki mikla kunnáttu í málum. Samt var ég búinn að sækja nokkur námskeið, bæði í þýsku, frönsku og ensku, því að það þýddi ekkert annað, ég var oftast einn á ferð og varð að geta bjargað mér í tungumálunum. Ég naut þar sérstaklega þýskra hjóna sem að hétu Spitta, hann var sútari hjá Þorsteini, þau buðu mér heim og fengu mig til að kenna sér íslensku, þau vildu endilega læra íslensku, Spitta-hjónin. Okkur kom saman um að hittast einu sinni í viku, þau kenndu mér þýsku og aðra vikuna kenndi ég þeim íslensku. En eftir mánuðinn sögðu þau: „Við höldum að við getum ekki lært að tala íslensku, við skulum bara tala þýskuna.“ Ég var fljótur að samþykkja það og fékk þarna undirstöðu, en líka í tímum sem ég gekk í hjá Gerhart Meyer sem kenndi þýsku á vegum Þýsk-íslenska félagsins. Þannig fékk ég nokkra undirstöðu svo að ég gat bjargað mér í þýsku, lítið að skrifa en gat bjargað mér að tala. Þegar ég var í Þýskalandi var ég vanur að spyrja hvort menn vildu heldur að ég talaði lélega þýsku eða miklu skárri ensku, og þeir sögðu ævinlega að við skyldum halda okkur við þýskuna.

Geturðu lýst þessum mönnum, Spitta og Libn?

Bernhard Spitta (1900-1957) var gamall sútari frá Þýskalandi, átti þar stóra verksmiðju, hafði lent í erfiðleikum með Rússa og var rekinn í burtu þegar hann var búinn að byggja upp sútunarverksmiðjuna. Hann var mjög traustur maður og góður sútari. Sonur hans tók svo við sútuninni þegar Spitta féll frá og sá um sútun fyrir Þorstein Davíðsson fyrstu árin á eftir, en síðan flutti hann til Þýskalands og hefur unnið við sútun þar. En Lihn var gamall handskósmiður frá Danmörku og lagði mikið upp úr mjög vönduðu verki. Hann var fyrst og fremst skósmiður og drífandi í að framleiða og vildi fram-



Bogi Pétursson.

leiða mikið og jók framleiðsluna. En það þurfti líka að selja og þá var ekki búið að byggja sölustarfsemina hjá Sambandinu nógu vel upp, eins og seinna var gert. Báðir voru öndvegismenn og mínir bestu vinir.

Síðan hefur þú kynnst Þorsteini Davíðssyni?

Já, ég kynntist Þorsteini mjög vel. Hann var alveg sannur samvinnumaður og áhugamaður um að láta fyrirtækið ganga, mátti segja kannski einn af gamla skólanum, og orðatiltæki hjá honum var ef maður kvartaði eitthvað: „Já, er það ekki bara nógu gott?“ En það fannst mér ekki alltaf, og sagði það við hann, þetta mætti nú vera betra.

En viltu svo ekki segja mér frá þínu tómstundastarfi, sem er víst töluvert?

Jú. Það byrjaði með nýliðaprófi hjá Jóni Norðfjörð inni í gamla Samkomuhúsi, hann var á skrifstofunum þar, hann var flinkasti vélritari á Akureyri þá og hraðritari og skátaforingi og hafði staðið að byggingu á íþróttaskála fyrir skátafélagið Fálka. Með honum í þessu var Júlíus Jónsson seinna bankastjóri. Þetta gerðist þannig að þeir völdu staðinn, gengu upp á fjall, fundu sléttan flöt, hérna verður skálinn, þetta var þrettánda dag mánaðar og þeir voru 13 saman og allt var miðað við töluna. „Og hérna skal Fálkafell byggja,“ sögðu þeir. Og Jón, pabbi Júlíusar var byggingameistari, teiknaði skálann og lét byggja hann að mestu leyti. Þessi skáli varð athvarf mitt og féлага minna í mörg ár.

Hvaða ár var þetta?

Þetta var 1932, þannig að skálinn verður sjötugur á þessu ári. Það verður að halda upp á það. Og síðan var byggt við þennan skála endalaust og ég var búinn að standa í því ásamt félögum mínum að byggja, fyrst norðan við, svo ris á hann og svo lengja hann og síðast byggðum við forstofu austan við, og það eru nú bara ein tíu ár síðan. Og alltaf er þetta vinsælasti staður skáta.

Þú hefur haft mikið yndi af því að vera þarna?

Alveg hreint, með félögum mínum, það voru Dúi og Siggí Guðlaugs og Kiddi Hall, þetta voru nú aðalfélagarnir. Við vorum þarna hverja einustu helgi, eiginlega bæði sumar og vetur, og um flestar helgar var gengið á Súlu. Við gerðum tilraun til að ganga á Kerlingu þaðan en það lukkaðist nú ekki, endaði með slysförum. En skálinn er alltaf jafnvinsæll enn þann dag í dag. Dúi Björnsson fyrrverandi kirkjugarðsvörður var sérstakur maður. Hann stóð að stofnun Hjálparseitar skáta. Hann stóð líka að stofnun St. Georgs-gildis skáta hér fyrir norðan og var fyrsti formaður þess, og var alls staðar liðtækur þar sem hann kom nærri skátastarfi. Hann var bæði hugmyndaríkur og góður félagi, þó að hann hefði sína galla líka sem við minnumst ekkert á. Mér þótti mjög vænt um Dúa.

Ég man að ég var ungur þegar Haukur Helgason fórst, það var mikið áfall.

Haukur Helgason var afbragðsmaður. Hann kom hingað, búinn að vera í skátastarfi fyrir sunnan og féll beint inn í skátastarfið hér, tók við stjórn Skátafélags Akureyrar svona 1938-9, það var þá eigin-

lega nýstofnað. Það höfðu verið sameinuð fjögur skátafélög hér, það var Skátafélagið Fálkar, það var Skátafélagið Drengir, það var skátafélag Gunnars Guðlaugssonar og skátafélag Barnaskólans. Þetta var allt sameinað í eitt félag og menn vildu nú gjarna fá einhvern samnefnara fyrir félagsforingja, og fyrsta árið var séra Friðrik Rafnar fenginn til að vera félagsforingi til málamynda. En svo tók Haukur við og hann reyndist náttúrulega alltaf traustur og góður félagi.⁴ En 1940 kemur Tryggvi Þorsteinsson hingað í bæinn og tekur strax við Skátafélaginu og drífur það upp af myndarskap eins og honum var lagið.

Þið voruð miklir vinir, þú og Tryggvi?

Já, við vorum samstarfsmenn og miklir vinir og áhugamenn um skátamál. Hann tók þessa eldri skáta og stofnaði sérstaka sveit með þeim, þessa Fálkafellsmenn, og það varð uppistaðan í öflugum skáta-
starfi hér í bænum.


Stóð einhver styr um Tryggva, fannst þér það, á meðan hann var hér?

Ég fann aldrei fyrir því að stæði styr um Tryggva, enda þekkti ég hann það vel, að þó að ég hefði kannski heyrt eitthvað utan að mér, þá skildi ég alveg að það var enginn fótur fyrir því. Það var alveg ástæðulaust. Hann var góður maður í verunni þó að stundum væri yfirborðið svolítið hrjúft, þá var það undir niðri milt.

Það er einn í viðbót, Gunnar Guðlaugsson, sem þú hlýtur að hafa kynnst?

Gunnari kynntist ég aldrei teljandi. Hann var ákaflega mikill skáti, einn af þeim fáu íslensku skátum sem hafði beint samband við Baden Powell í London og við enskan prins, skrifaðist á við þá og fékk miklar upplýsingar beint frá Bretlandi. Hann var með mikinn innflutning þaðan, byggingarefni, og hafði alveg sérstakt lag á unglingum. Ég kynntist honum eiginlega best í gegnum Tryggva Þorsteinsson, sem var skáti hjá Gunnari, og haldi honum á hvert reipi og tók hann sér oft til fyrirmyndar. En Gunnar var ekki fyrsti skátaforingi hér á Akureyri, það var aftur Öfjörð, danskur skreðarameistari sem kom hingað og stofnaði fyrsta skátafélagið á Akureyri 1917. Hann var giftur íslenskri konu, Jósefinu Melsteð, systur Eggerts

⁴ Magnús Haukur Helgason hét svo fullu nafni, f. 1914, rafvirki og verkstjóri hjá Rafveitu Akureyrar, hann drukknaði í Glerá, við virkjunina, 10. mars 1945.



Richard Þórólfsson.

Melsteð. Hann flutti til Danmerkur fyrir 1920 ásamt sinni konu, og þar heimsótti ég þau og kynntist því að börn hans voru öll í skáta-
starfi.

En svo varst þú félagi í Knattspyrnufélagi Akureyrar og fótboltakappi?

Já, mín upphaldsíþrótt var knattspyrnan, fyrir utan fjallgöngur með góðum félögum, skátunum. Ég æfði eiginlega mikið knattspyrnu, ég tala nú ekki um á stríðsárunum, þá vorum við með leiki við Bretana oft í viku, þeir pöntuðu okkur KA-stráka til að spila við sig og við sáum mjög góða knattspyrnumenn meðal Englendinga þar. Þar voru menn frá Manchester United, Liverpool og Leeds. Við sáum leiki þar sem báru alveg af, og maður gat í raun og veru lært mikið af því að horfa bara á þessa menn. Þeir bjuggu í kömpunum sem svo voru kallaðir hér í kring, og pöntuðu okkur KA-stráka til að spila við sig svona tvisvar-þrisvar í viku, svo að það vantaði ekki æfingar.

Við í KA vorum venjulega Norðurlandsmeistarar, en það urðu þeir sem unnu Þór og Siglfirðinga venjulega og Grenvíkinga. Þessir tóku þátt í Norðurlandsmóti. Nokkrum sinnum fórum við til Húsa-
víkur og kepptum við Húsvíkinga en það var ekki einu sinni valið

besta liðið til að keppa við þá. Ég hef verið alveg í 20 ár í fótboltanum, byrjaði strax bara ellefu ára.

Eru einhverjir minnisstæðir úr liði andskotanna, úr Þór?

Já, þar voru góðir félagar mínir. Nefna má Jóa Hafliða, Hannes í Holti, Tryggva póst og svo markmanninn, Baldur. Dúlli Magg var alveg frábær knattspyrnumaður, hann var séné. En KA-liðið byggðist bara upp á Helga Schiöth, allt var í kringum hann, hann stjórnaði alveg liðinu, ef við höfðum ekki Helga, þá var liðið eins og vængbrotið. Helgi var mjög góður og skemmtilegur félagi, alltaf tilbúinn að jafna hlutina þó að Palli æsti sig upp, Páll Emilsson, og Tóti væri kannski ekki alveg upplagður. En þetta voru góðir strákar, Fiddi og Addi í markinu, Sveinn Kristjánsson seinna.

Viltu áður en lýkur segja mér frá fjölskyldunni. Hver er konan þín?

Konan mín er Aldís Lárusdóttir (Allý), hún kom hingað sem skósaumakona í verksmiðjuna⁵ og ég varð náttúrulega strax ástfanginn af henni og hef verið það síðan, alveg afbragðskona. Við eignuðumst tvær dætur og hættum með það, því að hún átti fjögur systkini, öll gift, og hún var yngst af sínum systkinum eins og ég af mínum, og systkini hennar áttu öll börn en bara stelpur, og þegar komnar voru tvær stelpur hjá okkur þá gáfumst við hreinlega upp. Ég kom henni strax inn í skátastarf og hún braust til formennsku í gildinu hjá okkur þegar enginn vildi taka við því af Stefáni Árnasyni og helst mátti ekki tala um að konur gerðust gildismeistarar, en gildi er hluti af elstu skátum. Stelpurnar okkar fóru svo báðar í skátastarf og höfðu áreiðanlega mjög gott af því.

Ertu þá orðinn afi fyrir löngu síðan?

Ekki fyrir svo mjög löngu, sá elsti er fermdur í vor. Ég gifti mig svo seint, alltof seint, ég var alltaf að bíða, hún kom seint. Konan er ellefu árum yngri en ég.

En svo síðustu árin höfum við fundið upp á því eða ég að ég hef það áhugamál að ferðast um Ísland og tek myndir af kirkjum. Þetta er gott viðfangsefni því að maður kynnist landinu svo vel með því að ferðast út í hvern krók og kima þar sem kirkjur eru, það eru nú bara

⁵ Í viðtalinu við Valgarð Stefánsson (sjá eftirmála) segir Richard að hann hafi flutt konu sína inn ásamt nokkuð mörgum öðrum dönskum stúlkum sem voru lærðar í að sauma skó, þeim hafi verið boðið að koma í eitt ár og farið fyrir þær fram og til baka borgað.

330 kirkjur á landinu. Það fer nú að verða komið svona hátt í 200 kirkjur sem ég á myndir af, og ég legg mikið upp úr því að taka myndirnar sjálfur og helst inni í kirkjunum líka. Við erum búin að fara út í 4-5 eyjar í kringum landið til þess bara að taka myndir af kirkjunum, Flatey og Grímsey, Papey, Hrísey og Flatey á Breiðafirði. Þetta kostar mikil ferðalög, við fórum eina ferð um Vestfirði núna í sumar og ég tók myndir af 36 kirkjum. Ég er kominn með fjögur albúm með góðum myndum af kirkjum. Þetta er skemmtilegt áhugamál, og ég er mjög ánægður með það að konan tekur þátt í þessu alveg hreint af sama áhuga eins og ég. Félagar mínir hérna í götunni sem við ferðumst stundum með, eiga til að benda og segja: „Við eigum eftir að taka myndir af þessum kirkjum þarna.“

Pakka þér kærlega fyrir spjallið, Richard, og ég vona að þú eigir eftir hamingjusöm ár ennþá.

Pakka þér fyrir komuna.

Eftirmáli ritstjóra


Þetta viðtal var tekið upp árið 2002 á myndband, og Hreiðar Jónsson hefur góðfúslega veitt leyfi til þessarar birtingar. Ritstjóri Súlna skrifði viðtalið upp eftir myndbandinu. Dætur Richards fengu viðtalið til yfirlestrar en gerðu ekki athugasemdir við það. Í Iðnaðarsafninu er einnig að finna annað viðtal við Richard sem Valgarður Stefánsson tók árið 2008, en það er mun styttra. Vísað er til atriða úr því hér á þremur stöðum, neðanmáls.

Richard og Allý eignuðust dæturnar Önnu, f. 1959, búsetta á Akureyri, og Sæbjörgu, f. 1962, búsetta í Reykjavík, báðar giftust þær og eiga börn. Richard Þórólfsson andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 24. desember 2013.

GUNNAR FRÍMANNSSON

Um fósturbörn og ómaga í Skriðuhreppi og Saurbæjarhreppi á árunum 1850 til 1880

*Gunnar Frímansson er fæddur 1945.
Um æviatriði hans sjá annars
Súlu, XL. árg., 2014, bls. 36.*



Inngangur

Öll höfum við fordóma vegna þess að fordómar byggjast á vanþekkingu og það er ekki hægt að vita allt. Algengustu og hættulegustu fordómar okkar nútímafélks eru um fólk sem er öðruvísi en fólk er flest eða fólkið sem við þekkjum best. Þetta eru fordómar gagnvart innflytjendum, múslimum, samkynhneigðum, öryrkjum og öðrum minnihlutahópum í samfélagi okkar. Besta leiðin til að losna við fordóma er að afla sér vitneskju um þá sem við fordæmum. Sjálfur hef ég vitað um fordóma mína gagnvart niðursetningum eða sveitarómögum fyrri tíma þó að ég kannist ekki við að hafa nokkurn tíma fundið fyrir andúð á þeim. Afi minn í móðurætt og amma í föðurætt voru sveitarómagar, ég kynntist báðum og þótti vænt um þau. Ég hef hinsvegar gert mér þá mynd af sveitarómögum að þeir hafi verið börn af fátækum heimilum sem urðu gjaldþrota. Til að bjarga lífi þeirra voru börnin boðin upp – eða niður eins og sumir segja – á árlegum fundum bænda í sveitarfélaginu – hreppaskil voru þeir fundir

kallaðir í minni sveit. Sá bóndi fékk barnið inn á heimili sitt sem bauðst til að taka það að sér fyrir lægsta gjaldið. Fyrir vikið gátu börnin átt von á að vera hjá einum bónda þetta árið en öðrum það næsta, allt eftir því hvernig stóð á hjá hverjum bónda. Meðferðin á niðursetningunum var ill, börnin fengu lakari aðbúnað en önnur börn og heimilisfólkið sýndi þeim almennt litla alúð, þau voru snemma látin þræla, þau fengu síður kennslu en önnur börn og þau áttu litla framtíð fyrir sér. Þau voru baggar á samfélaginu. „Allir voru mér góðir, einkanlega hundarnir,“ er titill á ritgerð Gísla Ágústs Gunnlaugssonar sem lýsir betur en mörg orð viðhorfi fólks til niðursetninga fyrri tíma.¹ En var virkilega farið svona með börn?

Ég get gefið skýringu á fordómum mínum varðandi niðursetninga. Árið 1887 fluttist Haraldur Sigurðsson, langömmubróðir minn, vestan úr Skagafirði í Kræklingahlíðina þar sem hann bjó með Helgu konu sinni á Blómsturvöllum, Þinghóli og Sólborgarhóli áður en hann „fór á sveitina“ og var sendur heim í fæðingarsveit sína, Saurbæjarhrepp. Þar voru sum börn þeirra alin upp á sveitarframfæri. Ingibjörg dóttir þeirra (f. 1883) var í Melgerði í þrjú ár og síðan í Torfufelli í sjö ár eða fram að fermingu og loks í Samkomugerði áður en hún flutti til Akureyrar. Hrepps bókin segir að 35 krónur hafi verið boðnar fyrir að hafa Gunnlaug Haraldsson (f. 1884) á Jórunnarstöðum og árið eftir voru boðnar 19 kr. fyrir að hafa hann á Skáldstöðum. Engu að síður var hann fósturaður hjá Hólmsfríði föðursystur sinni í Þormódsstaðaseli í a.m.k. sex ár en þau Kristján bóndi hennar hafa þá orðið að ganga inn í tilboð bændanna á þessum bæjum til að fá að hafa hann. Egill Hólm Haraldsson (f. 1886) fór fyrst til barnlausra hjóna í Hólakoti og hjá þeim var hann næstu árin og síðan á Vatnsenda fjögur ár. Eftir það hraktist hann milli bæja eftir því hver bauð minnst fyrir að hafa hann. Eggert í Samkomugerði bauðst til að taka hann fyrir 40 kr. og árið eftir bauðst Þórður á Tjörnum til að taka hann með 15 kr. meðlagi en Sigurður í Gerði bauð 10 kr. Engu að síður fór Egill í Hólakot en ekki Samkomugerði og að Gilsbakka árið eftir, þaðan að Miklagarði, þá í

¹ Gísli Ágúst Gunnlaugsson: „*Everyone's Been Good To Me, Especially the Dogs*“. Foster-Children and Young Paupers in Nineteenth-Century Southern Iceland. *Journal of Social History* 27 (Winter 1993).

Miðhús árið eftir og loks að Möðrufelli en þar var hann á árunum 1901-1907, kominn yfir fermingu. Yngri börn Haralds ólust upp hjá foreldrum sínum sem voru í húsmennsku hér og þar áður en öll fjölskyldan flutti til Kanada. Vitneskja mín um þennan þvæling á elstu börnunum í Saurbæjarhreppi kom inn hjá mér þeirri hugmynd að meiri þvælingur hefði verið á niðursetningum í Saurbæjarhreppi en í heimabyggð minni. Þess vegna datt mér í hug að skoða meðferð á niðursetningum í Glæsibæjarhreppi en komst að því að verulegar glöppur voru í hreppsþækur þaðan en hinsvegar voru hreppsþækur Skriðuhrepps heillegri. Þess vegna var Skriðuhreppur skoðaður fyrst.

Í eftirfarandi pistli er gerð grein fyrir lauslegri könnun á meðferð þurfalinga í Skriðuhreppi hinum forna, sem svo er stundum nefndur, en þá er átt við Öxnadalinn og Hörgárdal, vestan Hörgár úr dalbotni niður að Litla Dunhaga. Skriðuhreppi var skipt í tvennt árið 1910, í Skriðuhrepp og Öxnadalshrepp. Skriðuhreppurinn gamli var býsna víðfeðmt sveitarfélag sem hreppsnefndin þurfti að sinna. Hún þurfti að þekkja til þarfa sveitunganna og getu þeirra til að leggja af mörkum því að bæði var hlutverk hreppsnefndar að ákveða útsvar og önnur gjöld í sveitarsjóð en einnig að hlaupa undir bagga með þeim sem gátu ekki séð um sig sjálfir eða forráðamönnum þeirra ef einhverjir voru.

Frá alda öðli hafði á Íslandi gilt löggjöf um framfærsluskyldu þar sem öllum var skylt að sjá fyrir föður sínum, móður og börnum. Árið 1834 setti Danakóngur „Reglugerð fyrir fátækra málefna lögum og stjórn á Íslandi“ sem gildi fram yfir næstu aldamót. Samkvæmt henni var það hlutverk hreppanna að annast framfærslu þurfafólks og þá færðist framfærsluskyldan af ættmönnum meira yfir á sveitarfélagið. Hreppstjórinn hafði yfirumsjón með framfærslunni en sóknarpresturinn var í ráðgjafa- og eftirlitshlutverki. Framfærsla fátækra varð meginverkefni hreppanna sem bar skylda til að halda lífi í fólki sem hafði átt heima í hreppnum í fimm ár eftir 16 ára aldur – var breytt í tíu ár 1847 – en hreppnum sem fæðingarsveit bar líka skylda til að annast framfærslu fólks í öðrum sveitarfélögum ef viðkomandi hafði ekki búíð þar full fimm ár (síðar tíu). Við það að þiggja sveitarstýrk

misstu þurfamenn hinsvegar ýmis borgaraleg réttindi en þau eru ekki til umfjöllunar hér.²

Tímabilið sem valið er til skoðunar eru árin 1850 til 1880. Valið réðst að nokkru af aðgengileika gagna en eftir 1880 hætti hreppstjórinn í Skriðuhreppi að gera skýrslu um niðursetninga sem fram að þeim tíma hafði verið hinn fróðlegasti lestur. Varla hefur hann þó hætt því af persónuverndarástæðum en líklega þætti okkur nú á dögum ekki við hæfi að láta sjást eða heyrast á almannaþæri umsagnir um þiggjendur úr sveitarsjóði á borð við „brjáluð, heilsulítill, mjög óþæg“, „þessi ómagi er fáfróð mjög, smá vexti, ólagin við vinnu og löt, því mjög verkasmá“ eða „sæmilega heilsugóður, sjóndaufur, nokkuð óþægur og bágt að kenna honum“. Þá sáust líka í skýrslum hreppstjórans einkunnir á borð við „latur, vankunnandi og ónotalegur aumingi, hér sveitlægur, á engan aðstoðarmann, honum varð með harðheitum komið niður“.

Heppilegt hefði verið að geta skoðað líka árin fram að aldamótum því að mikið harðæri var í landinu á árunum eftir 1880 á jafnköldustu árum Íslandssögunnar. Veðurfar hafði að sjálfsgöðu mikil áhrif á afkomu fólks sem lifði af landbúnaði og mörg dæmi eru um fjölskyldur sem urðu gjaldþrota á síðustu áratugum nítjándu aldar og voru sendar með hreppaflutningi á heimasveit sína ef fjölskyldu-faðirinn var ekki búinn að eiga nógu lengi heima í hreppnum.

Það er ljóst, þegar skoðuð eru útgjöld Skriðuhrepps á þessum tíma, að mörg heimili börðust þar í bökkum.

Inni í þessum tölum um útgjöld hreppsins vegna þurfafólks eru daufundumbragjald og styrkur til að senda daufundan dreng í heyrnleysingjaskóla til Kaupmannahafnar. Í tölunum eru líka gjöld fyrir hreppaflutninga sem teljast í sjálfu sér ekki til framlaga til fátækra heldur til kostnaðar við að senda frá sér fátæklinga til heimasveitar.

Það er nærtækt fyrir okkur á tuttugustu og fyrstu öldinni að undrast hvers vegna börn voru tekin af heimilum sínum til að koma þeim niður hjá vandalausum fólki. Hvers vegna voru fátækar fjölskyldur ekki styrktar til að annast börn sín sjálfar? Því er til að svara að það var

² Hulda Sigurdís Þráinsdóttir: *Líf til fárra fiska metið. Fátækt fólk og fátækraframsfersla á Austurlandi 1850-1910*. Ritgerð til BA-prófs, maí 2011. Sjá einnig Stefán Ólafsson: *Íslenska leiðin. Almennatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Háskólaútgáfan 1999.

Tafla 1: Skipting útgjalda Skriðubrepps á árunum 1850 til 1880 í ríkisdöllum

	Ár						
	1850	1855	1860	1865	1870	1875	1880
Meðlög, styrkir og kostnaður vegna þurfafólks	274	304	515	591	637	705	891
Önnur útgjöld hreppsins	5	34	47	45	43	87	140
Útgjöld samtals	278	338	563	635	680	792	1031
Hlutfall kostnaðar vegna þurfafólks (%)	98,3	89,8	91,6	92,9	93,7	89,0	86,4
Lán fyrir matþjörg og öðrum nauðsynjum		16	112	82	161	167	70

reyndar gert að vissu marki eins og tafla 1 ber með sér. Í reikningum Skriðuhrepps er gerð grein fyrir lánveitingum til einstaklinga fyrir kaupum á mat, tóbaki og öðrum lífsnauðsynjum til að ekki þyrfti að leysa heimilin upp og alltaf er tilgreint hversu há upphæð er úti-standandi í lánum til þurfamanna. Árið 1850 er að því leyti undan-tekning að þar er aðeins tilgreint hvað hver og einn skuldar en ekki hversu mikið lánað er til hvers og eins þetta ár. Ég hef ekki lagt í þá vinnu að kanna hversu vel lánin endurheimtust í sveitarsjóðinn, en eflaust hefur mörgum ekki enst aldur eða geta til að endurgreiða lán frá hreppnum sínum. Hér þykir ekki rétt að telja þessi lán til kostnaðar hreppsins vegna fátækraframfærslu af því að alltaf hafa verið einhver brögð að því að lánþegar hafi getað greitt lánin til baka. Önnur útgjöld hreppsins vegna fátækra voru ekki endurkræf.

Nú atla ég ekki að réttlæta þá framfærsluáðferð hreppanna að taka börn frá foreldrum og koma þeim fyrir hjá öðrum en það má alveg benda á að þetta var ekki alltaf einfalt mál. Margar ástæður gátu verið til að heimili voru ekki lífvænleg, t.d. vegna veikinda eða fráfalls foreldra. Svo áttu hjón ekki alltaf eigið heimili. Hjónin Guðrún Jóhannsdóttir (1828-1893) og Sigurgeir Ólafsson (1830-1905) voru vinnuhjú hvort á sínum bænum árið 1865, hún í Staðartungu, þar sem hún veiktist og þáði sjálf af sveit í þrjú ár, en hann á Þúfnavöllum og síðan Saurbæ þar sem hann hafði Jakob (1859-1926) son þeirra hjá sér. Hinum börnunum, Jóhanni Pétri (1857-1935), Solveigu Jóhönnu (1863-1928) og Stefáni (1864-1954) var komið niður

á bæjum, Jóhanni í Flögu, Stefáni á Hálsi og síðan Fagranesi en Solveigu Jóhönnu á Hallfríðarstöðum og Hallfríðarstaðakoti en bæði Stefán og Solveig Jóhanna voru lengi í fóstri. Guðrún og Sigurgeir náðu sér þó fljótlega á strik og fóru að búa á Efri-Vindheimum og gátu um síðir tekið börnin aftur til sín. En hér má spyrja sig hvaða úrræði hreppurinn hefði getað fundið á þessum tíma til að halda þessari fjölskyldu sameinaðri og hvað það hefði kostað útsvarsgreiðendurna.

Rannsóknaraðferð

Rannsóknin, sem þessi greinargerð byggist á, var gerð með tvennum hætti. Annarsvegar var talning og flokkun á íbúum Skriðuhrepps eftir manntölum 1850, 1860, 1880 og 1890 og úr sóknarmannatali 1870 sem á að gefa hugmynd um íbúa Skriðuhrepps á þessum tíma. Manntal fyrir árið 1870 er glatað og sá hængur er á sóknarmannatali þess árs að upplýsingar vantar um fjóra bæi í Möðruvallaklaustursókn. Í stað þeirra voru sóttar upplýsingar í næsta fánlega sóknarmannatal á eftir, þ.e. fyrir árið 1873, en það skekkir varla niðurstöður verulega. Um þessar upplýsingar er fjallað í næsta kafla um íbúa Skriðuhrepps 1850 til 1890.

Hinsvegar var gerð skrá yfir öll börn í hreppnum undir fimmtán ára aldri á árunum 1850 til 1880 sem töldust ekki börn heimilisfólks heldur voru titluð fósturbörn, tökubörn, niðursetningar, smalar, léttadrengir eða léttastúlkur í sóknarmannatali eða manntali. Einnig voru skráðir fullorðnir einstaklingar sem voru á sveitarframfæri, annaðhvort vegna örorku eða elli. Manntal og sóknarmannatal greindu ekki alla sem voru á sveitarframfæri en þar koma hreppsþækurnar til skjalanna sem heimildir, en á þessu tímabili gerði hreppstjóri glögga grein fyrir hverjum og einum sem þáði sveitarstyrk.

Rétt er að greina strax frá vafaatriðum í þessari skráningu og flokkun.

Börn eru hér talin svo til fjórtán ára aldurs en eftir það eru þau talin til fullorðinna. Miðað er við þessi aldursmörk af því að algengt var að farið væri að titla fólk vinnufólk fljótt eftir fermingu sem fram að þeim tíma höfðu verið tökubörn eða niðursetur. Hér er rétt að

geta þess að skráður aldur í sóknarmannatölum og manntali er oft rangur þannig að þar getur skeikað nokkrum árum.

Til fullorðins fólks teljast hér allir sem hafa náð fimmtán ára aldri. Í þessum flokki er allt fólk á þessum aldri sem í opinberum skýrslum er titlað vinnufólk, húsfólk, aldraðir foreldrar húsbænda, uppkomin börn húsráðenda, ættingjar, tókubörn og fósturbörn. Fullorðið fólk á sveitarframfæri með skerta starfsgetu vegna elli eða fötlunar er þó í sérstökum flokki.

Nokkrir unglingar voru skráðir niðursetningar/niðursetur eftir fjórtán ára aldur en hér eru þeir taldir með fullorðnum fullfrískum einstaklingum nema ljóst sé að þeir hafi verið varanlega fatlaðir.

Flokkun barnanna er hér miðuð við þá skráningu sem þau fengu fyrst eftir að þau hættu að vera „venjuleg“ börn eða börn heimilisfólks. Fyrir kom að barn var skráð tókubarn í upphafi en nokkrum árum síðar taldist það fósturbarn. Þetta getur jafnvel átt við niðursetninga sem urðu tókubörn síðar í skráningu, jafnvel fósturbörn. Stundum var það á reiki hvort barn var tókubarn eða fósturbarn, ýmist skráð tókubarn eða fósturbarn í sóknarmannatali.

Íbúar Skriðuhrepps 1850-1890

Tafla 2, sem er unnin upp úr manntölunum 1850, 1860, 1880 og 1890 og úr sóknarmannatali 1870, á að gefa hugmynd um íbúa Skriðuhrepps á þessum tíma.

Tafla 2: Heimilisfólk í Skriðubreppi árin 1850, 1860, 1870, 1880 og 1890 eftir stöðu á heimilinu

	Ár				
	1850	1860	1870	1880	1890
Húsráðendur	119	125	123	139	116
Annað fullorðið fólk	195	201	219	208	211
Fullorðnir ómagar	8	9	9	7	7
Börn heimilisfólks	128	127	151	162	116
Fósturbörn	2	11	3	4	5
Tókubörn	8	9	9	3	12
Niðursetur	8	8	18	16	13
Léttafólk og smalar		2	5	10	7
Samtals í Skriðuhreppi	468	492	537	549	487

Húsráðendur teljast þeir sem titlaðir eru bændur og húsfreyjur þeirra og í þessum hópi eru líka einstæðir bændur, karlar og konur. Fjölgunin í þessum flokki frá 1850 til 1880 stafar fyrst og fremst af því að tvíbýlt var á fleiri bæjum 1880 en áður hafði verið. Tvíbýlum fækkaði síðan verulega til 1890.

Fullorðnir ómagar voru á sveitarframfæri vegna elli, veikinda eða fötlunar. Stundum voru þessir ómagar á sama bæ á eftir ár en fyrir kom að fullorðnum ómögum væri þvælt milli bæja. Komum að því hér á eftir.

Í flokknum „Börn heimilisfólks“ eru talin börn undir 15 ára aldri sem eiga foreldra á heimilinu, bændafólk, húsfólk eða vinnufólk. Séu þau ekki börn heimilisfólks teljast þau til fósturbarna, tókubarna, niðursetna eða léttafólks eða smala. Skil á milli þessara flokka eru ekki alltaf skýr. Væntanlega hafa fósturbörn almennt verið betur sett en tókubörn að því leyti að þeim hefur verið ætlað að vera í varanlegu fóstri hjá fósturforeldrum sínum. Tökubörn fengu ekki meðlag úr sveitarsjóði en hafa verið tekin inn á heimili fósturforeldra af greiðasemi við þau eða forráðamenn þeirra, líklega ekki með varanlegt fóstur í huga í upphafi enda stóð fóstur þeirra oft aðeins eitt eða örfá ár. Tökubörn voru þó stundum í fóstri fram yfir fermingu og ýmis dæmi voru til um að skráning tókubarna breyttist í fósturbarn þegar árin liðu. Líklega hafa foreldrar þessara barna oftast gert sér vonir um að geta tekið þau til sín aftur, þegar hagar Strympu vænkadist, og oft gerðist það. Stundum hafa foreldrar tókubarnanna sætt sig við að hafa börn sín áfram á góðu fósturheimili ef þeir hafa séð fram á að geta ekki veitt þeim jafngott atlæti og þau fengu hjá góðu fólki.

Niðursetningar/niðursetur eða sveitarómagar voru hinsvegar nokkuð vel skilgreindur hópur barna sem hreppurinn borgaði bændum fyrir að hafa í fóstri, mismikið eftir því hversu mikla umönnun barnið taldist þurfa. Lengst af á þessu árabili voru greiddir 240 fiskar fyrir fóstur venjulegs barns sem var „á höndum“ fyrstu árin en svo lækkaði gjaldið gjarnan þegar barnið var farið „að verða til léttis“ eins og sagt var. Það er athyglisvert að greitt var meira og lengur fyrir börn sem erfitt var að kenna lestur og kristin fræði.

Það er greinilegt að fóstur niðursetninganna var boðið upp á

hreppaskilum eða boðin niður eins og sumir vilja segja. Kallað var eftir því hver vildi taka að sér hvert og eitt barn og fyrir hve mikið eða lítið gjald úr sveitarjóði. Ýmis ummæli hreppstjóranna staðfesta að þessi háttur var hafður á. Lýst er annmörkum á niðursetningi og klykkt út með að enginn hafi fengist til að taka hann að sér fyrir minna en tiltekna upphæð. Þetta á einkanlega við um fullorðna fólk-ið en ef börn voru álitin tornæm og óþæg var erfitt að koma þeim fyrir nema fyrir fullt gjald. Gæti niðursetningurinn skilað einhverju vinnuframlagi fengust bændur til að taka niðursetning fyrir lægra gjald. Þetta lög málm um framboð og eftirspurn hafði þó ekki endilega í för með sér að börn væru á endalausum þvælingi milli bæja. Meirihluti barna, reyndar aðeins naumur meirihluti, sem á annað borð voru komin inn á fósturheimili sem niðursetningar, var þar helst um kyrrt þangað til þau gátu farið í vinnumensku eftir fermingu.

Léttastúlkur, léttadrengir og smalar voru settir í sérstakan flokk í töflu 2 en eiga þó í sjálfu sér allt eins heima í flokki tókubarna. Þessi börn voru gjarnan á aldrinum tíu til fjórtán ára og voru augljóslega tekin inn á heimilið til að þau ynnu fyrir sér. Léttadrengir, léttastúlkur og smalar yfir fjórtán ára aldri flokkast hér með öðru fullorðnu fólki.

Það þurftu ekki að vera nein fátæktarvandráði heima fyrir til þess að barn færi á annað heimili sem smali eða léttadrengur/léttastúlka. Stefán Nikódemusson (1899-1988), sem lengi var bóndi á Efri-Rauðalæk á Þelamörk, segir frá því í viðtali við Jón í Garðsvík í bókinni Fólki sem ekki má gleymast³ að hann hafi verið lánaður vestur í Svartárdal af heimili sínu á Valabjörgum á Vatnsskarði. Þar var hann fyrst eitt ár og líkaði vel en var svo kallaður heim aftur til að smala þar. Einhverju hefur þó ráðið um þetta að honum samdi að eigin sögn illa við stjúpmóður sína.

Kyngreining fullorðinna ómaga og foreldralessra barna

Í köflunum hér á eftir verður reynt að greina börn, sem voru ekki um lengri og skemmri tíma í umsjá foreldra, og fullorðna einstak-

³ Jón Bjarnason: Fólki sem ekki má gleymast. Akureyri, Skjaldborg 1983.

linga sem komið var fyrir á heimilum með sveitarstyrk. Vakin er athygli á að hér er unnið með skrá yfir alla einstaklinga sem hrepps-bókin segir að hafi fengið meðlag úr sveitarsjóði á árunum 1850 til 1880. Fyrst skal litið á kynskiptingu allra í þessum hópum.

Tafla 3: Kyn fullorðinna ómaga, fósturbarna, tökubarna og niðursetninga

	Karlar	Konur	Samtals
Gamalmenni	7	18	25
Öryrkjar	8	5	13
Fósturbörn	13	11	24
Niðursetningar yngri en 15 ára	54	26	80
Tökubörn	57	65	122

Ójöfn kynskipting meðal gamalmenna skýrist af því að konur lifðu yfirleitt lengur en karlar á þessum árum.

Ójöfn kynskipting meðal niðursetninga er athyglisverð. Drengir eru meira en helmingi fleiri en stúlkur sem segir okkur að fátækir foreldrar hafa frekar látið þá frá sér en þær. Getum má leiða að því að þetta endurspeglir ríkjandi hugmyndir um kyn og kynhlutverk. Drengirnir áttu að vera harðari af sér og þola betur mótlætið en stúlkurnar. Eða þótti foreldrum vænna um stúlkurnar?

Öðru máli gegnir um tökubörnin en heldur fleiri stúlkur en drengir voru í þeim hópi, hvernig svo sem hægt er að skýra það. Hugsanlega fæst vísbending um skýringu á þessum mun með því að greina hópana eftir aldri barnanna þegar þau voru tekin inn á fósturheimili.

Aldur barna við upphaf fósturs

Á árunum 1850 til 1880 komust tuttugu og fjögur börn á skrá yfir fósturbörn í Skriðuhreppi en í raun voru fósturbörnin fleiri því að hér eru börnin flokkuð eftir skráðri stöðu þeirra þegar þau fóru í fóstur. Sum tökubörn voru skráð sem fósturbörn þegar þau voru búin að vera nokkur ár í fóstri hjá sama fólkinu og skil á milli þessara tveggja flokka hafa greinilega verið nokkuð á reiki þegar sóknarmannatöl voru færð. Niðursetningar voru samtals um áttatíu en auk þeirra voru sjö börn í fóstri í öðrum sveitarfélögum með styrk frá Skriðuhreppi. Tökubörnin voru langflest eða 122, en eins og áður segir má í mörgum tilvikum allt eins greina þau sem fósturbörn.

Tafla 4 greinir tókubörn og niðursetninga undir fimmtán ára aldri eftir því á hvaða aldri þau voru þegar þau voru tekin í fóstur:

Tafla 4: Tókubörn og niðursetningar á framfæri Skriðubrepps 1850-1880 eftir aldri við upphaf fósturs

	Töku- börn	%	Niður- setningar	%
0 – 2 ára	25	20,5	19	23,8
3 – 6 ára	25	20,5	24	30,0
7 – 10 ára	29	23,8	19	23,8
11 – 14 ára	43	35,2	18	22,5
Samtals	122	100	80	100

Auk þessara barna voru 8 börn tekin inn á heimili eftir fjórtán ára aldur en gera má ráð fyrir að þar hafi verið um einhverjar sérstakar aðstæður að ræða. Þau börn þurfa þó ekki að hafa verið öryrkjar. Höfundur pistils veit t.d. að tvær ömmusystur hans voru í hópi þeirra ungmenna sem flokkuð voru sem tókubörn þegar þær voru orðnar fimmtán og sextán ára gamlar og eru því meðal þessara 8 barna. Þær fóru með móður sinni til bróður hennar á æskuheimili hennar í Syðri-Bægisá eftir að eiginmaður hennar dó. Tvær yngri systur þeirra fóru líka í Syðri-Bægisá, sú yngri var á framfæri móður sinnar án meðlags frá sveit og komst því ekki á skrá hér en sú eldri, amma höfundar, fimm ára gömul, flokkaðist sem niðursetningur af því að Glæsibæjarhreppur borgaði með henni.

Það er athyglisvert að hlutfallslega mun fleiri tókubörn yfirgáfu foreldrana ellefu ára og eldri en niðursetningarnir voru frekar undir sjö ára aldri. Það sýnir líklega að neyð foreldra niðursetninganna hefur verið meiri en foreldra tókubarnanna sem hafa frekar reynt að hafa yngri börn sín hjá sér.

Það gæti reyndar verið rannsóknarefni hver efnahagur foreldrana var þegar þeir létu börnin frá sér, þá mætti skoða útsvarsgreiðslur þeirra á þeim tíma. Lausleg skoðun á þessu bendir þó til þess að staða þessara foreldra hafi langoftast verið sú að þeir voru svo fátækir að þeir gátu ekki framfleytt sér.

En komum nú aftur að töflu 4 og greinum hana eftir kyni barnanna en sú greining er í töflu 5. Í hópi tókubarnanna vekur það athygli að miklu algengara var að stúlkur undir þriggja ára aldri væru

teknar í fóstur sem tökubörn en drengir á sama aldri. Heil 28% stúlkanna voru undir þriggja ára aldri en aðeins 12% drengjanna. Talsverður jöfnuður er milli kynjanna á aldrinum þriggja til tíu ára en hlutfallið hefur snúist við þegar kemur að börnum yfir tíu ára aldri.

Tafla 5: Tökubörn og niðursetningar eftir kyni og aldri við upphaf fósturs, blutfallstölur

	Tökubörn		Niðursetningar	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
0 - 2 ára	12	28	24	23
3 - 6 ára	19	22	30	31
7 - 10 ára	26	22	20	31
11 - 14 ára	42	29	26	15
Alls	100	100	100	100
Fjöldi	57	65	54	26

Mun meiri jöfnuður er milli kynjanna meðal niðursetninga, hvað varðar aldur barnsins, þegar það var tekið í fóstur. Þar er eftirtektarvert að stúlkur eru hlutfallslega fleiri í aldurshópnum sjö til tíu ára, öfugt við það sem er í hópi tökubarnanna, en í elsta aldurshópnum eru drengir hlutfallslega fleiri meðal niðursetninga eins og í hópi tökubarna.

Fjöldi dvalarstaða

Þess var getið í inngangi að það var hald skýrsluhöfundar að niðursetningar hafi þvælst milli bæja eftir því hver bauðst til að taka þau það og það árið fyrir minnsta meðlagið. Tafla 6 byggir á greiningu á sömu gögnum og í töflu 3, þ.e. öllum sem skráðir voru í sóknarmannatöl og hreppsþók á árunum 1850 til 1880 og voru þar titlaðir tökubörn eða á sveit.


Tafla 6: Fjöldi dvalarstaða tökubarna, niðursetninga, aldraðra og vanheilla

	Fjöldi fósturbæja				
	1	2	3 eða fleiri	Alls	% á fleiri en einum bæ
Tökubörn	108	11	3	122	11%
Niðursetningar	48	20	12	80	40%
Gamlir og vanheilir	23	5	10	38	39%

Tökubörnin voru langflest en dvalartími þeirra á fósturheimilum var yfirleitt skammur eins og greint verður frá síðar. Tafla 6 sýnir að meginreglan var sú að tökubörn voru hjá sama fólkinu ár eftir ár og sárafá dæmi eru um mikinn þvæling á tökubörnum en fleiri þegar kemur að niðursetningum og fullorðnu fólki. Stundum er skýring á fleiri en tveimur dvalarstöðum einfaldlega sú að húsráðendur fluttu og höfðu tökubörn og niðursetninga með sér og það á t.d. við um systurnar Ástu Ágústu (1865-1945) og Vilborgu (1867-1942) Friðbjörnsdætur sem ólust upp hjá móðurbróður sínum sem bjó í Þverbrekku, Staðartungu og Sörlatungu á meðan stúlkurnar voru að alast upp. Það er hinsvegar ljóst að hlutfallslega fleiri niðursetningar en tökubörn áttu heima á fleiri en einum bæ eða 40% en aðeins 11% tökubarnanna. Þvælingurinn á niðursetningum milli bæja er þó minni en búast mátti við miðað við aðferðina sem notuð var til að finna þeim dvalarstað. Hugsanlega var fleirum innanbrjóstis eins og Hamarsbóndanum sem hafði fengið meðlag með Ingu Soffíu Kráksdóttur (1856- ?) úr Öxnadal samfellt í sex ár. „Henni bauðst á næstliðnu vori samastaður innan hrepps [Skriðuhrepps] með 10 ríkisdala meðgjöf en húsbóndi hennar vildi þá heldur halda henni með þeirri meðgjöf en láta hana burtu.“⁴ Inga flutti síðar með manni og börnum úr Bárðardal til Kanada.

Hinsvegar var Páll Kjartansson (1866-1931) í Gloppu 1870, á Hálsi 1871, í Flögu 1872 og 1873, á Féeggstöðum 1874, í Ásgerðarstaðaseli 1875, á Öxnhóli 1876 og á Hallfríðarstöðum 1877 og 1878. Var þó um hann skráð að hann væri „fremur efnilegur“ – betra en að vera „ekki óefnilegur“ sem var algengari einkunn – en skýringin á flakkinu er að móðir hans var alltaf með honum í vist og hún hefur líklega stöðugt verið að leita að betra lífi eða ekki þótt gott vinnuhjú. Páll var um skeið bóndi í Heiðarhúsum á Þelamörk en síðan verkamaður í Glerárþorpi. Svipaða sögu er að segja af Sigurði Jónssyni sem síðar var blikksmiður á Akureyri. Hann var niðursetningur á átta bæjum í Hörgárdal og Öxnadal. Hann var fyrstu árin í Bási og Flögu hjá sömu fjölskyldu, síðan af og til með móður sinni í Flögu, Ásgerðarstöðum og Efstalandskoti, síðan eitt ár án móður sinnar á Syðri-Bægisá og tvö ár á Féeggstöðum og svo aftur með

⁴ Hreppsþing Skriðuhrepps 1864-1881, bls. 125.



Efstaland. Myndina gerði Ásta Frimannsdóttir, úr fórum Gunnars Frimannssonar.

móður sinni á Hraunshöfða og síðast á Einhamri, þá orðinn 16 ára gamall.

Svipað viðhorf virðist hafa gilt um niðursetninga og um aldraða og öryrkja því að 39% þeirra voru á fleiri en einum stað á þessu tímabili. Arnþóra kjelling – eins og það var stundum skrifað – Ólafsdóttir (1800-1884) var á átta stöðum á níu árum sem þurfamaður og var þó búin að flakka víða áður en heilsan fór að bila. Hún var á Skjaldarstöðum 1872, að einhverju leyti sjálfrar sín á Miðhálsstöðum 1873, „þrotin að efnum og orðin ellihrum og heilsulítill, kemst ekki af án styrks“, árið 1875 í Stóragarði, 1876 á Miðlandi, 1877 í Stóra-Dunhaga, 1879 á Efstalandi og Sörlatungu, jafnvel víðar, og á Neðstalandi 1880, „þrotin að kröftum“. Eggert Egilsson var á miðjum aldri, „aumingi til sálar og líkama“, þegar hann kom í sveitina vestan úr Skagafirði. Hann var á Hálsi 1870, í Dagverðartungu 1871, í Gili og Hrauni 1872 („tollldi ekki utan lítinn tíma“), í Hrauni 1873, á Hólum 1874 og aftur í Hrauni 1875 til 1880 en þá fór hann í Varmavatnshóla. Jónas bóndi í Hrauni „bauðst til að taka hann fyrir 300 fiska meðgjöf og lofaði hann að leggja honum til nokkuð af fötum sem hann nauðsynlega með þarf þar eð hann er mjög klæðlítill.“⁵

Einar Þorláksson (1835-1894) var vel læs, vel að sér, ráðvandur en vitskertur og var á fjórum stöðum á átta árum. Og frænka mín, Sig-


⁵ Hreppsþók Skriðuhrepps 1864-1881, bls. 340.

ríður Benediktsdóttir (1815-1900), Stutta-Sigga, var á Barká, Bryta, Mýrarlóni, Hólum, Neðstalandi, í Auðbrekku í 8 ár, Ásgerðarstaðaseli, Hólkoti, Flögu og Stóragerði á þessu 30 ára tímabili auk þeirra bæja sem hún var á utan þessa umrædda tímabils, en hún var sögð fákunnandi aumingi til sálar og líkama, óþæg og vinnulítill, kriflingur.

Fjöldi dvalarára

Það er líka forvitnilegt að bera saman hversu lengi tókubörn og sveitarlimir voru á dvalarheimilum. Gengið var sem fyrr út frá heildarhópnum sem komst á skrá yfir tókubörn og niðursetninga en seinni hópnum var skipt í börn undir fimmtán ára aldri annarsveggar og öryrkja og aldraða hinsveggar. Eitt og annað gerir að verkum að ekki má taka einstakar tölur bókstaflega fyrir utan ónákvæmni í upphaflegri skráningu í manntöl, sóknarmannatöl og hreppsþækur. Einstaklingar sem töldust til þessara hópa árið 1850 gátu verið búnir að dvelja sem tókubörn eða hreppsómagar einhver ár áður en rannsóknartímabilið hófst og á sama hátt gátu þau, sem voru á skrá við lok tímabilsins, átt eftir að búa við þær aðstæður mörg ár enn. Hér er aðeins reynt að sýna grófa heildarmynd og þess vegna er framsetningin myndræn fremur en tafla með nákvæmum tölum.

Mynd 1: Fjöldi dvalarára tókubarna og niðursetninga á fósturheimilum



Myndin sýnir að tókubörn dvöldu yfirleitt skamman tíma á fósturheimilum, þrjú af hverjum fjórum börnum voru eitt til tvö ár á fósturheimilum, væntanlega aðeins á meðan foreldrar voru að koma undir sig fótum, ýmist við upphaf búskapar eða eftir áföll. Hinsveggar

voru nærri sex af hverjum tíu niðursetningum lengur en tvö ár í fóstri, þrjú af hverjum tíu lengur en fimm ár.

Flest tókubörnin, sem lengst voru í fóstri, hefði allt eins mátt skrá sem fósturbörn. Daníel Tómas Gunnarsson (1863-1933), síðar járnsmiður og múrari í Glerárþorpi, var skráður tókubarn í tólf ár en fósturaður hjá móðursystkinum sínum. Hann er skráður sem tókubarn á Syðri-Bægisá frá 1864. Þar hafði Andrés Tómasson (1806-1864) eignast níttján börn með Ingibjörgu Þórðardóttur (1810-1872) konu sinni en aðeins tólf komust upp. Þar var nú tvíbýli og fjögur börn Andrésar og Ingibjargar, móðursystkini Daníels, áttu þar heima á bernskuheimili sínu þegar Daníel varð þar tókubarn. Fjórum árum síðar fluttu foreldrar Daníels í Syðri-Bægisá, móðirin ein af Bægisársystkinunum, en sama ár fluttist Daníel sem tókubarn til ömmu sinnar sem þá hafði flutt sig um set og búíð nokkur ár í Efstalandskoti og á Þverá með nokkrum börnum sínum öðrum en þeim sem urðu eftir á Syðri-Bægisá. Tókubarnið Daníel var því engan veginn hjá vandalausum.

Áður voru nefndar systurnar Ásta Ágústa og Vilborg Friðbjarnardætur sem voru lengst af saman í fóstri hjá móðurbróður sínum, önnur átta en hin ellefu ár. Ingibjörg Sigríður Magnúsdóttir (1853-1882), síðar húsfreyja á Bessahlöðum og Varmavatnshólum, kom sem tókubarn í Steinsstaði vestan úr Húnavatnssýslu, að því er virðist ótengd Steinsstaðafólkinu, en fáum árum síðar hafði hún fengið titilinn fósturdóttir í sóknarmannatalinu. Með henni á Steinsstöðum ólust upp niðursetningarnir Soffía Björnsdóttir (1853-1924), móðir Brynjólfs Sveinssonar (1888-1980) hreppstjóra í Efstalandskoti, og Þorbjörg Friðriksdóttir (1856-1934), móðir Bernharðs Stefánssonar (1889-1969) alþingismanns, en þær losnuðu aldrei við niðursetningsnafnbótina. Þeirra tveggja verður getið síðar í kafla um afdrif niðursetninga.

Rósa Kristjánsdóttir (1865-1955) var ýmist kölluð fósturbarn eða tókubarn í Lönguhlíð hjá nöfnu sinni og frænku Rósu Jónsdóttur (1839-1912) hins ríka Bergssonar. Hún var ýmist skráð tókubarn eða fósturdóttir í tólf ár.

Páll Pálsson (1841-1923) var fyrst skráður niðursetningur í Brakanda hjá Páli Gíslasyni móðurbróður sínum en þegar hann var kom-

inn í Möðrufell í Grundarsókn var hann skráður fósturbarn hjá sama fólki. Hann var hjá þessu fólki fram á fullorðinsaldur.

Foreldrar Sigurjónu Hallgrímsdóttur (1845-?) höfðu búið á móti öðrum hjónum á Auðnum en fluttu þá að Engimýri. Sigurjóna varð hinsvegar eftir hjá mótbýlishjónunum, fyrst skráð sem tókubarn en síðar sem fósturbarn.

Sigmundur Sigurðsson (1858-1939) var hjá hjónunum í Ásgerðarstaðaseli frá átta ára aldri til fullorðinsaldurs, fyrst skráður tókubarn en frá níu ára aldri alltaf skráður smali.

Þannig mætti halda áfram með tókubörnin sem voru gjarnan hjá ættmennum, þau sem lengstan tíma voru án foreldra.

Öðru máli hefur gegnt um hreppsómagana. Miklu hærra hlutfall þeirra var lengur en tvö ár úr umsjá foreldra og nærri þriðjungur lengur en sex ár. Þessi börn voru sjaldnast hjá vandamönnum en mörg dæmi voru um systkini, tvö eða fleiri, sem voru sveitarómagar hjá vandalausum lungann af æskuárunum og mörg þeirra voru áfram á fósturheimilunum sem vinnufólk eftir fjórtán ára aldur.

Eðlilega var gamalt fólk og öryrkjar oft lengi í þeirri stöðu. Líkamlega fötluðu fólki batnar yfirleitt ekki fötlunin og andlega fötluðu fólki síður þá en nú. Gömlu fólki batnar ekki ellin fyrr en í dauðanum.

Fjölskyldur hreppsómaganna

Margt getur orðið til þess að fólk getur ekki séð sér farborða. Það segir sig sjálft að bregðist foreldrar börnum, hvort heldur er vegna veikinda, dauða eða fátæktar, verða börnin að fá forsjá annarra. Ef fullorðið fólk á vinnufærum aldri, sem kallað er, veikist eða er frá náttúrunnar hendi þannig gert að það getur ekki framfleytt sér, þurfa aðrir að koma til. Svo þegar aldurinn færast yfir kemur það fyrir besta fólk að verða upp á náð annarra komið varðandi umönnun og framfærslu.

Margvíslegar ástæður geta hafa verið fyrir því að foreldrar létu börn sín í hendur annarra sem tókubörn sem fósturforeldrar tóku án meðgjafar sveitarinnar. Fátækt hefur eflaust oftast ráðið mestu en heilsubrestur og búferlaflutningar geta hafa leitt til þess að börnum

var komið fyrir, oftast líklega með það í huga að um tímabundið fóstur væri að ræða.

Litlar heimildir eru um aðstæður á heimilum foreldra tökubarna því að þar hafa fáir verið til frásagnar um samninga milli foreldra og fósturheimilis. Miklu meiri heimildir eru til um niðursetningana því að hreppstjórar Skriðuhrepps skráðu fram til 1880 aðstæður hvers og eins. Langoftast höfðu foreldrarnir einfaldlega ekki ráð á að fæða og klæða börn sín, mörg voru auk þess úr stórum systkinahópum eins og börn Björns Benediktssonar (1817-1866) frá Flöguseli og Guðrúnar Guðmundsdóttur (1815-1891) frá Lönguhlíð sem hröktust milli bæja í Hörgárdal sem bændur, vinnufólk og húsfólk áður en þau fluttu sem vinnufólk vestur í Húnavatnssýslu. Þau eignuðust tólf börn, tíu komust upp og urðu flest langlíf. Björn var hinsvegar heilsuveill og um og upp úr miðjum sjötta áratug aldarinnar komust átta barna þeirra á skrá yfir niðursetninga í hreppnum. Foreldrar voru sagðir öreigar, bláfátæk og börnum kafin, félaus og sárklæðalítill en börnin voru gjarnan sögð „ekki óefnileg“ en sum sögð tornæm, „ofur þungt að kenna honum fyrir þrjósku“ var sagt um einn bróðurinn, „það hefur verið ofur þungt að kenna honum“ var sagt um annan. Það var hinsvegar skylda fósturheimilisins að kenna barninu svo að hægt væri að ferma það og með þeirri réttlætingu var fullur sveitarstyrkur greiddur lengur en ella.

Afkomendur fleiri Flöguselssystkina en Björns koma reyndar talvert við sögu niðursetninga í Skriðuhreppi. Þrjú barnabörn Björns, börn Þóru (1841-1927), voru niðursetningar um árabíl á Geirhildargörðum, Baugaseli og Bási um og fyrir 1880, foreldrar sagðir öreigar. Áðurnefnd Sigríður Benediktsdóttir, Stutta-Sigga, var niðursetningur mestan hluta fullorðinsára sinna, sem urðu mörg, en hún eignaðist dreng sem var niðursetningur á Syðri-Bægisá öll fimm árin sem hann lifði. Hann kom reyndar líka við sögu í hreppsþókinni fyrir það að hreppurinn borgaði fyrir að sótt var niðursetukona við fæðingu hans á Hólum. Stutta-Sigga eignaðist reyndar annan dreng sem dó skömmu eftir fæðingu og komst því ekki í hreppsþækurnar. Barnabarn bróður hennar, Jóns Benediktssonar (1803-1866), barn Salvarar (1842-1879), var á framfæri Skriðuhrepps í þrjú ár í Skógum og Dagverðartungu.



Sigríður Benediktsdóttir frá Flöguseli (Stutta-Sigga). Ljósmynd af Jóni Júlíus Árnason frá Krossastöðum / Laugalandi. Frá ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

Páll Pálsson var niðursetningur hjá Páli Gíslasyni (1811-1877) móðurbróður sínum í Brakanda í nokkur ár eins og áður greinir. Hann eignaðist barn með dóttur Sigfúsar Benediktssonar (1805-1863) frá Flöguseli, Guðjón, sem var niðursetningur í Baugaseli nokkur ár áður en hann fluttist til föður síns, sem þá var orðinn bóndi á Æsustöðum í Eyjafirði.

Og sex barnabörn Hólmfríðar Benediktsdóttur (1802-1871) frá Flöguseli voru á sveitarframferi árið 1880 á Þverá, Steinsstöðum, Búðarnesi, Flöguseli og Nýjabæ.

Fleiri fjölskyldur lögðu hreppnum til marga niðursetninga. Guðný Rasmusdóttir (1821-1906) eignaðist fyrst barn, Vilhelm, með Kristjáni Jóhannessyni (1815-1885), síðar bónda á Hranastöðum og Kroppi í Eyjafirði, og síðan átta börn með Jóni Jónssyni (1806-1869) frá Þrastarhóli, sex þeirra komust upp. Guðný og Jón hröktust bæ frá bæ, „bláfátæk, klæðlítill og vinnulítill“ en börn þeirra mörg voru niðursetningar. Vilhelm Kristjánsson (1845-1881) var niðursetningur á Kroppi í Eyjafirði nokkur ár en Skriðuhreppur greiddi meðlag fyrir móðurina. Magnús Jónsson (1852-1897) var fyrst niðursetningur í Bási en síðan í Auðbrekku, sámilega heilsugóður, sjónaufur, nokkuð óþægur og bágt að kenna honum. Ólafur Jónsson (1854-1941) var fram á fullorðinsár niðursetningur á Efsta-landi, sagður fremur tornæmur en þó ekki óefnilegur. Guðjón albróðir þeirra (1857-?) ólst upp í Nýjabæ, sagður ekki óefnilegur, heilsugóður en baldinn og tornæmur. Halldór (1860-1950) ólst upp í Dunhagakoti, sagður heilsugóður og skarpur en nokkuð baldinn. Sigríður Jónsdóttir (1863-1897) var eitt ár niðursetningur í Hólkoti,

„foreldrar leggja til með henni það lítið þau kunna“ og Stefanía (1867-1945) var í Búðarnesi 1869 og á Féeggstöðum 1870.


Krákur nokkur Jónsson (1778-1863) eignaðist sjö börn í Saurbæjarhreppi með fyrri konu sinni en flutti sem ekkill í Hóla í Öxnadal og réði til sín bústýru, Halldóru Sveinsdóttur (1825-1864). Halldóra var fjörotu og sjö árum yngri en Krákur en nú skipti það engum togum, þau giftust og eignuðust saman sex börn. Af þessum sex börnum komust fjögur upp. Undir lokin var Krákur orðinn „örvasa karl“ sem ekkert átti til að gefa með börnum sínum. Bjarni (1851-1887), sonur Kráks og Halldóru, var niðursetningur á Þverá en fljótlega skráður tókubarn og ólst þar upp framundir tvítugt. Bjarni var bóndi á Hraunshöfða en varð ekki langlífur. María Kráksdóttir (1852-1914) var eitt ár sveitarlimur á Finnastöðum í Eyjafirði en eftir það tókubarn. Áðurnefnd Inga Soffía (1856-?) var á Hamri á Þelamörk frá átta ára aldri og fram að fermingu og síðan tvö ár niðursetningur á Hálsi. Hún eignaðist dótturina Guðnýju (1876-1960) sem framan af var skráð föðurlaus því að það vafðist eitthvað fyrir sýslumanni að rétta í faðernismálinu. Guðný þessi, síðar Jónsdóttir, var niðursetningur eitt ár í Flögu en eftir það á Auðnum.

Fósturforeldrarnir

Einhvers staðar þykist skýrsluhöfundur hafa heyrt eða séð að það hafi þótt gróðavegur frekar en hitt að taka að sér niðursetning gegn greiðslu og þess vegna hafi efnaminni heimili sælst til að taka ómaga að sér. Þessi athugun á sveitarómögum í Skríðuhreppi á árunum 1850 til 1880 bendir ekki til þess. Til að fá hugmynd um efnahag heimilanna var tekið mið af heildarútsvari eins og það var lagt á árin 1860, 1865, 1870 og 1875. Þar sem talsverðar sveiflur gátu verið í útsvarsgreiðslunum var tekið meðaltal af útsvarsgreiðslum þessara fjögurra ára fyrir hvern bæ, óháð því hver bjó á bænum á hverjum tíma. Rétt er að taka fram að á nokkrum bæjum var oft tvíþýli og þá var samanlagt útsvar beggja ábúenda notað því að ekki var alltaf ljóst hjá hvorum bóndanum niðursetningurinn var. Síðan var bæjunum skipt í þrjá sem næst jafnstóra flokka, þá sem guldu lægsta útsvarið (20 bæir sem guldu að meðaltali þrjátíu og níu fiska), þá sem guldu miðlungsútsvar (tuttugu bæir sem guldu að meðaltali 89 fiska) og þá

sem guldu hæsta útsvarið (átján bæir sem guldu 204 fiska að meðaltali). Síðan var skoðað á hvaða bæjum niðursetningar voru á árunum 1850 til 1880, talið hve mörg ár hver bær hýsti sveitarómaga og loks lagt saman hve mörg dvalarár voru í hverjum gjaldaflokki. Eftirfarandi súlurit sýnir dreifinguna:

Mynd 2: Niðursetningar í Skriðubreppi eftir útsvarsgreiðslum fósturheimila. Fjöldi dvalarára.



Þessi athugun bendir eindregið til þess að efnahæðin hafi frekar tekið að sér niðursetninga en hin sem efnaminni voru. Eflaust hefur þó fleira en efnahagur haft áhrif á það hvort heimili tók að sér niðursetning, t.d. fjölskyldutengsl og kunningskapur. Þetta ætti samt að hafa verið frekar heppilegt fyrir niðursetningana að þeir lentu ekki á bæjum þar sem heimilisfólkið barðist sjálf í bökkum. Það er heldur ekki útilokað að hreppstjórinn hafi forðast að koma ómögnum fyrir hjá fólki sem hann treysti síður til að fara vel með þá.

Gamalt máltæki segir að þangað leiti auður sem fé er fyrir. Hafi það verið gróðavegur að taka að sér niðursetning gegn gjaldi má með svolítilli illgírni benda á að efnahæðin hafi setið fyrir þegar hreppstjórinn deildi ómögnum niður á bæi.

Meðferð sveitarómaga

Það er alltaf gaman að leika sér með tölur eins og í köflunum hér á undan en þær segja fátt af líðan barnanna sem um ræðir. Hráar tölur um fjölda fósturbarna, tökubarna og sveitarómaga segja fátt um meðferðina á þessum börnum en sumir fræðimenn hafa lagt áherslu á að kanna hana frekar en að horfa á tölur eins og hér hefur verið gert. Þetta hefur Monika Magnúsdóttir reynt að gera í ritgerð sinni

„Það var fæddur krakki í koti“.⁶ Vandamálið er hinsvegar að engar áreiðanlegar upplýsingar eru til um hversu algengt það var að fósturforeldrar færu vel eða illa með sveitarómagana. Höfundur þessarar samantektar er ekki kunnugt um frásagnir fólks af því hvernig því leið í fóstri í Skriðuhreppi á seinni hluta nítjándu aldar. Einhver sagði frá systkinum sem höfðu verið fósturá á tveimur bæjum í fram-Hörgárdal, reyndar skömmu eftir aldamótin 1900. Drengnum hafði liðið vel í Staðartungu og hann átti góðar minningar þaðan og hugsanlega hafði það sitt að segja að á sínum tíma börðust foreldrar Friðbjörns (1872-1945) í Staðartungu í bókum og þurftu að láta börn sín frá sér tímabundið sem niðursetninga. Stúlkan hinsvegar sagðist forðast að líta heim á bæinn þar sem hún var alin upp þannig að ekki hefur henni liðið vel á fósturheimilinu. Þar skorti þó ekki efnin. Þannig var það engin trygging fyrir góðri meðferð ómaga að hann væri tekinn í fóstur á efnaheimili, hlýja í viðmóti stóð líklega ekki frekar en nú í neinu samhengi við efnahag.

Langafi minn og langamma, Guðmundur Sigfússon (1843-1904) og Steinunn Anna Sigurðardóttir (1845-1928), hófu búskap sinn á Einarstöðum í Kræklingahlíð 1876, fluttu þaðan í Grjótgarð 1886 og í Garðshorn 1899. Á Einarstöðum tóku þau að sér stúlkubarn sem dó hjá þeim í mislingafaraldri. Á Grjótgarði tóku þau að sér fjögurra ára dreng, Stefán V. Sigurjónsson (1886-1973), og ólu upp fram yfir fermingun en þá fór hann vinnumaður á næsta bæ. Hann var skráður niðursetningur í sóknarmannatalinu. Foreldrar hans höfðu verið í húsmennsku, áttu mörg börn og þurftu að láta nokkur þeirra frá sér, sum lengi, önnur skemur. Stefán var síðar bóndi og oddviti á Blómsturvellum í Kræklingahlíð. Svipaða sögu var að segja um foreldra annars drengs sem fór líka fjögurra ára gamall í fóstur til Steinunnar og Guðmundar þegar þau voru nýflutt í Garðshorn. Sá hét Kristfinnur Guðjónsson (1896-1974), síðar ljósmyndari á Siglufirði, og var sonur Rósu Kristjánsdóttur sem minnst var á hér að framan sem fósturbarn eða tókubarn í Lönguhlíð. Kristfinnur var skráður tókubarn í sóknarmannatalinu árið 1900 en niðursetningur í

⁶ Monika Magnúsdóttir: Það var fæddur krakki í koti. Um fósturbörn og ómaga á síðari hluta nítjándu aldar. Grein í ritgerðasafninu *Einsagan – ólíkar leiðir*; Háskólaútgáfan, Reykjavík 1998.

manntalinu árið eftir og sveitarbarn í sóknarmannatalinu. Árið 1902 var hann enn sveitarbarn en tökubarn 1903 og þaðan í frá. Enn síðar eða 1913 tóku svo afi og amma í Garðshorni, Pálmi og Helga, að sér nýfæddan dreng, Kára Larsen (1913-1994), og ólu upp til fullorðinsára. Hann var alltaf skráður tökubarn í sóknarmannatali en var þó alls ekki skráður fyrstu þrjú árin sem er eitt fjölmargra dæma um ónákvæmni í skýrslugerð sóknarprestsins á Bægisá sem er sagður hafa geymt frumheimildir að sóknarmannatalinu á miðum í vösum sínum.

Nú segir það ekkert um meðferð á ómögum og fósturbörnum almennt hvernig farið var með þessa drengi og pistilshöfundur hefur reyndar aðeins vísbendingar um meðferðina á þeim úr bréfum sem hafa varðveist frá þessum piltum til fósturmæðra og -systkina og úr öðrum óprentuðum gögnum. Það virðist vera sameiginlegt með uppeldi Stefáns og Kristfinns að lagt var upp úr því að þeir héldu tengslum við kynforeldra sína og systkini eftir því sem kostur var.

Í bréfi sem Stefán skrifaði Arnbjörgu (1883-1938) uppeldissystur sinni árið 1911, þá giftur maður á Akureyri, segir hann m.a.:

„Fyrir hálfum mánuði fór ég vesturfyrir að finna fólkið okkar. Því leið öllu vel, samt er mamma ekki orðin góð í fætinum ennþá“⁷. Hér talar Stefán um fósturmóður sína og móður Arnbjargar og kallar hana mömmu. Hann segir skömmu síðar í bréfinu: „Litli frændi á Hamri er stór og fjörugur“ og á þar við Guðmund son Frímans (1878-1926) uppeldisbróður síns sem var ekkert skyldur honum. Loks segir hann í lok bréfsins fréttir af kynforeldrum sínum og systkinum: „Mamma er svona með svipaða heilsu“ og á þá við kynmóður sína.

Stefán flutti minningarorð við gröf Frímans í Bægisárkirkjugarði 1926 sem segja líklega meira um kjör sumra niðursetninga:

„... Innan um hugsanirnar fléttast atburðir liðinna daga, endurminningar um óvita og ósjálfbjarga barnið sem hrifið var burt úr faðmi foreldranna og flutt til þess fólks sem það hafði ekki fyrr séð og þekkti ekkert. Ég veit að allir geta sett sig inn í ástand barnsins, menn geta gert sér í hugarlund harm og hugarangur þessa vanmáttuga, vesala einstæðings sem engu gat af sér hrundið og aðeins tárin,

⁷ Bréfin 1911-1920 á vefnum gunnarf.is undir Textaskrár. Bréf dags. 9. 4. 1911.

Þessi svalandi sorgarlind, gáfu til kynna hversu mikinn harm það hafði að dylja.

En það er meira lán og meiri hamingja en með orðum verður lýst þegar hinn algóði Guð, sem öllu ræður, lét barnið munaðarlausu fyrirhitta sanna foreldra og góð og elskuleg systkin. Ég var aðeins á fjórða árinu þegar foreldrar Frímanns sáluga tóku mig til fósturs og hjá þeim var ég þangað til ég var orðinn sjálfbjarga sem kallað er. Foreldra hans kallaði ég foreldra mína og ætíð síðan hefur mér verið það svo einkar ljúft að kalla hann og systkini hans systkini mín.⁸

Þegar Arnbjörg fluttist með Valdemar bónda sínum frá Efri-Rauðalæk vestur að Fremri-Kotum og síðar að Bólu varð að ráði að Kristfinnur færi með þeim enda Guðmundur dáinn og Steinunn hætt búskap. Kristfinnur lætur Steindór son sinn, tveggja ára gamlan, senda Steinunni fósturmóður sinni jólakveðju árið 1923. Þar skrifar hann fyrir hönd Steindórs: „Elsku amma mín! Má ég ekki kalla þig ömmu þegar pabbi kallar þig mömmu?“⁹ Og mömmurnar tvær koma líka fyrir í bréfi frá Kristfinni frá sama ári.¹⁰ Hann segir frá því að hann hafi verið að eignast dóttur en að hann hafi verið úti á Siglufirði þegar hún fæddist: „Mamma var hjá okkur á meðan ég var útfrá ...“ og á þá við Rósu, móður sína. Skömmu síðar segir hann í bréfinu: „Í fyrramálið fer ég vestur á Þelamörk að sækja hey fyrir Jónas Sveinsson. Kem þá að Garðshorni. Ég hefi heyrt að mamma væri með frískasta móti sem hún hefur verið lengi.“ Í seinna skiptið talar hann um Steinunni fósturmóður sína.

Um Kára Larsen þarf ég ekki að hafa neinar vangaveltur því að honum kynntist ég sjálfur og sá með eigin augum að samband hans við föður minn og föðursystkini var eins og best getur orðið milli systkina.

Ýmsir hafa orðið til að fjalla um hlutskipti fósturbarna, ómaga og tókubarna í gamla bændasamfélaginu. Sumar þær frásagnir eru um upplifun barnsins af því að vera hjá vandalausum og margar þeirra bera með sér að atlætið hafi verið illt. Tryggvi Emilsson segir í Fátæku fólki frá dvöl sinni hjá Hólmsfríði (1850-1932), systur Stein-

⁸ Bréfin 1921-1936 á vefnum gunnarf.is undir Textaskrár. Minningarorð Stefáns V. Sigurjónssonar um Frímann Guðmundsson mælt fram við gróf hans 31. mars 1926.

⁹ Bréfin 1921-1936 á vefnum gunnarf.is undir Textaskrár. Bréf dags. 9. 1. 1923.

¹⁰ Bréfin 1921-1936 á vefnum gunnarf.is undir Textaskrár. Bréf dags. 26. 11. 1923.

unnar langömmu, á Draflastöðum í Sölvadal og lætur illa af þó svo að hann beri Hólmsfríði sjálfri ekki illa söguna. Þetta gerðist þó áður en bölvað eineltið var fundið upp.

Það gefur auga leið að það er barni alltaf sársaukafullt að skiljast við foreldra sína, hvað svo sem Halldór Laxness lætur sögumanninn í Brekkukotsannál hafa eftir „vitrum mönnum“ í upphafsorðum bókarrinnar: „Vitur maður hefur sagt að næst því að missa móður sína sé fátt hollara úngum börnum en missa föður sinn“.¹¹ Viðmót og atlæti við tókubörn og ómaga hefur verið misjafnt milli heimila og þess verður að minnast að aðbúnaður barna var oft vondur, jafnvel þótt þau ælust upp með fátækum foreldrum sínum sem þræluðu myrkranna á milli til að sjá sjálfum sér og börnum sínum farborða. Niðursetningar voru látnir vinna en öll börn þurftu að vinna og þótti sjálf-sagður hlutur. Fólki af minni kynslóð þykir jafnvel enn í dag þroskandi fyrir börn að þurfa öðru hverju að taka a.m.k. aðra höndina af snjallsímanum til að vinna fyrir kaup.

Afdrif niðursetninganna

Nú væri fróðlegt að gera sér mynd af því hvort tókubörnum og þó sérstaklega niðursetningum vegnaði betur eða verr í lífinu en þeim börnum sem ólust upp hjá foreldrum sínum. Margt verður til þess að þeirri spurningu er erfitt að svara.

Í fyrsta lagi þarf að svara þeirri spurningu hvað hafa á til marks um að einhverjum vegni vel í lífinu. Líklega hefur það þó þótt nærtækasti mælikvarðiinn í Skriðuhreppi á seinni hluta 19. aldar hvort fólki tókst að fá afnot af bújörð og hefja þar hokur. Vafalaust þurftu niðursetningarnir að hefja sig yfir hærri þroskuld til að hefja búskap en börnin frá bjargálna heimilum, rétt eins og er enn þann dag í dag þegar litið er til ungs fólks sem er að kaupa sína fyrstu íbúð.

Í öðru lagi liggja upplýsingar um æviferil fólks almennt ekki fyrir. Í Íslendingabók er víða að finna glefsur um stöðu fólks eins og hún hefur verið skráð í manntölum og minningargreinum en þær upplýsingar eru samt afar glöppóttar og handahófskenndar. Í sjálfu sér er stundum hægt að grafast nánar fyrir um afdrif þessa fólks en það er mikið verk og hefur ekki verið gert hér. Lausleg athugun bendir þó

¹¹ Halldór Laxness: *Brekkukotsannáll*. Vaka-Helgafell, Reykjavík 2004.

til að niðursetningar í Skriðuhreppi á þessum tíma hafi almennt ekki komist til mikils auðs eða metorða. Sumir hokruðu á rýrum kotum, yfirleitt skamman tíma áður en þeir flosnuðu upp og fluttu á mölina, sumir fluttu vestur um haf.

Ég gat þess hér framar að amma mín hefði verið niðursetningur á Syðri-Bægisá á kostnað Glæsibæjarhrepps. Hér verða ekki höfð stór orð um frama afkomenda hennar en föðursystir mín sagði við bróðururdóttur sína á góðri stundu að við skyldum ekki búast við að neitt yrði úr okkur, afkomendum Benedikts og Rósu í Flöguseli. Þá átti hún reyndar ekki aðeins við fátæktina.

Í kaflanum um fjölda dvalarára ómaga hér að framan var nefnd Þorbjörg Friðriksdóttir sem var niðursetningur á Pverá hjá Stefáni Jónssyni (1802-1890) bónda og alþingismanni og Rannveigu Hallgrímsdóttur (1802-1874) konu hans, systur Jónasar skálds. Þorbjörg var niðursetningur á Pverá í sex ár og síðan vinnukona á heimilinu mörg ár enn sem bendir ekki til að dvölin þar hafi verið henni nein ánaud. Hún giftist síðar Stefáni Bergssyni (1854-1938) frá Efri-Rauðalæk, síðar oddvita og hreppstjóra í Öxnadal. Þau voru foreldrar Bernharðs kennara og alþingismanns. Í sama kafla var nefnd Soffía Björnsdóttir sem kom fimm ára gömul sem niðursetningur í Pverá og var þar fram á þrítugsaldur á sama tíma og Þorbjörg. Soffía var eitt barna framangreinds Björns Benediktssonar frá Flöguseli. Hún giftist Skagfirðingnum Sveini Björnssyni (1852-1922). Þau voru sárafátæk framan af, misstu fjögur börn af sjö en náðu sér á strík og bjuggu á Syðri-Bægisá og síðar Steinsstöðum. Brynjólfur (1888-1980) hreppstjóri í Efstalandskoti var sonur þeirra, einnig Stefán (1883-1930) varaborgarfulltrúi í Reykjavík, langafi Láru Stefánsdóttur skólameistara á Ólafsfirði og afi Hennýjar Hermansdóttur danskennara sem hefur nýlega endurheimt frægð sína með aðstoð Margrétar Blöndal, barnabarns Brynjólfs í Koti. Þriðja barn Soffíu og Sveins var Helga Guðbjörg, móðir Magnúsar heilsugæslulæknis á Akureyri og þeirra systkina. Þessi dæmi um niðursetninga, sem náðu að halda sér á floti, eru ekki mörg og önnur hafa ekki verið könnuð til hlítar. Afdrif þessara tveggja niðursetninga frá Steinsstöðum vekja þó óneitanlega spurningar um áhrif uppeldisins hjá því góða fólki sem hjónin á Steinsstöðum hafa líklega verið.

Þess er hinsvegar ekki að vænta að niðursetningum hafi vegnað verr en systkinum þeirra sem urðu eftir hjá foreldrum sínum sem bjuggu við þá fátækt að þeir urðu að láta börn sín frá sér sem tókubörn eða niðursetninga. Það hefur komið fram hér að framan að það voru yfirleitt frekar vel stað heimili sem tóku við niðursetningunum og þess vegna er líklegt að þeir hafi almennt fengið betra uppeldi og atlæti en systkinin sem eftir sátu. Dæmin um illa meðferð á niðursetningum eru án efa til og sögurnar af þeim sannar en við vitum ekki hversu algeng þau dæmi voru. Hitt vitum við að „fár bregður hinu betra ef hann veit hið verra,“ eins og máltækið segir. Þess vegna er eins víst að sögurnar um illa meðferð á hreppsómögum séu minnisstæðari en um heimilin sem fóru vel með börn, óháð því hver átti þau.

„Það er gott að fá barnið, hver sem á það“, sagði framangreindur Stefán á Rauðalæk þegar gárungarnir, sveitungar hans, reyndu að stríða honum á því að hann gæti ekki verið faðir svo fallegrar stúlku sem Moniku dóttur hans. Þetta viðhorf til barna var víst ekki endilega í heiðri haft meðal fósturforeldra niðursetninga í Skriðuhreppi á seinni hluta nítjándu aldar og jafnvel síðar, annars hefðu þessi orð Stefáns ekki orðið fleyg.

Skriðuhreppur og Saurbæjarhreppur


Eins og segir í inngangi þessara skrifa bjóst höfundur þeirra við að niðursetningum hefði verið þvælt meira milli bæja í Saurbæjarhreppi en á heimaslóðum hans sem reyndar voru í Glæsibæjarhreppi en ekki Skriðuhreppi sem þó var tekinn til skoðunar. Hér á eftir fer lauslegur samanburður á þessum málum í þessum tveimur sveitarfélögum en tekið skal fram að athugun á Saurbæjarhreppnum er hvergi nærri eins nákvæm og á Skriðuhreppnum. Íbúaföldi í Saurbæjarhreppi var á seinni hluta nítjándu aldar talsvert minni, sjá töflu 7:

Tafla 7: Íbúaföldi í Skriðuhreppi og Saurbæjarhreppi á seinni hluta 19. aldar og blutfall íbúa Saurbæjarhrepps af íbúum Skriðuhrepps

	1850	1860	1870	1880	1890
Skriðuhreppur	468	492	537	549	487
Saurbæjarhreppur	301	344	329	363	361
Saurbæjarhr. /Skriðuhr.	0,64	0,70	0,61	0,66	0,74


Hlutfallslegur barnafjöldi í sveitarfélögunum var svipaður eins og mynd 3 sýnir:

Mynd 3: Hlutfall barna í Skriðubreppi og Saurbæjarbreppi af öllum íbúum breppanna



Hlutfall niðursetninga af öllum börnum hefur þó verið sveiflukenndara í Saurbæjarhreppi, þeir voru fáir um og upp úr miðri öld en um 1860 fór þeim að fjölga mjög. Á árunum 1853 til 1858 voru aðeins einn til tveir niðursetningar undir fimmtán ára aldri í hreppnum en árið 1859 urðu þeir allt í einu tíu og á árunum 1870 til 1875 voru þeir um og yfir 35, flestir árið 1874, 47. Mynd 4 sýnir hlutfall niðursetninga af öllum börnum í þessum sveitarfélögum.

Mynd 4: Hlutfall niðursetninga af öllum börnum í Skriðubreppi og Saurbæjarbreppi á árunum 1850 til 1890



Gerð var samskonar athugun á fjölda niðursetninga í Saurbæjarhreppi og gerð hafði verið í Skriðuhreppi. Skráðir voru allir niðursetningar samkvæmt hreppsókum frá 1850 og fram til 1874 en á ár-

unum 1875 til 1880 voru upplýsingar fengnar úr sóknarmannatali viðkomandi sókna. Niðurstöður eru sýndar í töflu 8.

Tafla 8: Fjöldi og kynskipting niðursetninga undir 15 ára aldri í Skriðubreppi og Saurbæjarhreppi á árunum 1850 – 1880

	Niðursetningar (börn)					
	Skriðuhreppur			Saurbæjarhreppur		
	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals
0 - 2 ára	13	6	19	15	21	36
3 - 6 ára	16	8	24	15	18	33
7 - 10 ára	11	8	19	12	7	19
11 - 14 ára	14	4	18	7	5	12
Alls	54	26	80	49	51	100

Þar sem íbúafjöldi í Saurbæjarhreppi var aðeins um 2/3 af íbúum Skriðuhrepps er ljóst að meginhluta þessa tímabils voru niðursetningar í Saurbæjarhreppi tvöfalt fleiri hlutfallslega en niðursetningar í Skriðuhreppi.

Það vekur strax athygli hve kynjaskipting niðursetninganna í Saurbæjarhreppi er jöfn á meðan drengir eru helmingi fleiri en stúlkur meðal niðursetninga í Skriðuhreppi.

Pegar litið er yfir niðursetningahópinn í Saurbæjarhreppi á árunum 1850 til 1880 vekur það athygli að meginreglan hefur verið að börnin hafa verið hjá sömu fjölskyldunni frá því að þeim var komið í fóstur og þangað til þau áttu að vera farin að standa á eigin fótum eftir fermingu. Algengt var að þau væru áfram hjá fósturfjölskyldunni sem vinnufólk eftir að hreppurinn var hættur að borga með þeim. Sömu fyrirvara verður að hafa á athuguninni á Saurbæjarhreppi og á Skriðuhreppi, ástæða fyrir að börn voru á fleiri en einum bæ getur stundum hafa verið að fósturfjölskyldan flutti og niðursetningurinn með. Þetta hefur ekki verið skoðað jafnvandlega í Saurbæjarhreppi og í Skriðuhreppi. Tafla 9 sýnir fjölda dvalarstaða barnanna í Saurbæjarhreppi í samanburði við Skriðuhrepp.

Niðurstaðan af samanburði þessara tveggja sveitarfélaga er sú að enginn umtalsverður munur hafi verið á meðferð niðursetninga hvað varðaði þvæling þeirra á milli heimila eftir því hver bauðst til að hafa þau fyrir minnsta meðlagið. Í báðum hreppunum var meira en helmingur barnanna alltaf hjá sömu fjölskyldunni eftir að þau

Tafla 9: Fjöldi dvalarstaða niðursetninga í Skriðubreppi og Saurbæjarhreppi á árunum 1850 til 1880

	1 bæir	2 bæir	3 eða fleiri	Samtals	% á fleiri en einum bæ
Skriðuhreppur	48	20	12	80	40%
Saurbæjarhreppur	54	32	14	100	46%

voru tekin í fóstur. Allnokkur dæmi eru um það í Saurbæjarhreppi að barn hafi farið eitt ár á bæ og næsta ár á annan bæ en verið þar upp frá því. Höfundur pistils þessa kyngir því hér með þeim fordómum sínum að verr hafi verið farið með niðursetninga í Saurbæjarhreppi en í heimabyggð hans, hvað þvæling milli bæja varðar, þótt vissulega hafi Glæsibæjarhreppur bjargað sér undan dómi um málið með því að varðveita ekki hreppsþakur sínar eins vel og hin sveitarfélögin. Sjálfsgagt hafa viðhorf hreppstjóra þar þó verið svipuð og annarstaðar.

Hér verður ekki fjallað nánar um aðra hópa sveitarómaga né um tókubörn í Saurbæjarhreppi. Þó má þess geta að meginreglan þar var að gamlingjar væru á sama bæ uns yfir lauk eftir að þeir komust á sveitarframfæri. Á þessu voru þó undantekningar. Sigríður Bjarnadóttir fór á sveitina 75 ára gömul og var eftir það á Jórunnarstöðum, Hrísum, Melgerði, Rauðhúsum, Torfufelli, Þormóðsstöðum, Ytri-Villingadal og aftur á Jórunnarstöðum. Verri dæmi eru þó um öryrkjana, hreppsómaga á aldrinum 15 til 60 ára eða svo sem voru ófærir um eigin framfærslu. Guðrún Sigurðardóttir brjáláðist 25 ára gömul og var á tveimur bæjum áður en hún komst í varanlega vist á Núpufelli. Helga Guðmundsdóttir var í hreppsþókinni sögð heyrn- arlaus og vitlaus, leiðinleg og fjandi óþæg. Næstu ár eftir að hún varð 29 ára var hún vistuð á nokkrum bæjum sum árin, mest á fjórum bæjum áður en hún fékk varanlega vist í Nesi þar sem hún var tólf ár samfleytt. Sigurður bróðir hennar vann sér það til óhelgi að vera nánast blindur og óþægur, Íslendingabók segir hann hafa verið geðbillaðan. Hann var vistaður víða, eitt árið á þremur bæjum, annað á fjórum.

Niðurstöður

Á seinni hluta 19. aldar var algengt í Skriðuhreppi að börn væru vistuð utan heimila foreldra sinna, ýmist sem neyðarúrræði foreldra – fósturbörn og tökubörn – eða sem neyðarúrræði sveitarinnar – niðursetningar eða niðursetur. Samskonar úrræði voru notuð þegar um var að ræða fullorðna öryrkja og gamalt fólk sem gat ekki lengur séð fyrir sér. Í þessari samantekt hefur fyrst og fremst verið horft á tökubörn og niðursetur í Skriðuhreppi sem voru 3,5 til 5% hrepps-búa á þessum tíma og hreppsómagar, börn og fullorðnir, kostuðu sveitarsjóð gjarnan um 90% af útgjöldum hreppsins. Á tímabilinu sem skoðað var – árin 1850 til 1880 – fór tökubörnum fækkandi en niðursetum fjölgaði. Meðal tökubarna voru stúlkur heldur fleiri en drengir en drengir voru helmingi fleiri en stúlkur meðal niðursetninga. Algengast var að tökubörn færu frá foreldrum sínum eftir tíu ára aldur en niðursetningar fóru almennt yngri að heiman, algengast var að þeir væru þriggja til sex ára sem skýrir að niðursetningar voru almennt mun lengur í fóstri en tökubörn. Meira en 70% tökubarnanna voru aðeins eitt til tvö ár í fóstri en rúm 40% niðursetninga voru eitt til tvö ár í fóstri og um 30% þeirra voru sex ár eða lengur. Aðeins 11% tökubarnanna dvöldust á fleiri en einum bæ og ástæðan fyrir umskiptunum var gjarnan að fósturforeldrarnir fluttu milli bæja. Um 60% niðursetninganna voru allan fósturtímamann á sama bænum en 15% þeirra voru á þremur bæjum eða fleiri. Það virðist þó hafa verið viðurkennt sjónarmið að best væri fyrir barnið að það væri sem mest hjá sömu fósturforeldrum.

Nokkur dæmi eru um að stórir barnahópar frá sömu foreldrum hafi verið niðursetningar og nokkuð ljóst að foreldrar sem ólust sjálfir upp á fátækum heimilum hafa oft átt erfitt uppdráttar og þurft að láta börn sín frá sér.

Fósturforeldrar niðursetninga voru almennt betur stæðir en meðalbóndinn í sveitinni sem bendir til að skilyrði til að fara vel með þessi börn hafi verið heldur góð. Þar með er ekki sagt að vel hafi verið farið með niðursetninga en um atlæti þeirra eru næsta fáar heimildir. Við vitum ekki hvort þeir nutu ástar og umhyggju til jafns við önnur börn en engum þarf að koma á óvart þótt svo hafi ekki verið. Niðursetningar og tökubörn voru eflaust látin vinna en það

hafa önnur börn þurft að gera líka. Líklega var þó á mörgum heimilum staðið nokkuð vel að uppeldi þessara barna. Þeim var kennt að lesa og sú skylda hvíldi á fósturheimilunum að þeim væru kennt fræðin, þ.e. lestur og sú kunnátta sem þau þurftu að hafa til að geta fermst. Sóknarmannatöl bera með sér að presturinn hefur litið eftir fræðslunni og skráð í bókina hvernig börnin stóðu sig á hverjum tíma. Að öðru leyti komu þessi börn úr fósturinu með tvær hendur tómar og fá dæmi hafa sést um að niðursetningarnir, sem hér voru skoðaðir, hafi orðið vel bjargálna síðar á lífsleiðinni. Þó eru dæmi um að stúlkur, niðursetningar, hafi gifst sæmilega efnuðum bónda-sonum og búnast vel. Yfirleitt gekk fátæktin þó í erfðir og það var ekki fyrr en löngu seinna sem sanngirnibætur voru fundnar upp handa börnum sem fengu óásættanlegt uppfóstur á kostnað hins opinbera.

Ekkert bendir til að nokkur grundvallarmunur hafi verið á meðferð hreppsómaga í Skriðuhreppi og Saurbæjarhreppi. Athyglisvert er að hlutfall kynja meðal niðursetninga undir fimmtán ára aldri var jafnt í Saurbæjarhreppi en í Skriðuhreppi voru piltar helmingi fleiri en stúlkur.

Er þetta læknir, með alskegg og svona dökkur?

Viðtal Kristínar Aðalsteinsdóttur við Nick Cariglia

Bernskuárin og ítalska fjölskyldan mín

Ég man fyrst eftir mér í stórri barnakerru, ég var fjögurra ára og lá í kerrunni fyrir neðan tröppurnar heima, frændi minn var að reyna að svæfa mig en ruggaði kerrunni þannig að ég gat alls ekki sofnað. Já, líf mitt hófst í Brooklyn, New York, þar sem ég fæddist 6. desember 1946 á sjúkrahúsi, þar sem ég átti síðar eftir að starfa sem sérfræðilæknir. Pabbi kom á sjúkrahúsið eftir vinnu til að líta á mig nýfæddan. Hann bankaði á glerið og spurði hvort hann mætti sjá Cariglia barnið. Ljós móðirin sem þarna var, innan um öll börnin, náði í mig og kom með mig í fanginu en þá hrópaði pabbi: „*Nei, nei, ekki litað (colored) barn, ég vil fá að sjá Cariglia barnið.*“ Ég var nefnilega mjög dökkur, með mikið svart hár. Þetta var í fyrsta en ekki síðasta sinn sem ég varð fyrir kynþáttafordómum. Ég fæddist ári eftir að pabbi kom heim frá herþjónustunni 1945 en hann var kallaður í herþjónustu 25 ára gamall. Fyrstu fimm árin mín bjuggum við í ítölsku hverfi, Carrol Gardens nálægt Brooklyn Heights í New York. Á þessu svæði bjó aðallega ítalskt fólk. Lífið í hverfinu þessi fyrstu ár var götulíf, við krakkarnir vorum úti að leika okkur allan daginn,

Nicholas (Nick) Cariglia fæddist í Brooklyn, New York
6. desember árið 1946.

Foreldrar hans voru: Giovanni (John) Cariglia
og Concetta (Connie) Cariglia.

Systir hans var Vivien Cariglia.

Eiginkona Nicks er Rósa Kristín Júlíusdóttir,
fyrirverandi dósent við Háskólann á Akureyri.

Börn þeirra eru John Júlíus og Nicole Vala og barnabörnin eru fjögur.



Afi og amma á Peschici, Mike frændi, Merina og faðir Nicks.

Úr förum Nicks Cariglia. –

sparka fótbolta og í öðrum leikjum. Ég var fimm ára þegar við fluttum í annað hverfi, Bay Ridge.

Föðuramma mín, Cenzina (Nonna), var frá Peschici, litlum bæ á Garganoskaganum á Ítalíu en föðurafi minn Nicola (Nonno) var frá Vieste á sama skaga. Svo virðist sem ástin hafi dregið afa minn til Peschici, þar sem hann gerðist klæðskeri. Sjálfur átti ég eftir að láta ástina stýra því hvar ég settist að, ég leitaði aðeins lengra en hann afi minn. Í Peschici var presturinn efstur í virðingarstiganum en klæðskerinn kom þar á eftir því að enginn var læknirinn í þessum litla bæ. Afi hafði því bæði góða atvinnu og góð laun, sem breytti miklu fyrir fjölskylduna. En afi hafði heyrt um fyrirheitna landið, Bandaríkin, gullna landið hinum megin Atlantshafsins, og þangað vildi hann fara. Og þangað fóru þau amma og tóku allar sínar veraldlegu eigur með



Nick sem barn. Úr förum Nicks Cariglia.

sér, gullúr og fötin sín. Ann- að var það ekki. Þau settust að í Hoboken í New Jersey og eignuðust þar þrjú börn. Sonurinn Michael fæddist 1914, skömmu eftir að þau settust að í Hoboken. Í mínu lífi var hann alla tíð bara Mike frændi. Pabbi, Giovanni Cariglia, fæddist 1916 og dóttirin, Merina, 1918. Systkinin Olga og Antonio (Töny frændi) fæddust á Ítalíu eftir að dvöl fjölskyldunnar í Bandaríkjunum lauk, en hún varð stutt.

Það leið nefnilega ekki á löngu þar til afi sá að Bandaríkin voru ekki draumalandið og fjölskyldan flutti aftur til Peschici á Ítalíu í byrjun árs 1920. Þar ólst pabbi minn upp til 17 ára aldurs.

Á árunum 1933-34 var afi mjög hræddur við Mussolini og fasis- mann, honum fór að líða illa á Ítalíu og varð hræddur um að synir hans lentu í hernum. Hann sendi því Michael og pabba aftur til Bandaríkjanna en Merina og Olga fóru hins vegar aldrei frá Ítalíu. Antonio, yngsta systkinið, fór til Bandaríkjanna 1954. Elstu systkin- in, sem voru fædd í Bandaríkjunum, höfðu bandarískt vegabréf frá fyrri tíð sem skipti bræðurna miklu máli við þessar aðstæður. Pabbi hafði verið í prestaskóla í Peschici á Ítalíu en hann þótti efnilegur námsmaður og átti að verða prestur. Þar lærði hann að tala Flórens- ítölsku og talaði hana alltaf, en hún þótti finni og merkilegri en Peschici-mállýskan. Hún er töluð í Flórens, höfuðborg Toscana héraðsins. Michael fór í almennan skóla og talaði alltaf ítölsku með Peschici-hreim. Pabbi settist síðar að í Brooklyn en Mike frændi settist að í Bronx. Mike giftist ítalskri konu frá Sikiley, sem þótti ekki sérlega fínt en hún var líka dálítið kjaftfor og gróf. Þeir bræðurnir urðu báðir klæðskerar, lærðu af föður sínum og pabbi fékk fljótlega vinnu sem klæðskeri.

Pabbi vann mikið og hann keypti sér fljótlega bíl. Skömmu síðar



Olga (föðursystir), Nick og Merina (föðursystir).

Ljós. Kristín Aðalsteinsdóttir.

fór hann í helgarferð á nýja bílnum til Catskills, ekki langt þaðan sem Woodstock hátíðin var á sínum tíma. Þar kom hann að gistihúsi þar sem eldri hjón sátu úti á verönd. Í ljós kom að þau töluðu ítölsku. Pabbi fullyrkti að þau hefðu fljótlega ákveðið að þarna væri mættur eiginmaður fyrir dóttur þeirra; glæsilega klæddur herramaður á bíl. Pabba fannst alltaf gaman að klæða sig vel, ég erfði ekki þann eiginleika. Þegar dóttir hjónanna, Concetta, kom út á veröndina kviknaði einfaldlega ást við fyrstu sýn, allt fór eins og foreldrarinn helst óskuðu. Mjög fljótlega eftir að pabbi og mamma giftu sig var stríð skolið á í Evrópu og pabbi var kallaður í ameríska herinn. En vegna þess að hann talaði ítölsku var hann þjáfaður sem njósnari. Hann kom til baka árið 1945, þegar stríðinu lauk, eftir fjögurra ára fjarveru.

Öll stríðsárin bjó mamma með foreldrum sínum í Carol Gardens í Brooklyn. Hún vann og gat lagt til hliðar, enda keypti hún hús að stríðinu loknu. Húsið var í Bay Ridge í New York. Foreldrar hennar fluttu fljótlega í næsta hús. Í Bay Ridge-hverfinu bjuggu aðallega Norðmenn og Írar. Ég veit satt best að segja ekki af hverju foreldrar mínir völdu þetta hverfi. Hugsanlega voru þau einfaldlega sjálfstæð

eða þeim fannst hverfið betra en það ítalska. Móðurafi minn, Giuseppe (Joseph), hafði komið sjóleiðina til Ameríku um 1890 frá Ischia, eyjum fyrir utan Napóli. Ég heyrði aldrei neitt um fjölskyldu hans en hann var tókubarn. Joseph vann úr leðri, saumaði hanska en talaði líka táknaál og vann í heyrnleysingjaskóla. Enginn hefur haft meiri áhrif á mig en Joseph, móðurafi minn. Hann var ekki fyrir að klæða sig upp, var rólegur og skapgóður, hann gaf sér mikinn tíma til að tala við okkur barnabörnin, hann kenndi mér að spila ítölsk spil og talaði bara ítölsku. Joseph afi fór mjög vel með hluti og peninga og hann safnaði ótrúlegustu hlutum, t.d. gúmmíteygjum sem hann smeygði upp á peningaveskið sitt, engu mátti henda. Þetta gerir fólk sem hefur kynnst fátækt. Móðuramma mín, Consiglia, kom frá Procida, annarri eyju í Napólíflóa, en hún dó þegar ég var fimm ára. Afi bjó áfram í húsinu með dóttur sinni. Á þessum árum voru tengsl mín fyrst og fremst við móðurfjölskyldu mína en aðeins við Michael, föðurbróður minn.

Siðir, venjur og vinir

Pabbi var farinn til vinnu þegar ég vaknaði á morgnana og kom heim seint á kvöldin. Mamma var alltaf heima. Við vorum tvö systkinin, systir mín, Vivien, og ég. Áður en við fórum að sofa á kvöldin lagði mamma alltaf á borð fyrir pabba og okkur systkinin. Núna geri ég þetta alltaf hér á Akureyri, legg á borð fyrir morgunmatinn.

Við fengum ekki mat í skólanum en vorum með nesti að heiman. Ég fór með samlokur með ólífuo líu og eggaldin og kjötbollur í brúnum pappírspoka að ítölskum sið. Þetta var allt orðið blautt og ömurlegt þegar ég kom í skólann. Ég skipti því oft um nesti við norsku og írsku strákana. Þeir voru með hvítt brauð með skinku og osti sem mér fannst miklu betra. Eftir skóla kom ég heim og var oftast að leika mér úti á götu, þar var allt morandi í krökkum. Írinn Edward MacDonald var kallaður Micky. Eitt sinn bauð hann mér að koma heim til sín eftir skóla, við vorum átta ára. Hann bjó um 500 metra frá húsinu mínu. Micky fór inn og sagði að hann ætlaði að tala við ömmu sína. Ég beið góða stund á tröppunum, svo kom hann einn út, skritinn á svip og sagði: „*Þú mátt ekki koma inn í húsið okkar af því þú ert ítalskur, amma segir það.*“ Þetta var árið 1954 í New York

og fyrstu fordómarnir sem ég upplifði beint. Tilfinningin var mjög skrítin og ógleymanleg, þetta var eins og högg. Ég labbaði heim og velti fyrir mér hvort ég ætti að segja frá eða þegja. Ég gekk heim og fór að læra. Við borðuðum aldrei fyrr en pabbi kom heim og máttum aldrei fara frá borðinu fyrr en hann var búinn að drekka kaffið sitt, dauðþreyttur eftir langan vinnudag. Ég sat sorgmæddur við matarborðið og hafði enga matarlyst. Mamma og pabbi skynjuðu bæði að eitthvað var að enda spurði pabbi: „Hvað er að, Nicholas?“ „Það er ekkert að,“ sagði ég. „Jú, það er eitthvað.“ Mamma bað mig líka að segja hvað væri að.

Ég sagði þeim að ég hefði farið heim með Micky en amma hans hefði sagt ég mætti ekki koma inn af því að ég væri ítalskur. Pabbi varð mjög reiður, ég man vel að ég reyndi að róa hann. Ég hef alltaf reynt að stilla til friðar, verið friðarsinni. Pabbi æsti sig mikið og sagði að ég mætti aldrei vera með Micky eða fara heim til hans. Allt fór í háaloft. En þessu máli lauk aldeilis vel, því að foreldrar Micky urðu seinna besta vinafólk mömmu og pabba, þau borðuðu saman, borðuðu nær alltaf saman á þakkargjörðarhátíðinni í nóvember, fóru í ferðalög og jafnvel í siglingar saman. Það var nefnilega ekki hægt að koma í veg fyrir vináttu okkar félaganna. Mínir bestu vinir voru Micky og Brian. Brian var svaramaður minn þegar ég gifti mig hér á Akureyri og ég var svaramaður Micky í Boston.

Brian var einn okkar þriggja æskuvinanna sem sendur var til Víetnam í það hryllilega stríð. Ég keyrði Brian með pabba hans á flugvöllinn þegar hann var að leggja af stað til Víetnam. Enginn okkar sagði eitt einasta orð á leiðinni í bílnum. Ég var mjög hræddur um að ég sæi Brian aldrei aftur. Hann lifði en 55.000 ungir amerískir menn misstu lífið í þessu stríði. Til hvers? Hvað hefur breyst?

Mamma hlustaði alltaf á veðurfregnirnar, það brást ekki. Ef það var minnsti möguleiki á því að það myndi rigna klæddi hún mig eins og norskan sjómann, í regnkápu með sjóhatt og í stígvél. Ég þurfti auðvitað að ganga í skólann, um kílómetra upp í móti. Oftast var engin rigning og ég þrammaði áfram í þessum búningi, 8-9 ára gamall. Eitt sinn fór ég inn í bílskúr heima og skipti um föt þegar mamma sá ekki til. Svo gekk ég í skólann í sól og blíðu en seinni partinn var komin dynjandi rigning og ég kom alveg gegnblautur

heim. Ég vissi að ég gat ekki farið svona inn og fór í bílskúrinn og klæddi mig í regngallann. „*Já, sagði ég ekki, ég vissi að það færi að rigna, drengur minn,*“ kallaði mamma. En þegar ég klæddi mig úr var ég auðvitað gegnblautur undir gallanum. Þá varð mamma öskureið og togaði mig á hárinu inn í eldhús. Það var mjög vont. En mamma og pabbi börðu okkur oft og mikið. Þau lömdu okkur með tréslEIF-um og mamma var mjög snögg að kippa af sér skónum og kasta þeim í okkur systkinin. Mamma var þekkt fyrir þetta. Ég bauð vinum mínum, Brian og Micky, heim til að sjá hvað mamma væri fær að kasta í mig skónum. Ef hún var að tala í síma og ég kallaði í hana tók hún af sér skóna og kastaði þeim í mig, til að láta mig vita að ég ætti ekki að trufla hana. Hún hitti vel. Ég sýndi strákunum hvað hún væri flink að hitta. Þeir höfðu aldrei séð annað eins.

Í næsta húsi við okkur bjó norsk fjölskylda, pabbinn hét Albert Anderson og var trésmiður, mamman hét Anna Anderson og þau áttu tvo stráka, Arthur og Arnold. Arthur var aðeins eldri en ég og við vorum vinir. Ég var oft heima hjá þeim og það fannst mér gott, þar var allt svo afslappað. Þar þurfti fólk ekki að sitja stíft við matarborðið og þau fóru ekki í kirkju alla sunnudaga. Þetta voru fyrstu tengsl mín við Skandinavíu. Í hverfinu bjuggu þá 40.000 Norðmenn sem fóru í skrúðgöngur og hylltu Leif Eiríksson. Þar voru ljóshærðar stelpur og norsk búð sem seldi síld. Arnold varð mjög þekktur taugasérfræðingur.

Við félagarnir, Brian, Micky og ég vorum saman í barnaskóla og við spiluðum körfubolta saman, við vorum líka óaðskiljanlegir í menntaskóla. Eftir menntaskóla fór Micky í Boston-háskóla en Brian fór í Notre Dame-háskólann í Indiana. Ég mátti hins vegar ekki fara frá New York, foreldrar mínir vildu ekki sleppa mér. Mér var boðinn styrkur til að spila amerískan fótbolta í Syracuse-háskól-anum í New York fylki en foreldrar mínir bönnuðu mér að fara þangað, ég mátti bara fara í háskóla í New York og vera sem næst þeim. Mig langaði að fara lengra, eins og vinir mínir, en það kom ekki til greina að ég mætti gista annars staðar en heima, frekar varð ég að fara með lest á milli staða, 100 km fram og til baka. Foreldrar mínir voru vissulega strangir. Við vinirnir vorum allir góðir í körfu og mér var boðinn styrkur til að spila körfubolta sem fól í sér að ég

dveldi í heimavist skólans, en þau leyfðu mér það ekki fyrr en ég væri orðinn 18 ára. Þá fyrst var klippt á naflastrenginn.

Þegar við Rósa Kristín giftum okkur, í september 1971, komu mamma, pabbi, systir mín og Brian frá Bandaríkjunum. Í júní, um þremur mánuðum áður, vaknaði ég upp af draumi, vakti Rósu og sagði að það væri eitthvað að afa, ég sagðist finna það á mér. Á þessum tíma var ekki hringt á milli landa og ég gleymdi þessu. Við fór-um suður í september til að sækja brúðkaupsgestina og eitt það fyrsta sem ég spurði um var hvernig afi hefði það. „*Honum líður vel og sendir sínar bestu kveðjur og er leiður yfir því að vera ekki með ykkur í brúðkaupinu,*“ sagði mamma. Þegar giftingunni var lokið sagði mamma að afi hefði dáið í júní, hún vildi bara ekki eyðileggja giftinguna með erfiðum fréttum. Hann hafði verið dáinn í þrjá mánuði þegar ég frétti af láti hans. Þetta er ítölsk menning.

Fjölskylda mömmu átti 2-4 hús, sumarhús á Patchogue á Long Island en pabbi hafði ekki efni á að eiga slíkt hús. Þegar ég var 14 ára var okkur boðið þangað og við gistum þar hjá ömmusystur minni. Parna var trébryggja og þar stóð stelpa sem spurði hvort ég vildi ekki stinga mér, stelpan var voða sæt og ég vildi vera töffari, ég þurfti ekki frekari hvatningu og stakk mér í hveli en fann þegar ég rak mig í stein og var dreginn upp illa fótbrotinn. Ekki var hægt að koma bíl fyrir á bryggjunni og því var ég settur á hjól og hjólað með mig á þessari ósléttu trébryggju með brotnu löppina lafandi. Þá fann ég þann mesta sársauka sem ég hef upplifað. Stelpuna sá ég aldrei aftur.

Ég var lagður inn á sjúkrahús, pabbi kom að heiman daginn eftir, bæklunarlæknar vildu skera mig og setja rör í legginn en pabbi neitaði því alveg, hann sagðist ekki treysta augum læknisins. Það var ekki skemmtilegt að vera í gifsí upp í nára. Á sjúkrahúsinu var ég á tvíbýli og einn daginn kom hjúkrunarkona til mín og spurði mig hvort drengur nokkur mætti liggja í rúminu við hliðina á mér. Hún spurði mig sem sé, ég var 13 ára. Þetta var árið 1959. Twyman hét strákurinn og var af afrískum uppruna. Þetta voru mín fyrstu kynni af fordómum gagnvart afrískum Ameríkönnum. Þegar ég var að útskrifast kom mamma hans með sælgætisbox til mín, í þakklætisskyni fyrir að leyfa honum að vera í sama herbergi og ég. Mamman vann á sjúkrahúsinu, hún var gangastúlka og þurfti að spyrja hvítt fólk hvort

barnið hennar mætti vera á stofu með hvítum dreng. Ég var nú mánuði í gífsi og það eina sem ítölsku fjölskyldunni minni datt í hug að gera til að lækna mig þegar heim kom var að gefa mér að borða, mér var gefinn matur og meiri matur, ég var orðinn eins og feit gæs, orðinn 120 kíló þegar ég byrjaði í menntaskólanum um haustið.

Mike, bróðir pabba, elskaði stangveiði en pabbi hataði hana, fannst slíkt bara tímaeyðsla. Þeir voru ólíkir sem birtist með ýmsu móti. Mike fór aldrei til Ítalíu og sendi aldrei peninga til fjölskyldunnar þar eins og pabbi gerði. Þetta fannst pabba vanvirða og virðingarleysi gagnvart eigin fjölskyldu. Ósætti þeirra bræðranna endaði með því að þeir hættu alveg að tala saman. Mike lést aðeins 61 árs gamall, miklar reykingar flýttu fyrir dauða hans. Pabbi sendi alltaf stóran hluta launanna sinna til Ítalíu. Þar var byggt hús fyrir þá peninga og þetta lét hann mömmu aldrei vita neitt um. Ég hitti Cenzina, ömmu mína, á Ítalíu fyrst 1968, þá var ég 22 ára. Þá hitti ég líka föðursystkini mín, Merina og Olgu í fyrsta sinn og Antonio. Olga og Antonio fæddust á Ítalíu. Pabbi aðstoðaði Antonio að flytja til Bandaríkjanna og fá ríkisborgararétt. Antonio var klæðskeri eins og pabbi og bjó hjá foreldrum mínum í Bay Ridge í nokkur ár en giftist síðar konu frá Peschici.

Ég ætla að skjóta þig í hnéð

Ég útskrifaðist með B.Sc. í líffræði árið 1968, en um sama leyti barst bréf frá ameríska hernum og ég var kallaður í herþjónustu því að Víetnam-stríðið var í fullum gangi. Mér varð mjög mikið um því að ungir menn, sem ég þekkti vel úr mínu nágrenni, höfðu farið til Víetnam og týnt lífinu. Ég var boðaður í lækniSSkoðun vegna herkvaðningarinnar eins og vera bar en hafði röntgenmynd af fótbrotninu meðferðis því að ég ætlaði að sannfæra lækna um að ástandið á mér væri slíkt að ég yrði ekki sendur í stríðið. En svo kom í ljós að lækniSSkoðunin var fádæma yfirborðsleg og ekki tekið mark á neinu sem ég sagði. En ég reyndi mitt besta til að látast óhæfur. Ég var heyrnarprófaður og þóttist ekki heyra það sem ég heyrði, en lækniSSirinn sagði samt að ég heyrði alveg prýðilega, ég var sjónprófaður og þóttist ekki sjá, en lækniSSirinn sagði að ég sæi afar vel. Ég reyndi að sýna röntgenmyndina af fótbrotninu en það hafði ekkert að segja.

Niðurstaða skoðunarinnar var að ég væri við sérstaklega góða heilsu og ég fékk stimpil upp á að ég væri mjög vel hæfur til að fara í herinn. Ég skyldi fara til Víetnam.

Þegar ég kom heim og pabbi heyrði niðurstöðuna fór hann í næsta herbergi og kom til baka með skammbyssu sem hann átti frá því hann var í Evrópu í heimsstyrjöldinni síðari. „Ég ætla að skjóta þig í hnéð svo að þú verðir ekki sendur til Víetnams,“ sagði pabbi. „Heyrðu, má ekki ræða málið aðeins,“ spurði ég dauðskelkaður. Við ræddum málin og möguleikann á því að ég færi af landi brott, til Ítalíu. Á stríðsárunum hafði pabbi kynnst frægum hljómsveitarstjóra, Cinico Angelini að nafni, sem þá var dæmdur fasisti og sat í fangelsi og þar kynntist pabbi honum. Pabba fannst Angelini góður maður og skilningsríkur og vann að því að hann losnaði úr fangelsinu, sem varð. Parna, um tuttugu og fimm árum síðar, skrifaði pabbi Angelini, sendi honum mynd af mér og spurði hvort hann gæti aðstoðað son sinn og tekið á móti honum á Ítalíu. Á meðan á þessum bréfaskriftum stóð fór ég í ítalska sendiráðið í New York og sótti um inngöngu í læknanám á Ítalíu, ekki endilega til að verða læknir heldur fyrst og fremst til að losna undan herskyldu. Þegar ég var þarna í sendiráðinu, til að leita upplýsinga, vék sér að mér smávaxinn náungi og spurði hvert ég hugsaði mér að fara á Ítalíu, sem ég sagði honum, ég ætlaði til Bologna. Þá sagðist hann sjálfur vera að sækja um lækna-skóla í Bologna og stakk upp á því að við leigðum íbúð saman þegar við kæmum þangað, sem við svo gerðum. Ég flaug til Ítalíu frá Kennedy-flugvelli en hafði aldrei farið til útlanda áður, ekki einu sinni til Kanada. Gamli kunninginn hans pabba, Angelini, tók á móti mér og sýndi mér heim ríka fólksins í Róm. Það stóð heima sem pabbi hafði sagt, Angelini var mjög þægilegur og bauðst til að hjálpa mér við hvað sem væri. Það var auðvitað mjög gott að eiga hann að þessa fyrstu daga á Ítalíu og líka síðar.

Rósa Kristín

Fyrstu mánuðina var ég svo í borginni Perugia til að læra ítölsku, ég þurfti að læra vandaða ítölsku en foreldrar mínir töluðu alltaf við okkur á ensku af því að þau vildu ekki að við töluðum ensku með ítölskum hreim. Þegar ég kom fyrst í skólann og gekk inn í mat-



Nick og Rósa.

Úr förum Nicks Cariglia.

salinn, á sandölum og í regnkápu, eins og Bob Dylan, sá ég nokkra krakka við borð og settist hjá þeim. Þau spurðu hvaðan ég væri og þegar ég sagðist vera frá Ameríku stóðu þau öll upp sem eitt og fóru. Þetta var í fyrsta sinn sem ég upplifði hatur á Ameríku og mér varð mikið um. En ég eignaðist vini í skólanum. Þar voru til dæmis margir Arabar, ég orti síðar ljóð um arabískan vin minn, Usamo.

Nokkrum vikum seinna sá ég stúlku í salnum sem sat ein við borð og spurði hana hvort ég mætti setjast hjá henni. Ég mátti það. Hún sagði mér að hún væri frá Íslandi en ég hafði aldrei heyrt á það land minnst. Fljótlega spurði ég hvort ég mætti bjóða henni út, en hún var mjög ákveðin, sagðist vera upptekin þetta kvöld og líka það næsta. En við náðum þó saman nokkru síðar. Þetta var Rósa Kristín, sem varð konan mín. Hún var að hefja listnám í Brera Lista-Akademíunni í Mílanó, hún hafði fengið háan íslenskan styrk til

námsins. Frá Perugia fór hún því til Mílanó en ég fór til Bologna. Við heimsóttum oft hvort annað. Ári eftir að við hittumst hóf Rósa listnám í Accademia di Bell Arte í Bologna og við leigðum litla íbúð í borginni. Eitt sinn kom vinafólk foreldra minna í heimsókn. Það var skemmtilegt. En nokkru síðar fékk ég bréf frá foreldrum mínum sem höfðu frétt að ég væri kominn með kærustu og í bréfinu tilkynntu þau að þau myndu ekki styðja mig frekar fjárhagslega vegna námsins. Þau höfðu ekki trú á því að ég myndi sinna náminu úr því stúlka var komin í spilið. Þessi ákvörðun þeirra stóð öll árin sem ég stundaði læknisfræðinámið. Ég gerði því eitt og annað til að kosta námið, ég fékk vinnu á bar, svo spilaði ég líka körfubolta með liði Bologna og fékk 100 dollara fyrir hvern leik sem var mikill peningur (húsaleigan var 60 dollarar á mánuði) og þetta bjargaðist. Nei, foreldrar mínir studdu mig aldrei eftir þetta. Við Rósa Kristín bjuggum á Ítalíu í sex ár.

En eftir að börnin okkar, John Júlíus (1974) og Nicole Vala (1976), fæddust varð samband okkar Rósu við foreldra mína aftur eðlilegt, við borðuðum saman um helgar og þess háttar en þegar við tilkynntum þeim að við ætluðum að flytja til Íslands breyttist allt. Frá því andartaki töluðu þau ekki við okkur í þrjú ár, þau höfðu ekkert samband við okkur, engin tengsl. Svona var þetta.

Ísland og óvænt atvik

Ég kom til Íslands í fyrsta sinn 1969. Vinkona Rósu sótti mig til Keflavíkur á fólkswagenbjöllu, ég sat í framsætinu á bílnum hennar og horfði í kringum mig og spurði sjálfan mig hvað í ósköpunum ég væri að gera til þessa lands, landið sem við blasti var svo ótrúlegt. Ég vissi ekki hvert ég væri kominn. Svo hitti ég fjölskyldu Rósu. Valgerður, mamma hennar, talaði ekki ensku en það gerði Júlíus, pabbi hennar, og systkinin hennar, Odda og Gummi. Fyrsta daginn á heimili Rósu sagði mamma hennar að ég ætti að sofa í herberginu hennar Rósu. Ég trúði því ekki að ég ætti að vera í sama herbergi og Rósa, ég hélt að pabbi hennar myndi koma með haglabyssu og skjal til að kvitta fyrir að ég ætlaði örugglega að giftast dóttur hans. Þarna voru aðrir síðir en ég hafði kynnst og ég svaf ekki vel þessa fyrstu nótt mína á Íslandi. Svo fékk ég líka vinnu í Mól og sandi sem er

erfiðasta vinna sem ég hef upplifað og ég gafst fljótlega upp á að vinna þar. Ég kom svo til Íslands í nokkur sumur eftir þetta. Sumarið 1973 vann ég sem kandidat eða unglæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eins og sjúkrahúsið hét þá, þar voru þá fjórir læknakandidatar, tveir á lyflækningadeild og tveir á handlækningadeild. Ég var á handlækningadeild en fæðingadeildin var hluti hennar. Eitt sinn kallaði ljósmóðir á mig vegna konu sem var réttbúin að fæða en hafði rifnað illa og sagði mér að ég ætti að sauma hana. Ég hafði aldrei séð það gert og aldrei unnið slíkt verk áður. Sem betur fer gekk það allt vel en þetta var erfitt, svo ekki sé meira sagt.

Eftir að hafa unnið hér á Íslandi um stund áttaði ég mig á því að heilbrigðiskerfið var gjörólíkt bandarísku heilbrigðiskerfi. Hér var ekkert einkakerfi og allir höfðu rétt á sömu þjónustu. Kerfið var félagslega uppbyggt, sem var alveg ný reynsla fyrir mig, og ég varð fljótt mjög hrifinn af þessum sjálfsagða rétti allra til heilbrigðisþjónustu. Þessi fyrsta reynsla mín af íslenska heilbrigðiskerfinu átti stóran þátt í því að ég ákvað síðar að flytja og vinna á Íslandi.

Líf læknis

Ég lauk læknánáminu í júlí 1974. Þá komu foreldrar mínir til Bologna. Útskriftin var hátíðleg, ég eins og aðrir flutti erindi, svo fórum við út að borða en að því loknu keyrði Bruno, vinur minn, mig á lestarstöð því að ég þurfti að komast til Lúxemborgar, sem tók 13 tíma. Bruno átti barinn sem ég vann á til að kosta læknánámið. Frá Lúxemborg flaug ég til Íslands og til að vinna á FSA, en Gauti Arnþórsson yfirlæknir hafði hvatt mig til að koma til sjúkrahússins. Skömmu eftir að ég kom til Íslands var Rósa komin á fæðingar-deildina til að eiga son okkar, hann John Júlíus.

Úr því að ég hafði ekki stundað læknánámið í Bandaríkjunum þurfti ég að taka inntökupróf (ECFMG) til að fá leyfi til að starfa sem læknir í Bandaríkjunum og það gat ég gert við Háskóla Íslands. Kvöldið áður gisti ég hjá frændfólki Rósu, Benedikt og Lóló. Benedikt bauð upp á brennivín og hákarl. Ég tók sex klukkutíma próf daginn eftir og var þunnur en náði samt prófinu með ágætum. Þegar ég hóf starfið á FSA spurði Gauti mig hvort ég kynni að svæfa sjúkl- inga. Nei, það hafði ég aldrei lært. Þá lét hann mig fá þrjár bækur og



Á Baffo bar í Bologna með Bruno eiganda og starfsstúlkum. Úr förum Nicks Cariglia.

sagði að frá og með morgundeginum ætti ég að vera svæfingalæknir á þessu sjúkrahúsi. Ég skyldi bara fara heim og lesa mér til. Svona nokkuð myndi aldrei gerast nú til dags. Einn daginn, þegar Gauti var fjarverandi, var komið með lítið kviðslitið barn. Eiríkur Sveinsson var að leysa Gauta af og ég átti að sjá um svæfinguna. Þarna voru tveir hjúkrunarfræðingar sem neituðu að aðstoða okkur, þeim fannst þetta ekki rétt. En ég svæfði barnið og Eiríkur skar og allt gekk vel.

Tæplega ári síðar, eða í janúar 1975, byrjaði ég í sérnámi í New York. Við Rósa Kristín bjuggum í fimm ár í Bandaríkjunum. Það var erfiður tími því að ég vann um 80–100 tíma á viku og hafði frí eitt til tvö kvöld á viku. Þetta var gríðarlega mikil vinna, lítil hvíld, miklar tærni, ég var alltaf algjörlega búinn þegar ég kom heim á kvöldin. Þegar ég var á vakt á slyastofu vann ég í 36 tíma en síðan var 36 tíma frí eftir þá törn. Venjulegur vinnutími var frá 7–17. Þegar ég var á vakt vann ég frá 7 á morgnana til 17 daginn eftir. Hins vegar var kennslan, sem ég fékk á sjúkrahúsinu í New York, ómetanleg og traust, hún varð mitt veganesti út í lífið.


Í þokkabót við þessa miklu vinnu voru launin skelfilega lág. Við áttum t.d. ekki sjónvarp, en fengum lán hjá indverskum lækni fyrir sjónvarpi sem ég borgaði, fimm dollara á viku í langan tíma, og við áttum ekki bíl. Dæmin af auraleysinu á þessum árum eru mörg.

Ég hitti Don, minn góða vin, fyrst í körfuboltanum í Bologna þar sem við æfðum alla laugardaga. Hann var þar í læknanámi. Áður hafði hann verið í prestaskóla í Bandaríkjunum en flúði eins og ég frá Bandaríkjunum til að forðast herþjónustuna í Víetnam. En fyrir tilviljun fengum við Don seinna vinnu á sama sjúkrahúsi í New York. Hann hafði verið þar í eitt ár þegar ég kom frá Ítalíu og við Rósa fengum líka íbúð í sömu blokk og Don og Ellen, konan hans. Þau urðu okkar bestu vinir.

Árin sem við Rósa bjuggum í New York komum við árlega til Íslands á sumrin og þá vann ég hér á sjúkrahúsinu á Akureyri að ósk Gauta Arnþórssonar. Hann reyndi þá talsvert til að fá mig til að flytja til Íslands og starfa hér. Gauti var meltingarskurðlæknir og ég var meltingarsérfræðingur. Þannig að hugmyndin um að koma til Íslands vaknaði snemma.

Það er alltaf talsverð stéttaskipting á sjúkrahúsum en ég hef lengi viljað bjóða henni birginn. Eitt sinn stóðum við 15 unglæknar fyrir framan dr. John Edson, yfirlækni á sjúkrahús-tengdum læknaskóla. Ég var með mikið svart hár og skegg. Hann sagði: „*Dú þarft að fara í klippingu.*“ „*Ég fer ekki í klippingu,*“ svaraði ég, „*ekki einu sinni þótt mamma bæði mig að fara í klippingu, og ekki geri ég það fyrir þig.*“ Honum varð mikið um en við urðum seinna góðir vinir. Yfirlæknir sjúkrahússins, meltingarsérfræðingurinn dr. Alfredo Ingenio, kom síðar að máli við mig og vildi að ég tæki við hans störfum en þá hafði ég ákveðið að fara til Íslands.

Í fyrstu heimsóknum mínum til Íslands kynntist ég Gauta Arnþórssyni eins og ég hef áður sagt. Hann sýndi fljótt áhuga á að fá mig að Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og ræddi við mig í fullri alvöru um leiðir til þess að ég kæmi sem læknir til Íslands. Hann hvatti mig eindregið til að stefna að því að koma hingað þegar sérfræðingsnámi mínu lyki í Bandaríkjunum. Mér fannst hugsunin um að flytja til Íslands ævintýrleg. Fimm árum seinna, eða árið 1979 vorum við Rósa komin með tvö börn og bjuggum í Brooklyn, ég vann, eins og ég hef sagt áður, gríðarlega mikið og launin voru sannarlega léleg. Ég fann að ég var tilbúinn að reyna eitthvað nýtt. Rósa hafði hætt í sínu námi til að sjá um börnin okkar, hún sá að mörgu leyti ein um uppeldið vegna þess að ég vann þetta mikið.



Nicole Vala, Nick, John Júlíus og Vala Dögg Jónsdóttir, dóttir Oddu, systur Rósu.

Úr fórum Nicks Cariglia.

Þeim mun meira sem við veltum því fyrir okkur að flytja til Íslands því betur sáum við að það gæti verið auðveldara fyrir okkur að vera á Íslandi, ala börnin okkar þar upp og Rósa gæti fundið verkefni við sitt hæfi. En ekki nóg með það, íslensk náttúra togaði í mig, mér fannst hún ótrúleg og ólík öllu sem ég hafði kynnst. Og í þriðja lagi þá vantaði lækna til Akureyrar. Allir vinir mínir úr háskólanum voru meira eða minna á leið út í sveit, þar vildu þeir starfa sem læknar og ég þekkti ekki aðra sveit betri en sveitina Ísland.

Eftir frekari bréfaskipti við Gauta var staðan könnuð og mér tilkynnt að ég fengi leyfi til að starfa hér sem læknir með mitt bandaríska læknaleyfi, með því skilyrði að ég lærði íslensku. Þegar ég var svo fluttur hingað, mættur á staðinn, hafði ýmislegt breyst og þeir sem öllu réðu höfðu skipt um skoðun varðandi ákveðin atriði starfs-samningsins. Mér var tilkynnt að ég ætti að byrja að vinna fyrir hádegi á daginn sem kandidat eða unglæknir á handlækningadeild sjúkrahússins þótt ég væri lyflæknir og meltingarsérfræðingur og eftir hádegi ætti ég að vinna sem heimilislæknir. Auk þess skyldi ég taka þrjú próf við læknadeild Háskóla Íslands, ásamt tveimur öðrum

læknum sem voru komnir hingað frá Indlandi. Við féllum reyndar allir þrír í réttarlæknisfræði þótt enginn okkar hefði áður fallið á prófi í læknisfræði. Þá var það Gauti sem tók okkur undir sinn verndarvæng og kenndi okkur það sem þurfti. Ég var reyndar heimilislæknir í þrjú ár en ekki í þrjá mánuði eins og mér var ætlað í fyrstu, því að mér fannst starfið mjög skemmtilegt en líka af því að ég fékk ekki vinnu sem lyflæknir og meltingarsérfræðingur.

Í janúar 1980 barst sjúkrahúsinu hér gjöf frá Lionsklúbbi Akureyrar, ein milljón króna, sem voru miklir peningar á þeim tíma, og fyrir þá lét Gauti kaupa ristilspeglunartæki þótt hann gæti ekki notað slíkt tæki sjálfur. Hann vissi að ég væri sérfræðingur á þessu sviði og gæti notað tækið. Ég notaði það svo í fyrsta sinn í mars 1980 en það var í fyrsta sinn sem ristilspeglun var gerð utan Reykjavíkur.

En ég var ennþá heimilislæknir eftir hádegi og tók vaktir og fór í vitjanir í heimahús. Mér fannst það mjög skemmtilegt og upplifði mörg ævintýri og sum undarleg. Ég var ekki með bíl og niðurstaðan varð sú að lögreglan sæi um að keyra mig í vitjanir. Og þegar ég var að fara í fyrstu vitjunina hringdi Rósa fyrir mig í lögregluna sem sagðist koma. Ég beið svo fyrir utan húsið á Sólvöllum, þar sem við bjuggum þá, með töskuna mína. Lögreglubíllinn kom, hægði á sér en stoppaði ekki, heldur keyrði hringinn í kringum Oddeyrarskóla og fór síðan í burtu. Rósa hringdi þá aftur í lögregluna og sagði að þeir hefðu keyrt fram hjá og ekki stoppað. „*Hvað, er þetta læknir, maður með alskegg og svona dökkur?*“ Íslendingar voru ekki alveg tilbúnir að taka á móti fólki sem var ekki alveg eins og flestir. Og ég fékk líka að heyra að læknir ætti ekki að vera í gallabuxum. Mér fannst ég vera svolítill Hrói höttur. Í þessum vitjunum í heimahús var mér oft boðið í kaffi og jólaköku, eða mér voru gefnir lopasokkar og annað heimilislegt. Þessu starfi sinnti ég í þrjú ár. Ég var reyndar fljótt kominn með bíl en það var flókið að fara í vitjanir út í Þorp á þessum tíma því að húsin voru ekki öll komin með númer, þau hétu bara einhverjum nöfnum sem ég þekkti alls ekki.

Það var svo árið 1983 að Magnús Ásmundsson, lyflæknir á FSA, flutti til Neskaupstaðar en þá losnaði staða sérfræðings á lyflækningadeild sjúkrahússins. Loksins hafði ég fengið viðurkennt sérfræðingsleyfi hér á landi þótt ég væri kominn með sérfræðingsleyfi,



*Tekið á móti fyrsta ristilspjglunartækinu. Nick, Anna Steinsdóttir, Sólrún Sveinsdóttir, Helga Gunnlaugsóttir.
Úr fórum Nicks Cariglia.*

bæði í lyf- og meltingarlækningum þrem árum fyrir í Bandaríkjunum. Ég sótti um þetta starf á lyfjagæild FSA og fékk það. Ég vann þá með Ólafi Sigurðssyni og Halldóri Halldórssyni sem nú eru báðir látnir. Þarna vorum við þrír saman þangað til Halldór fór að Kristnesspítala. Við Ólafur vorum einir um tíma en svo kom Þorkell Guðbrandsson hjartasérfræðingur á deildina. Loks var ég þá kominn með laun sérfræðings eftir þessu þrjú ár.

Mér fannst starfsfólkið á sjúkrahúsinu taka mjög vel á móti mér, ekki síst þau sem höfðu starfað þar lengi. En ég verð að segja að ég hefði aldrei verið þarna nema vegna þess stuðnings og hvatningar sem ég fékk frá Gauta Arnþórssyni. Í byrjun átti ég nokkuð erfitt vegna tungumálsins, á þessum tíma töluðu ekki allir ensku. Eitt sinn var ég að vinna á handlækningagæild þegar hjúkrunarfræðingur bað mig að staðfesta að gamall maður væri látinn. Þegar ég kom frá hinum látna manni stóðu ættingjarnir fyrir framan mig og ég sagði

bara, „*allt bú.*“ Þetta var auðvitað ekki besta leiðin til að tilkynna dauðsfall.


Fyrsta magaspeglunin hér á Akureyri var gerð í Amaróhúsinu þar sem ég hafði fyrst aðstoðu. En þar sem borðsalurinn á Sjúkrahúsi Akureyrar er núna voru röntgenmyndatökur gerðar og þar var síðan útbúið rými fyrir ristilspeglanir. Það var hægt að vinna þarna en rýmið var þröngt og lítið. Herdís Júlíusdóttir var fyrsti hjúkrunarfræðingurinn sem vann þarna með mér. Ég skrifaði nokkrar greinar á þessum árum um ristilspeglanir.

Árið 1986-87 fékk ég níu mánaða leyfi til endurmenntunar og eins fannst okkur Rósu Kristínu nauðsynlegt að börnin okkar fengju að ganga í barnaskóla í Bandaríkjunum í að minnsta kosti eitt ár. Mig langaði líka að átta mig betur á hvað ég vildi gera sjálfur í framtíðinni, vildi ég vera hér eða í Bandaríkjunum? Við fjölskyldan fórum til New Hampshire þar sem ég vann á slyastofu og Rósa kenndi í barnaskóla. Við bjuggum úti í sveit á fallegu landsvæði og nálægt Don og Ellen, okkar bestu vinum. En þarna fékk ég það endanlega staðfest að ég vildi ekki starfa í Bandaríkjunum. Hér á Íslandi fannst mér ég vera stór fiskur í litlu vatni en ekki öfugt, þar sem fólk sýndi störfum mínum áhuga en ástæðurnar voru fleiri eins og ég hef sagt hér áður.

Þegar ég kom frá Bandaríkjunum komu hingað tveir kandiðatar eða unglæknar, þeir Guðjón Kristjánsson og Trausti Valdimarsson. Þeir eru meltingarsérfræðingar sem báðir luku doktorsnámi frá Svíþjóð með áherslu á glútenóþol. Guðjón starfar núna við SAK, en Trausti starfar á Sjúkrahúsinu á Akranesi. Á fyrstu árunum mínum við FSA var ég upptekinn af óþoli fólks fyrir hveiti/mjóli, eða svokölluðu glútenóþoli. Tíðni þessa óþols var þá hæst í Noregi, eða eitt tilfelli af 3500, og á Vestur-Írlandi, eitt tilfelli af hverjum 500. Ég hugsaði með mér, Íslendingar komu frá Noregi og Írlandi, þetta óþol hlýtur að finnast hér á Íslandi. Árið 1984 var haldin læknaáðstefna hér á Akureyri þar sem ég ræddi um niðurstöður rannsóknar sem ég hafði gert á glútenóþoli og skrifað um í grein. Mér var ekki mætt með skilningi, öllu heldur var lítið á þetta sem hreinasta rugl í mér. Ég var ekki á því að gefast upp. Í byrjun árs 1979 tók ég sýni úr sjúklingi sem ég taldi vera með glútenóþol og sendi það til meina-

fræðideildar Landspítalans. Þá var flókið að taka slík sýni og sýnið sem ég sendi kom bara til baka, þau vildu hreinlega ekki rannsaka það, hvað þá annað. Svona gekk þetta árið 1979. Ég vildi að þessi sjúkdómur yrði viðurkenndur og vildi gera eitthvað frekar í málinu. Ég óskaði t.d. eftir því við Tryggingastofnun að glútenfrí matvara yrði niðurgreidd. Það var samþykkt. Nú hefur verið sýnt fram á með rannsóknum og viðurkennt að einn af hverjum 100 einstaklingum á Íslandi er með glútenóþol.

Óhætt er að segja að mikið hafi gerst á FSA árið 1984. Þá voru aðeins til tvö speglunartæki á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, maga- og ristilspeglunartæki. Þau voru bæði biluð og mikil peningavandræði til staðar en við fengum leyfi til að kaupa ódýrasta tækið. Við fundum ristilspeglunartæki og magaspeglunartæki sem var frá Fujion í Japan sem var miklu ódýrara en frá Olympus eða Pentax og hingað kom Japani til sýna okkur maga- og ristilspeglunartæki. Hann var með sýnishorn af tæki til að þræða í gall- og brisganga. Þegar ég vann á sjúkrahúsinu í New York 1979 var þetta tæki ekki til þar og segja má að þetta hafi verið ný aðferð. Ég sagði japanska náunganum fljótt að við vildum kaupa þetta tæki. En þá vildi hann bara gefa okkur tækið, hann sagðist ekki fara að bera það aftur til Japan. Ég þáði það að sjálfsgöðu með þökkum. Ég las allt sem ég fann um þetta speglunartæki og fór á námskeið og ráðstefnur um notkun slíkra tækja og skoðaði vídeó með leiðbeiningum um notkun þeirra. Ég spurði sjúk-



Spilað fyrir UMFA á móti Dalvík 1996.

Úr förum Nicks Cariglia.

lingana mína, sem komu í magaspeglun, hvort ég mætti spegla þá með þessu tæki og allir gáfu leyfi sitt til þess, fannst það sjálfsgagt. Ég var að æfa mig. Mér fannst ótrúlegt hvað sjúklingar voru jákvæðir og hugsaði með mér að þeir myndu sennilega kasta sér út um glugga ef ég bara bæði þá um að gera það. Þetta var allt svo gjörólíkt umhverfinu í Bandaríkjunum þar sem ekki mátti hreyfa sig án þess að fá samþykki lögfræðinga og annarra skriffinna fyrir öllu. Þegar ég hætti störfum átti sjúkrahúsið 16 speglunartæki, ég hef keypt mörg speglunartæki á EBay eða annars staðar þar sem þau fást ódýrust til að spara fyrir sjúkrahúsið. Árið 1984 gerði ég fyrstu gall- og brisþræðingaradgerð utan höfuðborgarsvæðisins. Þegar ég hætti störfum við sjúkrahúsið hafði ég gert um 1600 aðgerðir og enginn sjúklinga minna hefur verið sendur suður. Nú er verið að senda eitthvert fólk suður í speglunaraðgerðir.

Eftir níu mánaða dvöl í Bandaríkjunum komum við, fjölskyldan, aftur heim 1987 og höfum verið hér síðan. Þá höfðu bæst við fleiri lækna á lyfjadeild, t.d. Þorkell Guðbrandsson hjartasérfræðingur, Friðrik Yngvason lungnasérfræðingur og Jón Þór Sverrisson hjartasérfræðingur. Árið 1992 kom Elísabet Hjörleifsdóttir á fót heimahlynningu fólks með krabbamein. Það var stóra byltingin í meðferð deyjandi sjúklinga og gríðarlega mikilvæg. Við Friðrik stóðum að baki Elísabetu þegar þessi þjónusta var að hefjast. Nú fékk fólk að deyja heima hjá sér og við fórum í vitjanir heim til deyjandi fólks. Þetta var gríðarlega mikil framför. Aðstaða fyrir deyjandi fólk var ekki alltaf til fyrirmyndar á sjúkrahúsinu áður, mamma Rósu minnar dó til dæmis inni á baðherbergi á sjúkrahúsinu. Það er enginn óska staður fyrir síðustu stund lífsins. Ólafur Ólafsson landlæknir kom líka á fót fimm daga deild á sjúkrahúsum. Fólk kom þá inn á mánu degi og fór heim á föstudegi. Þetta fyrirkomulag sparaði mikil fjárútlát. Slík dagdeild var hér fyrst fyrir meltingarsjúklinga en þróaðist yfir í að vera fyrir krabbameinssjúklinga líka og heimilislæknar gátu sent inn tilvísanir. Á sunnudögum setti ég upp plan fyrir sjúklinga frá mánu degi til föstudags. Á þessum tíma var verið að berjast fyrir því að speglunardeild yrði sjálfstæð en heyrði ekki undir lyfjadeild og það tókst. Mér þykir vænt um að geta sagt frá því að 21. nóvember 2014 var ég gerður heiðursfélagi í Félagi íslenskra lyflækna fyrir

störf mín við Sjúkrahúsið á Akureyri og var ég fyrsti útlendingurinn sem félagið veitti þá viðurkenningu.

Starfslok

Ég hætti að vinna á Sjúkrahúsinu á Akureyri 1. mars 2019 eftir rúmlega 40 ár sem læknir. Á þessum árum hef ég líka birt 29 ritrýndar fræðigreinar um sérgrein mína. Læknisstarfið var mitt líf, ég lít svo á að mér hafi verið ætlað að vinna sem læknir og ég hef gert mitt besta. Ég vann á sjúkrahúsinu í rúmlega tvö ár eftir sjötugt á tíma-kaupi af því að sjúkrahúsið hafði þörf fyrir mig. Ég vildi vinna lengur en bæði Stjórn SAK og samstarfsfólk ákváðu að það væri ekki þörf fyrir mig lengur. Ég á satt best að segja erfitt með að fara inn á sjúkrahúsið núna því að þessi starfslok voru mér erfið.

Ég var alla tíð og alltaf með síma eða kalltæki á mér og sinni því sem upp kom, án þess þó að vera á bakvakt. Þau eru ófá tilföll sem ég hef þotið heim úr veiðiferðum til að sinna sjúklingum og ég var líka alltaf með símann þegar ég fór í vaxtarræktina. Þótt ég hafi ekki mátt vinna lengur en til sjötugs hjá ríkisstofnunum má ég vinna sjálfstætt og það geri ég núna, ég er með stofu hjá Læknastofum Akureyrar (LAK). Það er leyfilegt. Núna vinn ég tvo til þrjá daga í viku og fæ betur borgað en væri ég alla vikuna á sjúkrahúsinu og kosta því ríkið miklu meira. Samt kysi ég auðvitað frekar að geta unnið á sjúkrahúsinu vegna þess að vinnan á sjúkrahúsinu var mitt líf, í rúmlega fjörutíu ár var sjúkrahúsið mitt annað heimili.

Veiðin og smábærinn Akureyri

Ég er með það í genunum að veiða, ég veiddi fisk í Hudson-ánni undir Brooklyn-brúnni þegar ég var strákur og kom heim með fiskinn en mamma vildi aldrei elda hann. Það var 1971 sem ég fyrst veiddi fisk hér á Íslandi með tengdapabba, Júlíusi Oddssyni, og svo með Þengli Jónssyni, frænda Rósu, en ég veiddi einnig í mörg ár með Oddnýju Laxdal. Ég var strax heillaður af íslenskri náttúru og íslenskum veiðiám.

Á fyrstu árunum mínum hér á Íslandi skaut ég líka rjúpu og gæs. Þegar ég sótti um byssuleyfi hér á landi fór ég til sýslumannsins til að sækja um leyfið og reiknaði með að þurfa að sækja námskeið eins



Aflinn er oft góður.

Úr förum Nicks Cariglia.

og aðrir en þá sagði sýslumaður: „Ég veit þú hefur verið í Vietnam þannig að þú þarft ekki að sitja námskeiðið.“ Ég sagði ekki orð, en aldrei fór ég til Víetnam. Veiðin gefur mér félagsskap en það gerir körfuboltinn líka. Um þessar mundir er ég að skrifa bók um ævi mína, en ég hef lengi skrifað ljóð og hef gefið út eina ljóðabók.

Júlíus, tengdapabbi minn, átti Skoda en ég var með amerískt bílpróf og þurfti íslenskt ökuskírteini. Það fékk ég hjá sýslumanni, handskrifað blað sem á stóð að Nicholas Cariglia hefði leyfi til að keyra bíl á Íslandi. Ég fór með það heim og setti það í skúffu. Svo var það um 1980 að ég var að keyra niður í bæ á gamla Ford Bronco að vetri til að ég missti stjórn á bílnum og lenti í árekstri. Lögreglan bað mig að sýna ökuskírteini en ég sagði að það væri heima í skúffu og fór heim að leita, það tók dágóða stund. Ég fann það og fór á lög- reglustöðina með þetta handskrifaða blað. „Er ekki rétt að þú fáiir venjulegt ökuskírteini, Nikulás,“ spurði lögreglan. Hér þekkti fólk hvert annað, það er gott að fólk þekkest.

Þegar ég kom fyrst frá New York sá ég alls staðar fólk sem ég þekkti og allt í einu sagði ég hæ við alla. Svona er þetta ekki í New York. Ég kunní vel við þetta. En Rósa sagði fljótt að ég þekkti fleiri en hún þótt hún væri fædd hér. Akureyri var smábær og þar var smábæjarlíf. Það var ótrúlegt að geta gengið í vinnuna, alveg ótrúlegt, í New York tók ferðin í vinnuna 1-2 tíma. Það er mikil tímasóun. Þegar ég geng get ég hugsað. Lífið verður einfaldara og auðveldara þar sem kerfi og samskipti eru persónuleg. Eitt sinn kom til mín maður í magaspeglun sem sagðist ekki geta borgað mér, hann sagðist ekki eiga peninga. Ég spurði hvernig hann aflaði peninga. „Ég *tíni ánamaðka fyrir veiðimenn*,“ sagði hann. „*Hvað kostar ánamaðkurinn?*“ spurði ég. Hann þurfti að láta mig fá 120 ánamaðka fyrir speglunina. Þetta voru stórir og góðir maðkar.

Ef einhver lesandi þessarar greinar sér mig hirða gúmmíteygju af götunni og þræða hana upp á veskið mitt þá veit hann eða hún hver var mín mesta fyrirmynd í lífinu og hvar ég lærði að fara vel með verðmæti, hver sem þau eru.

TRYGGVI GÍSLASON

Skáld á Akureyri

Fyrri hluti

*Tryggvi Gíslason er fæddur 1938.
Um önnur æviatriði hans
sjá Súgur XLIV. árg., 2018, bls. 42.*




Mörg skáld hafa í tímans rás tengst Akureyri með einum eða öðrum hætti. Tengsl þeirra eru hins vegar mismunandi, eins og gefur að skilja. Þegar er talað um skáld í þessum skrifum, er átt við fólk sem gefið hefur út ljóðabækur eða birt ljóð opinberlega. Sum skáldanna, sem hér verða nefnd, eru fædd í „höfuðstað hins bjarta norðurs“ og bjuggu þar lengst af ævi sinnar. Önnur komu til bæjarins á fullorðinsárum og settust þar að, og enn önnur dvöldust aðeins skamma hríð á Akureyri, en skildu þar eftir sig ljóð, myndir og minningar. Í þessum fyrri hluta er fjallað um skáld á Akureyri fædd fyrir fyrra stríð, en í síðari hlutanum verður rætt um skáld til okkar daga.

Matthías Jochumsson

Fyrsta skáldið, sem hér verður nefnt, er Matthías Jochumsson sem fluttist til Akureyrar 1886 og lifði þar til dauðadags. Matthías var fæddur í Skógum í Þorskafirði á Marteinsmessu 11. nóvember 1835 og átti viðburðaríka ævi á Akureyri og skildi þar eftir sig spor sem enn er ekki fennt í að fullu. Foreldrar hans voru Þóra Einarsdóttir

Ólafssonar úr Skáleyjum og Jochum Magnússon bóndi að Skógum í Þorskafirði. Matthías varð búðarsveinn í Flatey sextán ára, en fór til verslunarnáms í Kaupmannahöfn haustið 1856 og kynnist þar Jóni Sigurðssyni. Þessi dvöl breytti Matthíasi á marga lund og hjá honum kviknaði löngun til frekara náms.

Haustið 1859, þegar hann var tæpra 24 ára, settist hann í Lærða skólann í Reykjavík og stundaði þar nám með stuðningi kaupmanna og fyrirmanna í Flatey. Þegar Matthías var í næst síðasta bekk Lærða skólans segist hann hafa skrúfað „saman leikrit í jóla-



Matthías Jochumsson.

*Ljósmyndasafn Minjasafnsins á Akureyri,
flestar aðrar myndir með þessari grein
eru einnig fengnar þar.*

frúinu. Það heitir Útilegumennirnir og er í 4 þáttum með ljóðmælarusli, hér og þar. Mér leiddist þessi danska „kommidia“ sem griðkonur hérna segja, og tók mig því til, og þó þetta rit mitt í raun og veru sé ómerkilegt, gjörði það þó hvínandi lukku; ég var æptur fram á scenuna, og klappaði pöbullinn yfir mér, svo ég varð áttavilltur.“ Skólapiltar fluttu leikritið í febrúar 1862 og lék Jón A. Hjaltalín, síðar skólameistari á Möðruvöllum og á Akureyri, Skugga-Svein, eins og leikritið var síðar nefnt.

Matthías lauk prófi úr Prestaskólanum 1865, vígðist til Kjalarnesþinga og bjó á Móum á Kjalarnesi, fékk lausn frá prestskap 1873 og dvaldist næsta vetur á Bretlandi, varð þá ritstjóri landsfréttablaðsins Þjóðólfs til 1880, er hann varð prestur í Odda á Rangárvöllum þar til hann gerðist prestur á Akureyri 1886 þar sem hann lifði síðan til æviloka, en hann lést 20. nóvember 1920 og hvílir í Akureyrarkirkjugarði á Naustahöfða.

Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor segir í óprentuðum fyrirlestri, að „ekkert íslenskt skáld hafi í sama mæli og Matthías í skáldskap sínum spennt yfir allar íslenskar bókmenntir og íslenskt mál frá

upphafi vega til sinna daga, sótt sér þaðan slíka lífsnæringu frá öllum tímum og aðlagð sjálfum sér jafnmargbreytilega aðdrætti frá 1000 ára bókmenntaferli, svo að allt rúmast innan endimarka hans eigin skáldskapar, svo vítt var landnám listar hans og slíkt stórveldi var persónuleiki þessa manns“. Þótt þessi orð séu nokkuð upphafin, lýsa þau stöðu Matthíasar í íslenskum bókmennum á síðustu öld. Hann var afkastamikið ljóðskáld, leikritahöfundur, blaðamaður og þýðandi og það sem einkenndi ekki síst skáldskap hans er andagift – hann „orti eins og andinn blés honum í brjóst hverju sinni og lá ekki yfir kvæðum sínum að slípa þau og fægja“, eins og Páll Valsson segir í Íslenskri bókmenntasögu.

Matthías átti oft erfitt um ævina, allt frá bernskudögum fram á elliár, átti við sjúkdóma að stríða, barðist við þunglyndi og efasemdir í trúmálum, eins og víða kemur fram í kvæðum hans, var óvæginn í dómum bæði í ræðu og riti, sem hann galt fyrir. Í minningarbók sinni *Sögukaflar af sjálfum mér*, sem hann ritaði undir lok ævi sinnar, skefur hann ekkert utan af trúrækni íslenskra presta og segist aldrei hafa kynnst trúuðum presti á Íslandi.

Mikill fjöldi kvæða og sálma liggur eftir Matthías Jochumsson, þar á meðal lofsöngurinn „Ó, Guð vors lands“, eins og lesendur þekkja. Fyrsta erindið orti Matthías í Edinborg í nóvember 1873, er hann dvaldist þar hjá vini sínum Sveinbirni Sveinbjörnssyni tónskáldi er samdi lag við sönginn vorið 1874. Síðari versin tvö eru ort í Lundúnum veturinn 1873-1874. Efni lofsöngsins er sótt í síðara almenna bréf Péturs postula: „En þetta eitt má yður ekki gleymast, þér elskuðu, að einn dagur er hjá drottni sem þúsund ár og þúsund ár sem einn dagur.“ Orð Péturs eru hins vegar endurómur af orðum í 90. sálmi Davíðs: „Því að þúsund ár eru í þínum augum sem dagurinn í gær þegar hann er liðinn, já, sem ein næturvaka.“

Í jólaræðu, er Matthías flutti aldraður á Sjúkrahúsinu á Akureyri, vitnar hann í kvæði eftir Jónas Hallgrímsson:

*Svo rís um aldur árið hvurt um sig,
eilífðar lítið smáblóm í skini hreinu.
Mér er það svo sem ekki neitt í neinu,
því tíminn vill ei tengja sig við mig.*

Jónas og Matthías áttu margt sameiginlegt, fágæta ljóðgerð, trúarbaráttu og þunglyndi, sem Jónas kallaði bringsmalaskottu, og er þunglyndið iðulega rót að skáldskap þeirra – sem margra annarra.

Í Sálmaþók íslensku kirkjunnar eru 53 sálmar eftir Matthías Jochumsson. Þar á meðal er ljóðið „Faðir gjör mig lítið ljós“ sem íslensk börn hafa sungið eða haft yfir í heila öld:

*Ó, faðir, gjör mig lítið ljós
um lífs míns stutta skeið,
til hjálpar hverjum hal og drós,
sem hefur villst af leið.*

*Ó, faðir, gjör mig blómstur blítt,
sem brosir öllum mót
og kvíðalaust við kalt og hlýtt
er kyrrt á sinni rót.*


*Ó, faðir, gjör mig ljúflingslag,
sem lífgar hug og sál
og vekur sól og sumardag,
en svæfir storm og bál.*

*Ó, faðir, gjör mig styrkan staf
að styðja hvern sem þarf,
uns allt það pund, sem Guð mér gaf,
ég gef sem bróðurarf.*

*Ó, faðir, gjör mig sigursálm,
eitt signað trúarlag,
sem afli bles í brotinn bálm
og breytir nótt í dag.*

Frímann Arngrímsson

Eitt sérkennilegasta skáld, sem búið hefur á Akureyri, er Frímann Bjarnason Arngrímsson, fæddur á Vöglum á Pelamörk 1855, látinn 6. nóvember 1936 á Akureyri. Frímann fluttist til Vesturheims með fyrsta hópnum sem fór frá Norðurlandi árið 1874 og var fyrsti Vestur-Íslendingurinn sem stundaði háskólanám vestra, lauk BS-prófi frá Torontoháskóla 1884 og BA-prófi frá háskólanum í Manitoba 1885 og vann síðan að verkfræðisstörfum á vegum Kanadastjórnar. Árið 1886 stofnaði hann blaðið Heimskringlu í Winnipeg, en



Frímann B. Arngrímsson.

fluttist til Massachusetts og starfaði þar á rannsóknarstofum hins kunna tækniháskóla Massachusetts Institute of Technology.

Frímann starfaði á rannsóknarstofum í Bretlandi þrjú ár en fluttist til Parísar 1897 og vann þar fyrir sér með kennslu, fornbókasölu og byggingarvinnu og skrifaði jafnframt greinar í íslensk og erlend rit. Þar fjallar hann um trúarbrögð, stjórnmal, samgöngur við Ísland og raforkumál og skráði einkaleyfi í Bretlandi til að vinna orku úr straumum rafsegulsviðs jarðar. Árið 1914 settist hann að á Akureyri og gaf þar út tímaritið Fylki frá 1916 til 1927.

Frímanni er lýst þannig í Almanaki Ólafs S. Thorgeirssonar 1905: „Hann var maður, sem einlægt hefði getað verið að læra og ávalt fengið ágætan vitnisburð við hvert próf. En hann brast aftur þann hæfileika frekar en flesta menn aðra að færa sér það í nyt í lífinu, er hann hafði numið. Hann var maður hvorki forsjáll né hagsýnn og skorti þau verkhyggindi, er öllum mönnum eru svo afar-nauðsynleg, til þess að koma ár sinni fyrir borð í lífinu. Hann var bezi drengur með einlægán áhuga og brennandi fyrir öllu því, er hann hélt að betur mætti. En áhuginn var mikils til of ákafur. Hann gætti hvorki hófs

né stillingar, en vildi öllu koma til leiðar um leið og honum hugkvæmdist það. Hann var býsna mælskur maður. Hann varð svo heitur oftast nær, er hann talaði, að eldur hraut af orðum hans. En hugsanir hans voru einatt næsta óljósar. Honum var ekki ávalt nærri því ljóst, hvað hann var sjálfur að fara, eða hvað það eiginlega var, sem hann í þann svipinn brann af áhuga fyrir og tók út harmkvæli í hjarta sínu af að geta ekki komið í framkvæmd.“

Árið 1915 kom út á Akureyri á ensku ljóðabókin *Asters and violets, some stray poems and verses* by Frímánn B. Arngrímsson. Bókin er í litlu broti og hefur aðeins að geyma tólf ljóð. „The following verses and poems have grown up in my garden of my fancy during the last 40 years inspite of unfavorable conditions,“ eins og hann segir í formála. Eins og nafn ljóðabókarinnar ber með sér, yrkir Frímánn B. Arngrímsson um „asters“, stjörnufla, og „violets“, fjólur. Kvæðið „To Iceland“ hefst þannig:

*Fairest island, Ísland, Ísland!
Queen of islands, Ocean's bride,
Born of fire, bred by Heaven,
Becrowned with light and girt by tide;
Land of poets, land of heroes,
Land of saga, land of song,
Home of fathers, home of kindred,
Home of friendship deep and strong.*

Árið 1938 gaf Bókaútgáfan Edda á Akureyri út bókina *Frímánn B. Arngrímsson: Minningar frá London og París*. Í umsögn um bókina segir Guðmundur Finnbogason landsbókavörður [1873-1944]: „Bók þessi er að ýmsu átakanleg. Hún lýsir þætti úr æfi manns, sem án efa var miklum gáfum gæddur, hafði einlæga löngun til þess að vinna þjóð sinni gagn, sá rétt þarfir hennar á sérstöku sviði og vildi bæta úr þeim, en hafði ekki svo trausta þekkingu né það skaplyndi, að hann gæti aflað sér fylgis þeirra manna, er hefðu átt að verða samverkamenn hans. Hann færir oftast meira í fang en hann er maður til og verður því fyrir vonbrigðum og bíður ósigur. Það gerir hann sjúklega tortrygginn, hann sér leynibrugg gegn sér þar sem ekkert er, en lætur ekki bugast. Þekkingarþrá hans og skilningsþörf heldur honum uppi í

öllu baslinu, og sá áhugans eldur, sem í honum brann, aflar honum góðvildar og nokkurrar hjálpar sumra þeirra, er hann kemur sér í kynni við. Hinir erfiðu skapsmunir og þótti, sem sjálfsvarnarhvötin elur, skírast í eldi reynslunnar, svo að hann megnar að nokkru leyti að sjá takmarkanir sínar og hefja hugann upp í þá heiðríkju, er veitir fró. Hann var raunar skáld og rithöfundur að eðlisfari og ber þessi bók því víða ljóst vitni.“

Páll J. Árdal

Páll fæddist á Helgastöðum í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði 1. febrúar 1857 og lést 24. maí 1930. Páll var sonur Kristínar Tómasdóttur og Jóns hreppstjóra Páls-sonar og ólst upp á Helgastöðum. Páll var bráðger og byrjaði snemma að fást við skáldskap, bæði í bundnu máli og óbundnu. Hann gekk í Gagnfræðaskólann á Möðruvöllum 1880-1882. Veturinn eftir var hann við kennslu á Fljótsdalshéraði en gerðist 1883 kennari við Barnaskólann á Akureyri, sem þá var í Innbænum á Akureyri og var forstöðumaður skólans, eins og það var þá kallað, frá 1884 til 1901, en kenndi við skólann til ársins 1926.



Páll J. Árdal.

Á Alþingi 1903 bar Hermann Jónasson á Pingeyrum fram tillögu um þegnskylduvinnu. Tillagan var ekki samþykkt, en hugmyndin var mikið rædd. Í tilefni þessa orti Páll stöku, sem varð landsfræg:

*Ó, hve margur yrði sæll
og elska mundi landið heitt,
mætti hann vera í mánuð þrell
og moka skít fyrir ekki neitt.*

Kona Páls var Álfheiður Eyjólfsdóttir frá Hamraborg í Fljótsdal [1862-1930]. Meðal barna þeirra var Laufey [1887-1968], móðir Steingríms Jóhannesar Þorsteinssonar prófessors [1911-1973] sem gaf út *Ljóðmæli og leikrit* afa síns 1951 og ritar þar merkan formála um manninn og skáldið.

Eitt kunnasta kvæði Páls er „Ráðið“ sem hefst þannig:


*Ef ætlaðu að svívirða saklausan mann,
þá segðu aldrei ákveðnar skammir um hann,
en láttu það svona í veðrinu vaka,
þú vitir, að hann hafi unnið til saka.*

Ein minnisstæðasta staka Páls J. Árdals hljóðar þannig:

*Að bryggjast og gleðjast
hér um fáa daga,
að heilsast og kveðjast,
það er lífsins saga.*

Káinn

Kristján Níels Júlíus Jónsson fæddist á Akureyri 7. apríl 1859 og andaðist 25. október 1936. Faðir hans var Jón Jónsson járnsmiður og móðir Þórunn Kristjánsdóttir. Þegar hún lést 1874, fór hann til Davíðs bónda á Jódísarstöðum, móðurbróður síns, þar sem hann dvaldist þar til hann fór vestur um haf árið 1878. Þá var bróðir hans, skáldið Jón Júlíus Jónsson [1859-1933], farinn til Vesturheims tveimur árum áður. Níels Jónsson skáldi [1782-1857] var afabróðir Káins



Káinn - Kristján N. Júlíus.

og eftir honum var hann heitinn. Í móðurætt var Káinn kominn af Davíð Tómassyni, bónda í Holti í Grundarsókn í Eyjafirði [1747-1799], sem fæddur var á Hvassafelli, afabróðir Jónasar Hallgrímssonar. Er af þessari ætt komið margt skálda og lærdóms- og listafólks.

Í formála að *Vísnaþók Káins*, sem út kom hjá Almenna bókafélaginu 1965, kallar skáldið Tómas Guðmundsson [1901-1983] Káinn „alþýðuskáld og aðalsmann“ og segir skáldlistina hafa gerst rauði þráðurinn í ævi hans og bætt honum upp þann veraldarframa, sem listin tók frá honum, og varð honum veganesti, sífelldlega tiltæk en samferðarmönnum hans gleðigjafi. „Oft hafði hann að góðlátlegu skopi þau mál, sem voru efst á baugi meðal landa hans, en kvæði hans bera augljóslega með sér, hversu Káinn átti ríkan og þakksamlegan hlut í daglegu lífi þeirra,“ eins og Tómas Guðmundsson segir. Gamansemi Káins kemur víða fram:

*Af langri reynslu lært ég þetta hef:
að láta drottin ráða meðan ég sef.
En þegar ég vaki, þá vil ég sjálfur ráða,
og þykist geta ráðið fyrir báða.*


Káinn er sagður hafa dáið með bros á vör og enga óvini átt – aðeins vini. Hann hafi að vísu ort skammvísur, en meinti bara ekkert með þeim, eins og sagt var. Útfarardag hans var skólum lokað í byggðum Íslendinga í Norður-Dakota. Bæði Lögberg og Heimskringla minntust hans í ritstjórnargreinum þar sem hann er kallaður „mannvinur og skáld“. Ein síðasta staka Káins hljóðar þannig:

*Kæra foldin, kennd við snjó,
hvað ég feginn yrði,
mætti boldið hvíla í ró
heima í Eyjafirði.*

Káinn er því talinn með Akureyrarskáldum. Á Akureyri hóf hann að yrkja og heima í Eyjafirði vildi hann fá að hvíla í ró.

Helgi Valtýsson

Helgi Valtýsson fæddist í Nesi í Loðmundarfirði 1877 og lést á Akranesi 6. mars 1971. Hann tók kennarapróf í kennaraskólanum í Volda í Noregi árið 1900 og starfaði sem kennari og blaðamaður í Noregi til 1920 og kvæntist Severine Sørheim [1883-1968] frá Volda. Helgi settist að á Akureyri árið 1935, en hafði kennt víða um land og var einn af frumherjum ungmennafélagshreyfingarinnar á Íslandi. Hann ritstýrði *Skinfaxa*, málgagn Ungmennafélags Íslands, og fleiri tímaritum, og sá um útgáfu fjölda bóka, m.a. ljóðsafnsins *Aldrei gleymist Austurland*,



Helgi Valtýsson.

sem út kom árið 1949, auk þess sem hann þýddi fjölmargar bækur. Þá ritaði Helgi Valtýsson hina merku bók *Á breindýraslóðum*, sem út kom 1945 og Andri Snær Magnason notar sem uppistöðu í bók sína *Um tímann og vatnið* frá 2019. Auk þess skrifaði Helgi Valtýsson smásögur og orti ljóð. Þegar árið 1907 kom út eftir hann bókina *Blyantsmyndir, vísur og ljóð*. Árið 1962 kom út ljóðabókin *Á hverfanda hveli, ljóð á þremur tungumálum*. Árið 1953 samdi hann sjónleikinn *Jónsmessunótt* þar sem er að finna þessi erindi:

*Ó, vorið er lifnað í lundum.
Allt lifandi fær nú mál.
Nú sprettur út grasið á grundum
og gleðin ungri sál.*

*Og hjartað mitt grætur af gleði.
Ó, Guð, er það sorg mín sem hler.
Ég þekki mig ekki aftur.
Ég, sem var barn í gær.*

Eitt kunnasta ljóð Helga Valtýssonar er ljóðið „Vorvindar glaðir“, sungið við sænskt þjóðlag:

*Vorvindar glaðir,
glettnir og braðir
geysast um löndin
rétt eins og börn.*

*Lækirnir skoppa,
hjala og hoppa,
hvíld er þeim nóg
í sæ eða tjörn.*

*Hjartað mitt litla
hlustaðu á;
bóar nú smalinn
brúninni frú.*

*Fossbúinn kveður,
kætir og gleður.
Frjálst er í fjallasal.*

Ingibjörg Benediktsdóttir

Ingibjörg Benediktsdóttir fæddist 11. ágúst 1885 á Bergsstöðum í Hallárdal, Austur-Húnavatnssýslu, og bjó þar til tvítugsaldurs. Árið 1909 lauk hún prófi frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri og kenndi síðan við Kvennaskólann á Blönduósi, Barnaskólann í Reykjavík og Barnaskólann á Akureyri. Árið 1917 giftist hún Steinþóri Guðmundssyni, sem var kunnur maður á sinni tíð og las um skeið stærðfræði og eðlisfræði við Den Polytekniske Lærestalt í Kaupmannahöfn, en lauk guðfræðiprófi við Háskóla Íslands 1917 og kenndi víða, m.a. sem stundakennari við Menntaskólann á Akureyri 1926 til 1930. Þau hjón bjuggu á Akureyri til ársins 1933, en fluttust þá til Reykjavíkur. Þar lést Ingibjörg eftir langa vanheilsu 9. október 1953.

Ingibjörg tók virkan þátt í félagsmálum, m.a. starfi góðtemplara og starfi Kvenréttindafélags Íslands og var um skeið í stjórn þess. Hún flutti erindi á fundum og í útvarpi, skrifaði smásögur, ljóð og ritgerðir sem birtust í blöðum og tímaritum. Hún var tvö ár ritstjóri tímaritsins *Nýjar kvöldvökur* sem kom út á Akureyri. Ingibjörg Benediktsdóttir gaf út tvær ljóðabækur, *Frá afdal – til Aðalstrætis* árið 1938 og *Horft yfir sjónarsviðið* árið 1946. Kvæði hennar „Þú alþýðukona“ hefst þannig:

*Hvort á ég að segja þér söguna mína,
já, söguna mína, og líklega þína,
þú öreiga dóttir, þú alþýðukona?
Í einstökum dráttum þá hljóðar hún svona:*

*Frá ómennisbernsku var baslað og stritað,
hvert basl þetta stefndi, ei spurt var né vitað.
Að vetri og sumri, frá vori og hausti
í vonleysi drekket öllu barnslegu trausti.*

*Við sökuðum engan, en sárt var það stundum,
við systurnar muninn á kjörunum fundum:
þótt bræðurnir ynnu sér fé eða frama,
við fengum ei slíkt, þó við þráðum það sama.*

Og lokaerindi kvæðisins hljómar þannig:

*Að dreyma og unna, að vaxa og vinna,
í visku og þroska vort kvenedli finna,
mun efnið og kjarninn á ókomnum dögum
í alþýðukvennanna framtíðarsögum.*

Jón Benediktsson

Jón Benediktsson fæddist 16. mars 1894 að Breiðabóli á Svalbarðs-strönd og andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 18. júní 1991. Hann stundaði nám við Gagnfræðaskólann á Akureyri, sem síðar

varð Menntaskólinn á Akureyri, og lauk gagnfræðaprófi þaðan 1917 og stundaði síðan nám við Samvinnuskólann í Reykjavík fyrstu starfsár hans og lauk þaðan prófi. Að loknu námi þar vann Jón við bókhald á Akureyri og kenndi bókfærslu um tólf ára skeið við Iðnskólann á Akureyri, en hóf lögreglustörf á Akureyri 1930, varð yfirlögregluþjónn 1935 og starfaði í lögreglunni um þrjátíu ára skeið. Eftir Jón Benediktsson komu út tvær ljóðabækur, *Sólbro*s árið 1952 og *Bundið mál* árið 1968 og ein sönglagabók. Ljóð Jóns Benediktssonar geta ekki talist myndræn né djúpur skáldskapur, en hann unni Akureyri og um heimabæ sinn orti hann:

*Aldrei annars staðar
unir bugur minn.
Hann sér jafnan braðar
heim í bæinn sinn.
Honum vil ég blúa,
hætta öllu til.
Þar ég þrái að búa,
þar ég deyjja vil.*

Þura Árnadóttir

Þura Árnadóttir varð landsþekkt skáld og hagrðingur undir nafninu Þura í Garði og þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Fóru vísur hennar víða og þóttu snjallar og fullar af gamansemi. Þura fæddist í Garði í Mývatnssveit 27. janúar 1891 og lést 14. júní 1963. Móðir hennar var Guðbjörg Stefánsdóttir Gamalíelssonar frá Haganesi og voru þeir feðgar, Stefán og Gamalíel, skáldmæltir. Faðir Þuru var Árni Jónsson í Garði, en ætt hans hafði búið í Garði frá 1779.



Þura Árnadóttir í Garði.

Pura Árnadóttir ólst upp hjá foreldrum sínum og vann á búi þeirra til tvítugs. Hún var bráðþroska og snemma fullorðinsleg, giftist aldrei og eignaðist ekki börn. Sveitungar hennar sögðust aldrei hafa heyrt hana við karlmann kennda. Ýmsir tjáðu henni ást sína í ljóði, en ekki dró það til hjónabands. Kunnar eru vísur sem sagan segir að hafi flogið milli Þuru og vegavinnumanns, er starfaði að vegalagningu við Garð:

*Pura í Garði þraukar bér;
þögul vatnsins á bakka.
Ef hún kynntist meira mér;
myndi hún eignast krakka.*

Pura svaraði að bragði:

*Ekki þarftu að efa það,
að ég þakki skeytið.
En nefndu drengur stund og stað
og stattu við fyrirheitið.*

Pura sagðist sjálf ekki hafa verið gefin fyrir kvenlegar dyggðir og gerði gys að þeim dyggðunum: „Það kom snemma í ljós, að hinum mikla hugsuði hafði nokkuð mistekist, þegar hann skapaði mig og oft var orð á því haft, að ég hefði átt að vera strákur, svo mjög þótti ég hneið til útistarfs og meira frelsis en stelpum var ætlað, og sýna lítinn skilning á því sem kvenlegt var talið í upphafi þessarar aldar. Þá var nefnilega algengt að segja stelpum að skammast sín, ef þær steypu sér kollhnís eða sýndu á sér beran fót, að ég ekki nefni hné.“ Skólaganga Þuru var ekki löng. Hún naut uppfræðslu heima, var fimm vikur í skóla fermingarárið sitt og einn vetur í Húsmæðraskóla Reykjavíkur og fór á garðyrkjunámskeið í Reykjavík, á Akureyri og á Hvanneyri. Áhugamál Þuru voru mörg sem hún sinnti af brennandi áhuga. Hún var lengi í Ungmennafélaginu Mývetningi og formaður þess tvö ár, fyrst kvenna. Í stjórnartíð hennar var unnið að gróðursetningu í kirkjugarðinum á Skútustöðum og við gróðursetningu í Höfða eftir að Héðinn Valdimarsson keypti jörðina.

Á fjórða áratug 20. aldar voru vísur Þuru orðnar kunnar víða um land, stundum breyttar, og vísunum dreift, sem sagðar voru eftir hana, en voru það ekki og með öðru sniði en hún óskaði sjálf. Því var árið 1939 ráðist í að gefa út nokkrar vísur Þuru undir heitinu *Vísur Þuru í Garði*. Útgefandi var frændi hennar Helgi Tryggvason, bókbindari í Reykjavík. Árið 1956 komu *Vísur Þuru í Garði* út öðru sinni hjá Bókaútgáfu Guðjóns Ó. Guðjónssonar í Reykjavík.

Þura safnaði þjóðlegum fróðleik og ýmsu efni um ættir sínar og heimasveit. Árið 1951 kom út eftir hana bókun *Skútustaðaætt – Niðjatal Helga Ásmundssonar á Skútustöðum*. Aðra bók hafði hún í smíðum um föðurætt sína. Átti hún að heita Marteinsflæða, en þeirri bók lauk hún aldrei. Einnig skrifaði hún þætti um áhugamál sín. Voru sumir prentaðir, en aðrir komu ekki út. Má af þessum sökum kalla hana alþýðufræðimann.

Á ferðum um landið kynntist Þura mörgum manningum, meðal annars listmálaranum Jóhannesi Kjarval [1885-1972]. Honum sendi hún sauðskinnsskó með þessari vísu:

*Frjálsar ástir, frjálst er val,
fín eru vinabótin.
Gráberð kona góðum hal
gefur undir fótinn.*

„Þura var ekkert gefin fyrir „stáss og þrjal“, hún kom til dyranna eins og hún var klædd. Ef til vill var það vegna sjálfstæðis hennar, gáfna og tildurleysis sem hún ekki giftist, líklega eru það ekki eiginleikar sem karlar litast fyrst og fremst eftir hjá konum. En það er hvergi að finna stafkrók um að hún hafi syrgt það hlutskipti sitt að vera ógift og barnlaus. Frekar var að hún henti gaman að þessu ástandi,“ eins og Sigríður Þorgrímsdóttir, frænka hennar frá Garði, segir í Lesbók Morgunblaðsins 2. nóvember 1996. Í kveðskap gerði Þura ges að hjónabandinu og að sjálfri sér:

*Svona er að vera úr stáli og steini,
stríðin, köld og ljót;
aldrei hef ég yljáð sveini
inn að hjartarót.*

*Mig hefur aldrei um það dreymt,
sem eykst við sambúð nána.
Þú hefur alveg, guð minn, gleymt
að gefa mér ástarþrána.*

Margar vísur Þuru, sem fjalla um ást og hjónaband, eru í gaman-
sömum tón og jafnvel gætir þar kaldhæðni, en stundum kveður við
alvarlegan tón:

*Ekki fór ég alls á mis;
þú yljaðir mínu hjarta:
Man ég enn þín brúnablýs
björtu og hárið svartu.*

*Aldrei fellur á þig ryk
fyrir innri sjónum mínum.
Átt hef ég selust augnablik
í örmunum sterku þínum.*

Ást Þuru í Garði á náttúrunni kemur víða fram í kveðskap hennar:

*Hefurðu í Hólmatungum
hlustað á lekjarnið.
Þar blágresi í bjarka skjóli
brósir við lyngsins hlið.*

*Sástu sólskríkjuljónin,
syngjandi um greinarnar
kveði um allan þann unað,
sem auganu mætti þar.*

*Fannstu víðinn væna
vefjast að fótum þér,
sem vildi hann þig velkominn bjóða
og vera um eilífð hjá sér.*

Á sjötta áratugi síðustu aldar fór Þura að vinna í Lystigarðinum á
Akureyri að sumri og að vetrinum vann hún í mötuneyti Mennta-

skólans á Akureyri. Í Lystigarðinum var hún aðstoðarkona Margrétar Schiöth, en tók seinna við gæslu garðsins. Þar fékk hún verk, sem hún undi vel við: að hlúa að fögrum gróðri og auka hann og fegra. Við þetta vann hún svo lengi sem starfsorka hennar dugði til. Í Lystigarðinum hitti hún marga og mörgum fannst meira um að hafa hitt hana í garðinum en annað sem þar var að sjá. Sumir ávörpuðu hana í bundnu máli og svaraði hún jafnan í sömu mynt.

Samúð með örlögum annarra kemur víða fram í verkum Þuru, bæði í ljóðum og lausu máli, til dæmis í ljóðinu Í Skálholtskirkjugarði:

*Gangið þið hljótt um garðinn
til grunna er brunin borg,
hér hvílir með kramið hjarta
kona sem dó úr sorg.
Yfir örlögum hennar
ískaldur snærinn grætur,
í grænum sumar sverði
sóleyjar festa rætur.*

Ármann Dalmannsson

Ármann Dalmannsson fæddist í Fíflholtum á Mýrum 12. september 1894 og lést á Akureyri 28. mars 1978. Ármann var sonur hjónanna Steinunnar Stefánsdóttur og Dalmanns Ármannssonar. Hann lauk búfræðinámi frá Hvanneyri 1918 og prófi frá Gymnastikhøjskolen í Ollerup á Fjóni 1925. Að námi í Danmörku loknu réðst hann starfsmaður Ræktunarfélags Norðurlands þar sem hann starfaði til 1950, er hann varð framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Eyjafjarðar og gegndi því starfi til sjötugs.



Ármann Dalmannsson.

Ármann ólst upp við hugsjónir ungmennafélaganna og tók við þær miklu ástfóstri. Hann var stundakennari í leikfimi við ýmsa skóla á Akureyri og formaður Búnaðarsambands Eyjarfjarðar og Ípróttabandalags Akureyrar og formaður Akureyrardeildar KEA og formaður áfengisvarnarnefnda í Eyjafirði. Komið hafa út tvær ljóðabækur eftir Ármann Dalmannsson: *Ljóð af lausum blöðum* 1959 og *Visnagátur* 1975. Í eftirfarandi stöku kemur fram ást hans á fæðingarsveit sinni:

*Áður fyrr hér oft ég fann
ilm úr túni og haga.
Borgarfirði enn ég ann
eins og forðum daga.*

Víða í kveðskap Ármanns kemur fram gamansöm afstaða og kímni eins og í stökunum:

*Ef þú gengur út að sá,
eða plöntu gróðursetur,
muntu finna eftir á
að þú sefur miklu betur.*

*Ekki braðar okkar för
angan jarðargróða,
þar sem ljóðin liðu af vör
listaskáldsins góða.*

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Davíð Stefánsson fæddist í Fagraskógi 21. janúar 1895. Að honum stóðu skáldaættir, prestar og alþingismenn. Móðir hans var Ragnheiður Davíðsdóttur [1864-1937], dóttir séra Davíðs Guðmundssonar alþingismanns og prófests á Hofi í Hörgárdal [1834-1905] og Sigríðar Ólafsdóttur Briem [1839-1920], dóttur Ólafs Briem, hins listhaga timburmeistara á Grund í Eyjafirði, sem einnig var skáldmæltur. Auk þess voru Sigríður og Hannes Hafstein ráðherra og skáld [1863-1922] þremmingar. Faðir Davíðs var Stefán Baldvin Stefánsson,

fæddur að Kvíabekki í Ólafsfirði 1863, dáinn 25. maí 1925, bóndi í Fagraskógi og alþingismaður Eyfirðinga 1900 til 1902 og 1904 til 1923.

Davíð lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri vorið 1911, en frestaði því að fara í menntaskóla eftir að hafa veikst af fleiðrubólgu (pleuritis), sem gat verið undanfari berkla. Lá hann á berklahælinu á Vífilstöðum um tíma, en fékk ekki berklasýkingu. Árin 1915 til 1916 dvaldist Davíð í Kaupmannahöfn. Þar stofnaði hann ásamt öðrum ungum Íslendingum ljóðafélagið Boðn og kynntist þar Sigurði Nordal bókmenntafræðingi [1886-1974] sem heillaðist af Davíð og fékk sjö af ljóðum hans birt í tímaritunum Eimreiðinni og Iðunni árin 1916 til 1919.

Davíð hóf nám við Menntaskólann í Reykjavík 1916. Veturinn 1917 til 1918 var kennsla felld niður fyrir árgang hans í sparnaðarskyni. Var Davíð því heima í Fagraskógi þann vetur. Veturinn 1918 til 1919 var Davíð formaður nemendafélags og bar latneska titilinn inspector scholae. Pennan vetur veiktist hann af spænsku veikinni og lá rúmfastur nokkrar vikur, en lauk stúdentsprófi vorið 1919. Veturinn eftir las Davíð heimspeki við Háskóla Íslands og starfaði jafnframt sem ritari á Alþingi. Í desember 1919 kom út fyrsta ljóðabók hans Svartar fjaðrir.

Ljóðabókin *Svartar fjaðrir* varð gríðarlega vinsæl og höfðaði einkum til ungra kvenna. Ljóðin þóttu tilfinningaþrungin og sum jafnvel ofsafengin. Draumkenndur stíll hans þótti losa um bældar langanir og vekja upp kynóra, þótt efnið væri ekki af kynferðislegum toga. Davíð orti undir áhrifum nýrómantíkunnar, eins og Sveinn Skorri Höskuldsson prófessor segir, og „meðferð hins erótíska“ hafi verið höfuðnýjung bókarinnar, og Silja Aðalsteinsdóttir segir í Íslenskri



Davíð Stefánsson frá Fagraskógi.

bókmenntasögu, að „makalausar vinsældir Davíðs meðal kvenna stöfuðu eflaust að einhverju leyti af þessu.“

Í bókinni Svörtum fjöðrum er kvæðið „Brúðarskórni“:

*Alein sat hún við öskustóna.
Hugurinn var frammi á Melum.
Hún var að brydda sér brúðarskóna.
Sumir gera allt í felum.*

*Úr augum hennar skein ást og friður.
Hver verður húsfreyja á Melum?
Hún lauk við skóna og læsti þá niður.
Sumir gera allt í felum.*

*Alein sat hún við öskustóna.
Gott á húsfreyjan á Melum.
Í eldinum brenndi hún brúðarskóna.
Sumir gera allt í felum.*

Árin eftir að Svartar fjaðrir komu út ferðaðist Davíð víða, til Kaupmannahafnar 1920, Ítalíu 1920 til 1921 og til Noregs 1923 til 1924. Eru sum ljóð í bókunum *Kvæðum* frá 1922 og *Kveðjum* frá 1924 innblásin af þessum ferðalögum svo sem kvæðin „Caprikkvæði“ og „Messalína“. Í Ósló orti hann kvæðið „Á föstudaginn langa“, sem átti sér merkilegan aðdraganda. Kvæðið var tekið upp í sálmabókina og er hér birt eins og það er prentað þar:

*Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og það.
Nú ballar helgum degi
á Hausaskeljastað.*

Í gegnum móðu og mistur
 ég mikil undur sé.
 Ég sé þig koma, Kristur,
 með krossins þunga tré.
 Af enni daggir drjúpa,
 og dýrð úr augum skín.
 Á klettinn vil ég krjúpa
 og kyssa sporin þín.

Þín braut er þyrnum þakin,
 hver þyrnir falskur koss.
 Ég sé þig negldan nakinn
 sem níðing upp á kross.
 Ég sé þig bæddan hanga
 á Hausaskeljastað. -
 Þann lausnardaginn langa
 var líf þitt fullkomnað.

Að kofa og konungsböllum
 þú kemur einn á ferð.
 Þú grætur yfir öllum
 og allra syndir berð.
 Þú veist, er veikir kalla
 á vin að leiða sig.
 Þú sérð og elskar alla,
 þó allir svíki þig.

Ég fell að fótum þínum
 og faðma lífsins tré.
 Með innri augum mínum
 ég undur mikil sé.
 Þú stýrir vorsins veldi
 og verndar hverja rós.
 Frá þínum ástareldi
 fá allir heimar ljós.

Árið 1925 tók Davíð við starfi bókavarðar Amtsbókasafnsins á Akureyri og starfaði þar til ársins 1951. Bjó hann í Gamla barnaskólahúsinu frá 1925 til 1945, þar sem Amtsbókasafnið var um tíma, eða þar til hann settist að í húsi við Bjarkarstíg, sem upphaflega hét Krabbastígur. Þegar Akureyrarbær gaf Davíð hús til að búa í 1945, óskaði hann eftir því að nafni götunnar yrði breytt í Bjarkarstígur, enda kemur björkin víða fyrir í ljóðum hans. Fáum árum áður hafði hann skrifað leikritið *Gullna bliðið* þar sem upphaf að söng Fíðlungs hljóðar þannig:

*Ég beið þín lengi, lengi,
mín liljan fríð,
stillti mína strengi
gegn stormum og bríð.
Ég beið þín undir björkunum
í Bláskógablíð.*

Davíð var sagður róttækur ungur maður. Einar Olgeirsson [1902-1993], einn stofnenda Kommúnistaflokks Íslands, var samtíða Davíð í Gagnfræðaskólanum á Akureyri og fékk hann til að fara í sendinefnd flokksins til Sovétríkjanna 1928. Davíð mislíkaði hins vegar það sem þar bar fyrir sjónir. Eftir þessa ferð varð Davíð hægrisinnaðri, að því er sagt er, en hafði alla tíð samúð með lítilmagnanum og umkomulitlu og fátæku fólki, eins og kemur fram í kvæðum hans allt til loka.

Í Gagnfræðaskólanum á Akureyri var Davíð samtíða Huldu Árdísi Stefánsdóttur [1897-1989] dóttur Stefáns Stefánssonar skólameistara [1863-1921]. Gaf Davíð Huldu Árdísi fyrsta eintak af Svörtum fjöðrum og ritaði á: „Til huldukonunnar góðu, frá höf.“ Sumarið 1919 fóru þau Hulda Árdís gangandi úr Fljótum í Fagraskóg. Segir sagan, að þau hafi rætt um að setjast að á fjöllum. Þremur árum síðar birtist í *Kvæðum*, annarri ljóðabók Davíðs, kvæðið „Dalakofinn“ sem hefst þannig:

*Vertu hjá mér, Dís, meðan kvöldsins klukkur bringja
og kaldir stormar næða um skóg og eyðisand;
þá skal ég okkur bæði yfir djúpið dökka syngja
heim í dalinn, þar sem ég ætla að byggja og nema land.*

Konur í lífi Davíðs voru margar, en hann kvæntist aldrei. Margir telja að Hulda Árdís Stefánsdóttir hafi verið „konan í lífi“ Davíðs – og hann kallar hana „huldukonuna sína“. Mikla athygli vakti samband Davíðs við norsku leikkonuna Gerd Grieg [1895-1988], ekkju skáldsins og kommúnistans Nordahls Grieg [1902-1943] sem fórst með breskri sprengjuflugvél yfir Berlín 2. desember 1943. Gerd Grieg bjó í húsi Davíðs frá Fagraskógi við Bjarkarstíg heilan vetur og vakti það mikla eftirtekt á Akureyri.

Vinir Davíðs nefna margir andstæður í fari hans. Árni Kristjánsson píanóleikari [1906-2003] segir í bókinni *Skáldið frá Fagraskógi, endurminningar samferðamanna um Davíð Stefánsson* að margar sögur hafi farið af því hversu ofsafenginn hann gæti verið, þegar hann var á valdi Bakkusar og „þoldi illa geðlausa eða tilgerðarlega menn“ og þá sem hann taldi vanvirða það sem hann hafði í heiðri og trúði á. „Hann var þá ekki myrkur í máli, gat verið óvæginn, og sveið sumum illa undan orðum hans.“

Kristinn E. Andrússon bókmenntafræðingur [1901-1973] segir í bók sinni *Íslenskar nútímabókmenntir 1918-1948*, að Davíð hafi verið annar aðalfulltrúi hinnar nýju skáldakynslóðar ásamt Stefáni frá Hvítadal. Í ljóðum Davíðs eru víða sterkar náttúrumyndir, að nokkru áhrif frá æskustöðvunum í Fagraskógi undir hinu svipmikla Kötlu-fjalli með útsýni til Kaldbaks og Látrastrandar. Í kvæðum Davíðs er að finna setningar sem orðið hafa að eins konar málsháttum eða fleygum orðum. Sem dæmi má nefna úr kvæðabókinni *Nýjum kvæðum*: „Blóðug eru böðlasporin“ úr kvæðinu „Hrærekur konungur í Kálfskinni“, og „Sumir skrifa í öskuna öll sín bestu ljóð“ eða „Fáir njóta eldanna, sem fyrstir kveikja þá“, hvort tveggja úr ljóðinu „Konan sem kyndir ofninn minn“.

Eitt fegursta ljóð Davíðs er kvæðið „Skógarhind“ úr ljóðabókinni *Í dögum* frá árinu 1960:

*Langt inn í skóginn leitar bindin særð
og leynist þar, sem enginn hjörtur býr,
en yfir hana ferist fró og værd.
Svo fjarar lífið út. ...*

Ó, kviku dýr,
 reikið þið hægt, er rökkva tekur að,
 og rjúfið ekki heilög skógarvé,
 því lítil hind, sem fann sér felustað,
 vill fá að deyja ein á bak við tré.
 Um blóð, sem fyrr var bæði ungt og beitt,
 mun bleikur mosinn engum segja neitt.

En þú, sem veist og þekkir allra mein,
 og þú, sem gefur öllum lausan taum,
 lát fölnað laufið falla af hverri grein
 og fela þennan hvíta skógardraum.

Er fuglar hefja flug og morgunsöng
 og fagna því, að ljómar dagur nýr,
 þá koma öll hin ungu, þyrstu dýr
 að uppsprettunnar silfurtæru lind –
 öll, nema þessi eina, hvíta hind.

Veturinn 1948 til 1949 dvaldist Davíð á hressingarhælinu Montebello á Helsingjaeyri í Danmörku og átti við vanheilsu að stríða lengi. Er talið að hann hafi aldrei náð fullri heilsu eftir það. Bera ljóð hans og annar skáldskapur síðustu ár hans einkenni þessarar vanheilsu, þar sem hann fjallar um dauðann, myrkrið og guðlega forsjá. Ekki síst á þetta við um mörg ljóð í ljóðabókinni *Síðustu ljóð* sem út kom eftir dauða hans árið 1966.

Davíð Stefánsson skrifaði fjögur leikrit sem voru sýnd á leiksviði. Hið fyrsta var *Munkarnir á Möðruvöllum*, sem sýnt var í Reykjavík 1926 og tveimur árum síðar á Akureyri. *Gullna bliðið* er frægasta leikverk hans, sýnt 1941, samið upp úr þjóðsögunni *Sálin hans Jóns míns*, en samnefnt kvæði hans kom út 1933. Leikritið *Vopn guðanna* var frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur annan dag jóla 1943 og fjallar um átök milli frelsis og kúgunar. Frumsýningargestir tóku sýningunni vel og blaðadómar voru góðir, en leikritið gekk ekki lengi. Haustið 1952 lauk Davíð við að semja leikrit sem hann nefndi *Landið gleymda*. Leikritið byggir á ferð norska prestsins og trúboðans Hans

Egede [1686-1758], sem nefndur hefur verið postuli Grænlands og vildi leita uppi norræna menn, en fann aðeins Inúíta. Leikritið var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu seinni hluta vetrar 1953, en fékk misjafna dóma.

Á sextugsafmæli skáldsins árið 1955 var Davíð Stefánsson gerður heiðursborgari Akureyrar. Hann lést á Akureyri 1. mars árið 1964, þá nýlega 69 ára, og er jarðaður á Möðruvöllum í Hörgárdal, þar sem hvíla foreldrar hans og mörg önnur ættmenn.

Ólafur Jónsson

Ólafur Björgvin Jónsson fæddist í Freyshólum á Fljótsdalshéraði 23. mars 1895 en lést á Akureyri 16. desember 1980. Ólafur stundaði nám við Búnaðarskólann á Hvanneyri en lauk prófi frá Den Kongelige Veterinær- og Landbohøjskole í Kaupmannahöfn árið 1924. Sama ár var hann ráðinn framkvæmdastjóri Ræktunarfélags Norðurlands og settist að í Gróðrarstöðinni á Akureyri. Árið 1949 gerðist hann jarðræktarráðunautur hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og 1955 ráðunautur hjá Sambandi nautgriparæktarfélaganna í Eyjafirði og vann þar til 1965 er hann varð sjötugur.

Ólafur ritaði mikið um jarðfræði. Ber þar hæst rit hans *Ódáða-braun*, sem út kom í þremur bindum 1945, prýtt teikningum Ólafs og ljósmyndum Eðvarðs Sigurgeirssonar. Ritið *Skriðuföll og snjóflóð* kom út í tveimur bindum 1957, *Dyngjufjöll og Askja* 1962 og *Bergblaup* árið 1976.

Ólafur Jónsson var mikilvirkur rithöfundur því auk bóka um jarðfræði sendi hann frá sér skáldsöguna *Öræfaglettur* 1947 og sama ár ljóðabókina *Fjöllin blá*. Árið 1978 komu síðan út nokkrar frásagnir og smásögur í bókinni *Strípl*. Æviminningar Ólafs komu út í tveimur bindum á árunum 1971-2 og báru heitið *Á tveimur jafnfljótum*.

Stíll Ólafs einkennist af náttúruromantík, eins og vænta má af náttúruunnanda. Í ljóðabókinni *Fjöllin blá* er samnefnt kvæði sem hefst þannig:

*Fylgdu mér á fjöllin blá,
fram til efstu tinda!
Þar sem breiðum fanna frá
fellur mórauð jökulsá.
Bjartar jökulbungur gljá.
Blása svipir vinda.*

*Yfirgefðu ys og þys,
útvarp, bíla og síma,
orðaskvaldur, glaum og glys.
Gakk af stað við sólarriis.
Láttu andans brenna blys.
Burt með rúm og tíma. —
Best við bratta að glíma.*

Stefán Ágúst Kristjánsson

Stefán Ágúst Kristjánsson fæddist að Glæsibæ í Eyjafirði 14. maí árið 1897 og lést 1. maí 1988. Foreldrar hans voru Guðrún Oddsdóttir frá Dagverðareyri og Kristján Jónsson bóndi og smiður í Glæsibæ. Að loknu námi við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal hóf Stefán Ágúst störf á Akureyri, fyrst sem kennari en var síðan við skrifstofu- og verslunarstörf. Hann var forstjóri Sjúkrasamlags Akureyrar árin 1936 til 1970 og jafnframt forstjóri Borgarbíós 1946 til 1970. Hann var lengi í forystusveit



Stefán Ágúst Kristjánsson.

bindindishreyfingarinnar á Akureyri og helsti hvatamaður að rekstri Hótel Norðurlands og síðar Hótel Varðborgar, var einn stofnenda Félags verslunar- og skrifstofu-

fólks á Akureyri árið 1930, Karlakórsins Geysis árið 1922 og Tónlistarfélag Akureyrar árið 1943.

Þrjár ljóðabækur komu út eftir Stefán Ágúst og á aldarafmæli hans komu út sönglög eftir hann á geisladiski. Á aldarafmæli Akureyrar 1962 kom út hátíðarljóð sem hann nefndi „Óð til Akureyrar“. Ljóðið skiptist í þrjá þætti, sem heita „Landnám“, „Óður Akureyrar“ og „Óskir“. Fyrstu tvö erindin í „Óði Akureyrar“ lýsa bæði vel kveðskap Stefáns Ágústs og þeirri ást, sem hann bar til Akureyrar og Eyjafjarðar:


*Gakk þú með á brekkur brattar,
beyg þín kné í djúpri lotning.
Fagur, víður fjallabringur
faðmar Norðurlandsins drottning.
Yndisfagra Akureyri!
Ilmi af gróðri er nafn þitt bundið.
Betra vígi í volki lífsins
verður eigi á jörðu fundið.*

*Kaldbakur, sem kólgu brindir,
konunglega í norðri drottnar,
úthafsbáran yggld og grettin
að hans fótum hnígur, brotnar.
Í hans skjóli um Eyjafjörðinn
ölduþreyttur knörrinn flytur
björg, úr sævar dökku djúpi,
að dyrum þess er heima situr.*

Stefán Ágúst lét af störfum árið 1970 og fluttist til Reykjavíkur. Á áttæðisafmæli hans árið 1977 kom út ljóðabókin *Hörpukliður blárra fjalla* og árið 1981 gaf hann út bókina *Angan bleikra blóma*, minningabók um eiginkonu sína, Sigríði Friðriksdóttur sem látist hafði árið áður. Árið 1987 kom út eftir hann úrval 30 ljóða. Stefán Ágúst lést 1. maí árið 1988, tæplega 91 árs að aldri.

Bjarni Jónsson

Bjarni fæddist á Stóruborg í Víðidal hinn 30. ágúst árið 1900. Foreldrar hans voru Rósa Stefánsdóttir frá Tungu á Svalbarðsströnd og Jón Bjarnason gull- og silfursmiður. Árið 1901 fluttust þau að Gröf í Víðidal og við þann bæ kenndi Bjarni sig sem skáld. Þegar í bernsku tók Bjarni miklu ástfóstri við rímur og var innan við fermingu þegar hann fór að fella hugsanir sínar í bundið mál.



Bjarni Jónsson frá Gröf.

Bjarni var fráhverfur búskap, en hneigðist til smíða Árið 1918 hélt hann til Akureyrar og stundaði nám í úrsmíði hjá Kristjáni Halldórssyni. Þegar Bjarni stóð á tvítugu, andaðist faðir hans og hvarf hann þá aftur heim, en búið átti ekki fyrir skuldum eftir erfiðleikaárið 1918. Á þessum árum tók hann virkan þátt í ungmennafélaginu á Blönduósi og tók þar þátt í leiksýningum. Þegar hann var 25 ára hélt hann til Svíþjóðar og Noregs og þaðan til New York, þar sem hann starfaði átta ár. Eftir það vann hann fyrst í nokkur ár hjá Magnúsi Benjamínssyni úrsmið í Reykjavík, en fluttist árið 1939 til Akureyrar og vann hjá gamla læriföður sínum, Kristjáni Halldórssyni, uns hann stofnaði sjálfur úrsmíðastofu. Bjarni andaðist árið 1980.

Árið 1978 kom út bókinn *Vísur Bjarna frá Gröf*, sem séra Bolli Gústavsson bjó til prentunar. Þar er að finna alvarleg kvæði og gamansamar kersknívísur, en einnig ljóð með sterku trúarlegu ívafi eins og kvæðið „Gamla kertið“, sem hefst þannig:


*Ég kveiki á þér, kertið gamla mitt,
því Kristur gaf mér jólaljósið þitt.
Hver geisli frá þér vekur sömu sýn,
ég sé til baka æskujölin mín.*

Eina af fjölmörgum gamanvísum Bjarna Jónssonar frá Gröf nefnir hann „Atómljóð“:

*Ég elska þessi atómljóð, sem enginn skilur,
þau hvíla alveg í mér vitið,
sem er að verða þreytt og slitid.*

Guðmundur Frímann

Guðmundur Frímann Frímannsson fæddist að Hvammi í Langa- dal 29. júlí 1903, sonur hjónanna þar Valgerðar Guðmundsdóttur frá Sneis í Laxárdal og Guð- mundar Frímanns Björnssonar frá Mjóadal. Veturinn 1919 til 1920 var Guðmundur Frímann við nám í alþýðuskólanum á Hvammstanga og stundaði vet- urinn eftir nám í leirmótun hjá Einari Jónssyni myndhöggvara í Reykjavík. Síðan hóf hann nám í húsgagnasmíði á Akureyri og var eftir það búsettur á Akureyri til æviloka að undanskildum árun- um 1939-1941, er hann var handavinnukennari við Héraðsskólann í Reykholti í Borgarfirði.



Guðmundur Frímann.

Guðmundur var fjölhæfur maður, ágætur smiður, listbókbindari og teiknari. Allt sem hann fékkst við, bar listhneigð hans og lagni vitni. Hann var afkastamikill rithöfundur, en varð að vinna fyrir sér og fjöl- skyldu sinni með smíðum, bókbandi og kennslu við Gagnfræðaskóla Akureyrar.

Ljóðabækur Guðmundar Frímann eru: *Náttsólin*; sem kom út 1922, er hann var 19 ára, *Úlfablóð* frá 1933, *Störin syngur* frá 1937 og *Svört verða sólskin* frá 1951. Ljóð hans vöktu ekki mikla athygli og nutu ekki mikillar hylli. Er sagt að hann hafi kennt sársauka vegna þess.

Í kvæðinu „Fiðlarinn í Vagnbrekku“ yrkir Guðmundur Frímann um líf listamannsins:

*Mörg var för í regni og roki
raunaþung og efnin smá.
Breytti þá í gull- og glitskóg
gráa hversdagsleikans þytskóg
fiðlan fagurgljá.*

*Og í hverju strengjastroki
straumar bláir kváðust á.
Vor með gliti og glóðafoki
geymt í strengjum lá.*

Æskusveitin var honum kær til æviloka, sem víða sér stað í ljóðum hans. Hann var til æviloka sonur Langadals og árniður Blöndu lék honum fyrir eyrum alla tíð, að því er sagt var. Guðmundur Frímann lést á Akureyri 14. ágúst 1989.

Jóhann Frímann

Jóhann Frímann fæddist í Hvammi í Langadal 27. nóvember 1906, Húnvetningur í báðar ættir, albróðir Guðmundar Frímann. Foreldrar hans voru Valgerður Guðmundsdóttir frá Sneis í Laxárdal og Guðmundur Frímann Björnsson frá Mjóadal. Á heimilinu í Hvammi var mikið lesið, ekki síst skáldsögur og ljóð, og ljóðagerð var þar um hönd höfð.

Jóhann varð gagnfræðingur 1923 frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem síðar varð Menntaskólinn á Akureyri. Veturinn 1924 til 1925 sat hann í fjórða bekk nýstofnaðrar menntadeildar skólans, en hvarf þaðan undir vor vegna óyndis. Um sumarið hélt hann til Danmerkur, settist í lýðháskólann í Askov um haustið og lauk þaðan prófi eftir tvö ár. Næstu sumur ferðaðist hann víða um Evrópu, dvaldist meðal annars í klausturskólanum í Clervaux í Lúxemborg sumarið 1927. Næstu ár fór hann kynnisferðir um Evrópu, m.a. til Sovétríkjanna árið 1933. Hann naut þess að láta mennta- og menningar-

strauma samtímans leika um sig, sagður hrifnæmur og jákvæður gagnvart stefnum, hugmyndum og hugsjónum.

Haustið 1927 varð Jóhann Frímann kennari við Iðnskóla Akureyrar sem þá var að flytjast í nýtt hús, er Iðnaðarmannafélagið hafði reist við Lundargötu. Haustið eftir varð hann skólastjóri skólans allt til 1955, að undanteknum tveimur árum, er hann var skólastjóri Reykholtsskóla í Borgarfirði. Hann sat í bæjarstjórn Akureyrar 1934 til 1938 og tók alla tíð mikinn þátt í

málefnum Akureyrar, lengi í skólanefnd Húsmæðraskóla Akureyrar, stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar, Sparisjóðs Akureyrar og Framsóknarfélags Akureyrar og ritstjóri Dags þrjú ár og skrifaði mikið í það blað árum saman.

Þegar Gagnfræðaskóli Akureyrar var stofnaður 1930, fékk skólinn inni í húsi Iðnskólans við Lundargötu, þar til skólarnir fluttust báðir í nýtt hús Gagnfræðaskólans við Laugargötu árið 1943. Kennslugreinir Jóhanns voru einkum stærðfræði og danska. Þegar Þorsteinn M. Jónsson lét af skólastjórn haustið 1955, tók Jóhann Frímann við starfi skólastjóra, en lét af skólastjórn haustið 1963 vegna heilsubrests. Hann andaðist á Akureyri 28. febrúar 1990.

Jóhann Frímann sendi frá sér tvær ljóðabækur: *Mansöngvar til miðalda* árið 1929 og *Nökkvar og ný skip* árið 1934. Leikrit hans *Fróðá* kom út 1938 og var sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og Leikfélagi Reykjavíkur og flutt í útvarp. Úr því leikriti er ljóðið „Fróðá“:



Jóhann Frímann.

Ég veit að enn er langt í land
og liðið gerist þreytt
og kannski fram að Fróðársand
loks flýtur sprekið eitt.
Það sakar ekki heldur bót
því hugur minn á stefnumót,
mun svífa djarft um sollin höf
þótt sígi skip í vota gröf.

Þú kannast við hinn góða gest
er gisting að þér hlaut.
Af öllum þó á beði best
ég blíðu þinnar naut.
Þótt aðrir bændur ættu þig
og einn ég færi um refilstig,
ég skeytti ei bót um boð né bann
því best þú kysstir sekan mann.

Þótt færi ég hálfan heiminn kring
mig hingað aftur bar,
og ætíð Birni Breiðvíking
á bæjum fagnað var.
Og hvar sem kennir kjölur grunns
ég knerri mínum ræð til hlunns,
og hver sem ræður ríkjum hér
ég rið í nótt að heilsa þér.

Ég elska þig, ég elska þig,
því yfir mér og kringum mig
er sífellt æskusvipur þinn
á sveimi hljótt um bústað minn.
Þér vindar, treystið stöng og stög
þér stormar, herðið skrið!
Því faðmlög eru hin einu lög
sem ástin kannast við!

Baldur Eiríksson

Baldur Eiríksson fæddist á Dvergsstöðum í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði 23. desember 1910 og lést á Akureyri 16. nóvember 1994. Foreldrar hans voru hjónin Sigríður Árnadóttir og Eiríkur Helgason bóndi á Dvergsstöðum. Baldur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólunum á Akureyri 1936. Sama ár hóf hann störf á skrifstofu Kaupfélags Eyfirðinga á Akureyri og starfaði þar til 1981, lengst af sem gjaldkeri. Árið 1981 kom út eftir hann kvæðabókin *Dvergmál*, sem hann hlaut skáldalaun fyrir 1982. Baldur Eiríksson orti gamansamar vísur undir skáldanafninu „Dvergur“, en birti einnig alvarlegri kveðskap eins og kvæðið „Að loknu sumarleyfi“:

*Frá hausti til vors, í húmi og snjó,
er hlutskipti landsins sona,
bundnir heima í báða skó,
til bjartari daga að vona.*

*Og ávallt, þá kemur aftur vor,
útþrá menn vilja svala,
hvort sem þeir arka í Egils spor,
eða ærslóðir fram til dala.*

*Þótt vikum saman sé veður bjart,
og vegina ríkið hefli,
þá verður það alltaf undur margt,
sem er manni að fótakefli.*

*Stundin er týnd við töf og kák,
tækiferin að baki,
og úrslitaleikir í lífsins skák
leiknir í tímahraki.*

Bragi Sigurjónsson

Bragi Sigurjónsson fæddist 9. nóvember 1910 á Einarstöðum í Reykjadal í Suður-Pingeyjarsýslu, en andaðist 29. október 1995. Foreldrar hans voru hjónin Kristín Jónsdóttir húsmóðir og Sigurjón Friðjónsson, bóndi, skáld og alþingismaður, fæddur á Sílalæk í Aðaldal 1867, dáinn 1950. Sigurjón Friðjónsson skrifaði smásögur, orti kvæði og þýddi ljóð, skrifaði greinar um bókmenntir, félagsmál og stjórnsmál.



Bragi Sigurjónsson.

Bragi Sigurjónsson stundaði nám í Héraðsskólanum á Laugum, lauk kennaraprófi frá Kennarskóla Íslands 1931 og stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1935. Veturinn 1935–1936 stundaði hann nám í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, var kennari í Reykjadal 1936 til 1938, en fluttist þá til Akureyrar og kenndi við Gagnfræðaskóla Akureyrar og Iðnskóla Akureyrar til 1954, síðustu árin sem stundakennari. Árið 1946 varð hann fulltrúi hjá bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu til 1964, er hann varð bankastjóri við Útvegsbanka Íslands á Akureyri til 1978. Bragi Sigurjónsson var formaður Alþýðuflokksfélags Akureyrar, ritstjóri Alþýðumannsins og í stjórn Alþýðuflokksins 1950 til 1979, lengi bæjarfulltrúi á Akureyri, sat á Alþingi um skeið og var landbúnaðar- og iðnaðarráðherra 1979 til 1980.

Bragi Sigurjónsson var af skálldaettum og var rithöfundur, gaf m.a. út verkið *Göngur og réttir*; samdi smásögur og fékkst við þýðingar í bundnu máli og lausu, auk þess sem hann var afkastamikill ljóðskáld og sendi frá sér tíu ljóðabækur: *Hver er kominn úti?* 1947, *Hraunkvíslar* 1951, *Undir Svörtuloftum* 1954, *Á veðramótum* 1959, *Ágúst dagar* 1965, *Páskasnjór* 1972, *Sumarauki* 1977, *Sunnan Kaldbaks* 1982, *Einmæli* 1989 og *Misvæg orð* 1995. Í ljóðabókinni *Ágúst dagar* er að finna samnefnt ljóð:

Og svo var Jörðin fyrr en varði vikin
 úr veisluglaumi hins káta júlídags,
 ofurlítið reynslusár og svikin
 á sólskinsdýrð, en fann sér hvíldir strax
 við hljóða gleði heitra ágústkvelda
 og hjúpuð rökkri byrgðra sumarelda.

Þó voru merki þess, sem verða vildi,
 á víði og blómi í hverjum gróðurstað.
 Hún vissi, að hverju fór, og fann og skildi,
 þar færðust sumarlokin stundvís að,
 því dásemd hver og fegurð á sér endi,
 svo öllu er mældur tími úr drottins hendi.

Og mig, sem hafði fylgst með ferðum Jarðar
 og fetað hennar slóð um sumarleið
 og engar götur fundist fótum harðar,
 mig fór að gruna, hvað að lokum beið.
 Og dimmur ótti dunaði mér í blóði,
 þótt döggin enn í morgunsári glóði.


Hvar fann sér staðar ferill minn að kveldi?
 Hvar fékk ég sýnt, að betur hafði ég mætt?
 Hvar mundi lýsa lengi af mínum eldi?
 Hvar lifna dáð af minni gjörð og sett?
 Hvar vaxa grös úr gengnu spori mínu,
 hvar glóa blóm og lyfta höfði sínu?

Hið eina svar, sem orðlaus þögnin veitti,
 var ekkert svar. En rétt í sömu mund
 rann ágústsól og öllum litum breytti,
 og undireins var skipt um svið og stund.
 En geisli hlýr og goluhöndin mjúka
 úr gráum hárum tók að slétta og strjúka.

Ég lifi enn við ljúfa ágústdaga
og lét mig ekki bræða efstu nótt,
en nýt hvers geisla og gróðurilms úr haga
og golunnar, sem hvíslar milt og hljótt:
Fávíst, einsamt förubarn á vegi,
fylgst er með þér, þótt þú vitir eigi,
þínum morgni, þínum degi,
þínu kveldi – og nótt.

Heiðrekur Guðmundsson

Heiðrekur Guðmundsson fæddist 5. september 1910 á Sandi í Aðaldal. Móðir hans var Guðrún Lilja Oddsdóttir og faðir Guðmundur Friðjónsson, bóndi á Sandi, þekkt ljóðskáld á sinni tíð. Voru þeir Bragi Sigurjónsson og Heiðrekur Guðmundsson bræðrasynir. Heiðrekur stundaði nám við Héraðsskólann að Laugum, en vann að búi foreldra sinna lengst af til ársins 1939, er hann fluttist til Akureyrar og vann þar fyrstu árin verkamannavinnu, en var við verslunarstörf frá 1942 til 1968 er hann varð vinnumiðlunarstjóri Akureyrarbæjar, og gegndi því starfi til ársins 1983.



Heiðrekur Guðmundsson.
Teikning eftir Bolla Gústavsson.

„Hann fæddist ekki með gullskeið í munni svo sem augljóst má vera í stórum barnahópi aðeins bjargálna bændahjóna og gekk aldrei menntavegin, eftir því sem venjulega er lagt í það orðatiltæki, þótt hvorki skorti hann gáfur né löngun til. Skólaganga hans öll var í farskóla Aðaldælahrepps barnið og síðar í Héraðsskólann að Laugum í Reykjadal, rúmlega tvítugur að aldri. Engum duldist þó, er kynntist Heiðreki fullþroska, að þar fór gagnmenntaður og margfróður maður. Bóklestur, skýr hugsun, viturleiki og gerhygli að því, sem

reynsla hafði borið á borð, hafði þar skilað verki,“ segir Bragi Sigurjónsson frændi hans í minningargrein.

Eftir Heiðrek Guðmundsson liggja sjö ljóðabækur: *Arfur öreigans* 1947, sem hann hlaut listamannalaun fyrir, *Af beiðarbrún* 1950, *Vordraumar og vetrarkvíði* 1958, *Mannbeimar* 1966, *Langferðir* 1972, *Skildagar* 1978, og *Landamæri* 1987. Þar er að finna ljóðið „Langferðir“:

*Á bæjarblaði beiðstu morgun einn
og búinn varst til langrar heimanferðar,
því frostið hafði breiðar brautir lagt
og brúað árnar, hvar sem vegir lágu.
En föður þínum þótti blikan ljót.
Og þungur niður barst frá hafi gráu.*

*Og hvítir skaflar féllu á freðinn sand,
svo froðan skvettist upp á hæsta kambinn.
Að liðnum morgni mælti faðir þinn:
Af mínum bæ fer enginn þennan daginn.
Ó, manstu, hversu dapurt þótti þér.
Og þungum sporum gekkstu inn í bæinn.*

*En árum síðar lítur þú til lofts
í langferð búinn, skyldurækinn maður,
og horfir norður yfir skaga og sker
og skimar eftir veðrabrigðum nýjum
í von um bríð, sem hindri þína för.
En hvergi sér þú grád né far á skjýjum.*

Í ljóðinu „Langferðir“ ber Heiðrekur Guðmundsson saman fyrstu ferð sína að heiman og síðustu ferðina hér í heimi – ferð sem ekki verður umflúin. Hann andaðist 29. nóvember 1988.

ÞÓRÐUR VILHJÁLMSOON

Vélsmiðjan Oddi hf.

Þórður Vilhjálmssoon er fæddur á Giljum á Fökuldal í Norður-Múlasýslu 27. mars 1943.

Lauk landsprófi frá Héraðsskólanum í Reykholti 1961. Tók sveinspróf í ketil- og plötusmíði frá Vélsmiðju Steindórs á Akureyri

1968. Lauk stúdentsprófi frá öldungadeild MA 1987 og BA-prófi frá HÍ 1996 í bóka-safns- og upplýsingafræði með sagnfræði sem aukagrein. Þórður vann hjá Vélsmiðju Steindórs og Vélsmiðjunni Odda í samtals

29 ár og síðan sem bókasafnsfræðingur hjá Amtsbókasafninu á Akureyri í 15 ár.



Inngangur

Mjög verðr ár, sá er aura,
ísarns meiðr að rísa,
váðir vidda bróður
veðrseygjar skal kveðja.
Gjalla læt eg á gulli
geisla njóts, meðan þjóta
- heitu – hrærikytjur
hreggs vindfrekar – sleggjur.

Svo kvað Skalla-Grímur á Borg þegar húskarlar hans kvörtuðu undan vinnuhörku við rauðablástur, en í Egils Sögu segir frá því að Skalla-Grímur hafi haft rauðablástur mikinn á vetrum og að hann hafi kafað niður á sjávarbotn til að sækja sér stein sem hann taldi

henta til að lýja járn við.¹ Efni vísunnar fært til nútímamáls: Sá verður að rísa snemma úr rekkju sem ætlar sér að verða ríkur á rauðablæstri og járngerð.²

Í Grettissögu segir svo frá Þorsteini Kuggasyni bónda í Ljárskógum:

„Þorsteinn var iðjumaðr mikill ok helt mönnum mjök til starfa. Grettir var lítill verk-lundarmaðr, ok því fór lítt skap þeira saman... hann (Þorsteinn) var járngerðarmaðr mikill. Grettir var atgangsmikill at drepa járnit, en nennti misjafnt.“³

Einnig mætti hér nefna Smiðjuhólinn á Eiðum sem er gjallhaugur sem talinn er innihalda 500-1500 tonn af gjalli. Varlega áætlað bendir þessi gjallhaugur til þess að þar hafi verið framleitt járn svo skipti hundruðum tonna.⁴ Þetta segir okkur að járnvinnsla og járnsmíði hefur verið stunduð á Íslandi allt frá landnámi enda höfðu landnámsmenn kunnáttu á þessu sviði frá fyrri heimkynnum.

En nú er ætlunin að líta sér nær og huga að járníðnaði á Akureyri og þá kemur í ljós að þar hafa orðið miklar breytingar á síðustu hundrað og tuttugu árum eða síðan um aldamótin 1900. Fram til þess tíma hafði járnsmíði verið nánast eins um aldir. Það helsta sem smíðað var voru: ljáir, hestajárn, ýmsir hlutir viðkomandi bátaútgerð og búshlutir af mörgu tagi. Í byrjun 20. aldar komu vélar í báta og þar með þurftu menn að fara að sinna viðhaldi vélanna og smíða í þær varahluti. Þetta kallaði á nýja þekkingu og nýjar aðferðir við járnsmíði og útheimti mun betri aðstæður varðandi vinnu við báta og síðar bíla og önnur tæki þegar kom fram á 20. öld.

Hér er ætlunin að fjalla um Vélsmiðjuna Odda h.f. á Akureyri en segja má að smíðja með þessu nafni hafi verið starfrækt þar frá 1924 til 1992 eða í 68 ár. Verkinu verður skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta verður reynt að greina frá stofnendum fyrirtækisins sem þá hét Véla-verkstæðið Oddi. Gerð verður grein fyrir ástæðum þess að tveir Ólafsfirðingar stofnuðu véla-verkstæði á Akureyri, sagt frá sölu verkstæðisins, stofnun Vélsmiðjunnar Odda h.f. og starfsemi hennar til

¹ Sbr. *Egils saga*, (Óskar Halldórsson annaðist útgáfuna). (Reykjavík: Skálholt, 1975).

² Sbr. Þórarinn Þórarinsson, „Ísarns meiður á Eiðum“, *Múlaþing* (1980); 10: bls. 31-55.

³ *Grettis saga Ásmundarsonar. Bandamanna saga. Odds þátr Ófeigssonar* (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1936).

⁴ Þórarinn Þórarinsson, „Ísarns meiður á Eiðum“, *Múlaþing* (1980); 10: bls. 31-55.

1945. Í öðrum hluta verður sagt frá kaupum Kaupfélags Eyfirðinga á fyrirtækinu og öðrum járníðnaðarfyrirtækjum á árinu 1945, sameiningu þeirra og rekstri til 1966. Þriðji hlutinn fjallar svo um fyrirtækið og rekstur þess til 1992 en um áramótin 1992-1993 var Vélsmiðjan Oddi sameinuð Slippstöðinni á Akureyri og stofnað fyrirtæki sem nefnt var Slippstöðin Oddi h.f. Það fyrirtæki lifði aðeins skamma hríð og því verða endalok Vélsmiðjunnar Odda h.f. talin um áramót 1992-1993.

I. hluti

Vélsmiðjan Oddi hf.

Saga Vélsmiðjunnar Odda hófst 1924 er stofnað var vélaverkstæði í litlum skúr á Oddeyri, fyrst og fremst til að þjónusta fiskibáta Ólafsfirðinga. Í upphafi hét fyrirtækið Vélaverkstæðið Oddi og voru stofnendur þess tveir vélsmiðir frá Ólafsfirði. Sá eldri var Jón sonur Þorsteins útgerðarmanns í Háaskála í Ólafsfirði. Hann var fæddur árið 1880 í Hólkoti en fluttist með foreldrum sínum í Hornið en svo nefndist þorpið í Ólafsfirði á þessum tíma. Þar reistu þau sér húsið Háaskála og sneru sér að útgerð. Jón dvaldist einn vetur á Akureyri þegar hann var 16 ára og nam járnsmíði og lagði eftir það stund á alls konar smíðar og viðhaldsvinnu fyrir útgerðarmenn í Ólafsfirði. Árið 1914 stofnaði hann viðgerðaverkstæði sem seinna fékk nafnið Vélaverkstæðið Nonni.

Í upphafi 20. aldar fara að koma vélar í báta og menn fóru að fá sér stærri báta sem reyndist ekki lengur hægt að draga upp í sandinn í Ólafsfirði en hafnaraðstaða var þar engin á þessum tíma. Þetta leiddi til þess að menn urðu að fara með bátana til Akureyrar og geyma þá þar yfir veturinn. Eðlilega vildu útgerðarmenn láta sinna viðhaldi bátanna þegar ekki var hægt að stunda sjóinn og fóru þess á leit við Jón að hann fylgdi bátunum til Akureyrar til að sinna viðhaldi og endurbótum. Í fyrstu vann Jón um borð í bátunum við lélega aðstöðu en árið 1924 stofnaði hann ásamt lærlingi sínum, Gunnlaugi S. Jónssyni, vélaverkstæði í litlu steinhúsi á Oddeyri. Gunnlaugur var fæddur í Hlíð í Svarfaðaárdal árið 1900 en fluttist með foreldrum sínum að Þóroddsstöðum í Ólafsfirði og ólst þar upp. Hann vann ýmis störf



Hér má sjá fyrsta húsnæði Vélaverkstæðisins Odda. Húsið er ljós depill skammt sunnan ósa Glerár.

Ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson 1930. Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

uns hann tók að læra vélsmíði hjá Jóni. Verkstæðið nefndu þeir Vélaverkstæðið Odda.⁵

Ekki er ljóst hvers vegna þeir völdu fyrirtæki sínu þetta nafn en líklegt má telja að því hafi ráðið staðsetningin á Oddeyri. En litla steinhúsið reyndist fljótt of lítið og árið 1939 festu þeir félagar kaup á Gránufélagshúsunum svonefndu að Strandgötu 49. Þetta er húsalengja sem samanstendur af þrem húsum sem nefnd hafa verið: Vestdalseyrahús sem stendur vestast í röðinni, Skjaldarvíkurstofa sem stendur austast og Miklabygging sem stendur í miðið og tengir húsin saman. Saga þessara húsa er í stuttu máli sú að Tryggvi Gunnarsson kaupstjóri Gránufélagsins keypti hús á Vestdalseyri við Seyðisfjörð vorið 1873. Þetta hús var tekið niður og flutt til Akureyrar og reist á Oddeyri. Húsið fullnægði ekki þörfum Gránufélagsins lengi og árið 1876 keypti félagið hús í Skjaldarvík og lét flytja inn á Oddeyri og reisa austan við Vestdalseyrahúsið. Vafalítið hefur Tryggvi sem var byggingameistari verið búinn að hanna þessa húsalengju og því látið

⁵ Sbr. Friðrik G. Olgeirsson, *Hundrað ár í Horninu*. 1. b. (Ólafsfjarðarkaupstaður 1984), bls. 154, 179, 181.

reisa Skjaldarvíkurstofuna í sömu línu og Vestdalseyrarhúsið en með nokkru bili á milli. Þar var síðan tveim árum seinna reist svonefnd „Miklabygging“ sem er háreist tveggja hæða bygging sem tengir hús- in saman.⁶ Fram kemur í ævisögu Þorsteins Daníelssonar á Skipalóni, eftir Kristmund Bjarnason, að Þórarinn sonur Stefáns amtmanns hafi látið reisa hús í Skjaldarvík árið 1835. Húsið telur Kristmundur hafa verið keypt frá Noregi, Gránufélagið hafi keypt þetta hús, látið taka það niður og reisa að nýju á Oddeyri þar sem það standi enn.⁷

Sem áður segir keyptu eigendur Vélaverkstæðisins Odda Gránu- félagshúsin 1939 og fluttu starfsemi sína þangað á næstu árum. Í vest- urenda Vestdalseyrarhússins var útbúið rými fyrir eldsmiðju og plötu- smiðju en austast var rými fyrir vélaviðgerðir. Í Miklubyggingu var svo renniverkstæði á neðri hæð og lager á hæðinni yfir. Í Skjald- arvíkurstofu var íbúið uppi í ris- hæð, en á jarðhæðinni var skrif- stofa, kaffistofa starfsmanna og að- staða fyrir málmsteypu.



Þórður Björgúlfsson, f. 1918, 100 ára.

Líklegt verður að telja að þeir félagar hafi rekið verkstæðið sem félagsbú og borið jafna ábyrgð á rekstrinum. Verkefni tengdust eink- um útgerð og landbúnaði eftir at- vikum. Starfsmenn munu hafa verið nálægt 20 um tíma og má þar nefna Þórð Björgúlfsson sem hóf störf hjá þeim félagum árið 1934, þá 16 ára.

Þórður er enn hress þrátt fyrir háan aldur og hefur veitt höfundi gagnlegar upplýsingar við samantekt þessa verks. En rekstur fyrirtæk- isins hefur væntanlega verið með líku sniði til ársins 1942 er þeir seldu það og fluttust burt, Gunnlaugur til Reykjavíkur en Jón aftur til Ólafsfjarðar.

Í gögnum varðandi sölu Vélaverkstæðisins Odda kemur fram að eignir þess voru:

⁶ Sbr. Jón Hjaltason, *Saga Akureyrur: Kaupskapur*. 2. b. (Akureyri 1994), bls. 217-219.

⁷ Sbr. Kristmundur Bjarnason, *Þorsteinn á Skipalóni* 2. b. (Reykjavík 1961), bls. 353.

„Gránufélagshúsin að Strandgötu 49 með tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, 2 renni-bekkir, borvél, vélsög, 2 rafsuðuvélar, 2 logsuðutæki, plötuváls, málmsteypa m/ tilheyr-andi, loftpressa m/ tilheyrandi, 5 krafttaliur, snittvél m/ tilheyrandi, eldsmiðja m/ til-heyrandi.“⁸

Þannig var fyrirtækið búið er nýir aðilar tóku við rekstrinum.

Kaupandi að Vélaverkstæðinu Odda var fyrirtæki sem nefndist Vél-smiðjan Oddi h.f. Að því stóðu fimm aðilar sem allir, utan einn, voru lærðir járníðnaðarmenn. Þeir voru:

1. Ferdinand Eyfeld fæddur í Halakoti á Álftanesi 30. október 1898. Nam í Vélsmiðjunni Hamri og lauk síðan vélstjóranámi frá Vélstjóraskóla Íslands.
2. Ásgeir Árnason fæddur á Ísafirði 24. maí 1901. Stundaði vél-smiðanám hjá Bergsveini Árnasyni vélsmiðameistara á Ísafirði og lauk síðan prófi frá Vélstjóraskólanum 1925.
3. Björn Henry Olsen fæddur 12. maí 1906. Nam vélsmíði í Vél-smiðjunni Þór á Ísafirði og lauk námi frá Vélstjóraskóla Íslands 1933.
4. Guðmundur Valgrímsson fæddur á Skógarströnd 1. janúar 1911. Guðmundur lærði vélvirkjun í Vélsmiðjunni Hamri h.f. Hann lauk vélstjóranámi frá Vélskólanum í Reykjavík 1936.
5. Steindór Hjaltalín fæddur á Akureyri 1. janúar 1902. Steindór var mikill athafnamaður, rak löngum útgerð og var auk þess mjög virkur í flugsamgöngum og slysavörnum.

Frjáls verslun birti svohljóðandi tilkynningu 1942:

„Vélsmiðjan Oddi h.f., Akureyri. Stofnað 29. júní. Tilgangur: Að reka vélsmiðju, að-gerðir á vélum og skipum, verzlun og annað slíkt í sambandi við reksturinn. Hlutfé 100 þús. kr. Stjórn: Ferdinand Eyfeld, Steindór Hjaltalín, Guðmundur Valgrímsson.“

Í gjörðabók Vélsmiðjunnar Odda h.f. stendur eftirfarandi færsla:

„Hinn 29. júní 1942 var haldinn fundur á skrifstofu Jóns Sveinssonar hdm. á Akureyri. Á fundinn voru mættir: Ásgeir Árnason vélstjóri Bræðraborgarstíg 24 A Reykjavík, Ferdinand Eyfeld vélstjóri Vegamótum Seltjarnarnesi, Guðmundur Valgrímsson vél-stjóri Bergstaðastræti 7 Reykjavík, Steindór Hjaltalín útgerðarmaður Suðurgötu 56 Siglufirði. Ásgeir Árnason mætti með umboð frá Birni Henry Olsen vélstjóra Öldu-götu 57 Reykjavík. Á fundinum var einnig Jón Sveinsson hdm. og var hann fundar-

⁸ 2018-A/1 1 1942-1966 *Gjörðabók*.

stjóri. Tilfni fundarins var að stofna formlega hlutfélag til að kaupa Vélaverkstæðið Odda og reka þar áfram nýsmíði og aðgerðir á vélum, skipum, verslun og annað slíkt í sambandi við reksturinn. Fundurinn samþykkti eftirfarandi stofnsamning:

1. Heiti félagsins er Vélsmiðjan Oddi h.f. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.
2. Félagið er stofnsett í þeim tilgangi að kaupa Vélaverkstæðið Odda Akureyri og reka þar áfram nýsmíði og aðgerðir á vélum og skipum, verslun og annað slíkt í sambandi við reksturinn eftir því sem henta þykir á hverjum tíma
3. Hlutfé félagsins er kr. 100.000 – eitt hundrað þúsund krónur. Hafa stofnendur skrifað sig fyrir öllu því hlutfé hver með þeirri upphæð sem hér segir:

Steindór Hjaltalín	kr 40.000
Ásgeir Árnason	- 15.000
Ferdinand Eyfeld	- 15.000
Guðmundur Valgrímsson	- 15.000
Henry Olsen	- 15.000
Alls	- 100.000
4. Kostnaður við stofnun félagsins greiðist af félaginu sjálfu, þar á meðal kr. 6000.00 – sex þúsund krónur – kostnaður og þóknun til stofnendanna sjálfra.
5. Engum hlutum í félaginu fylgja nein sérréttindi.
6. Hluthafar eru ekki skyldir til að þola innlausn hluta sinna.
7. Hlutirnir verða ekki seldir nema með samþykki félagsstjórnar.
8. Hlutirnir skulu hljóða á nafn.
9. Stofnendur áskilja sér ekki stöðu eða önnur fríðindi. Stjórn félagsins eða skipulag verður nánar ákveðið með samþykktum félagsins.

Þegar stofnsamningurinn hafði verið samþykktur var gert stutt fundarhlé og að því loknu var tilkynnt að Ferdinand Eyfeld hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.⁹

Hinn nýráðni framkvæmdastjóri lagði því næst fram, til samþykktar, frumvarp sem hann hafði samið ásamt öðrum stofnendum félagsins. Þetta frumvarp skiptist í sex kafla og var innihald þeirra í stuttu máli þannig: Í fyrsta kafla kom fram heimilisfang félagsins, varnarþing og tilgangur. Í öðrum kafla var tilgreint hvernig útgáfu hlutabréfa skyldi háttað og hvaða skyldur fylgja hlutfjáreign. Í þriðja kafla er fjallað um félagsfundi. Þar kom fram að aðalfundur skyldi haldinn fyrir fyrsta apríl ár hvert og hvernig til hans skyldi boðað. Þá var tilgreint hver verkefni aðalfunda skyldu vera og hvaða skilyrðum þyrfti að fullnægja til þess að fundurinn og athafnir hans teldust löglegar. Fjórði kafla fjallaði um stjórn félagsins. Í henni skyldu sitja þrír menn, valdir úr hópi hluthafa og kjörnir til þriggja ára í senn. Stjórnin átti að kjósa einn úr sínum hópi sem formann og annan sem ritara en

⁹ Sbr. 2018-A/1 1 1942-1966 *Gjörðabók*.

skipta með sér verkum að öðru leyti og ráða félagsmálum milli funda. Hlutverk hennar var einnig að ráða félaginu framkvæmdastjóra sem sæi um venjulegan rekstur þess. Fimmti kafli kveður á um starfsár félagsins, frágang ársreikninga, greiðslu launa til stjórnenda, endurskoðenda og greiðslu arðs til hluthafa. Lokakaflinn fjallar svo um slit félagsins og hvernig eignum þess skyldi ráðstafað ef til þeirra kæmi.

Frumvarpið var lesið upp og samþykkt samhjóða á stofnfundi félagsins 29. júní 1942 og undirritað af Jóni Sveinssyni hdm.¹⁰ Þessar samþykktir sýna að staðið var að stofnun félagsins með hefðbundnum hætti.

Starfsemin virðist hafa gengið vel í fyrstu og á aðalfundi ársins 1942, sem var aðeins hálf starfsár, var ákveðið að greiða hluthöfum þriggja prósentar arð þar sem félagið skilaði hagnaði upp á 18.422,11 kr. Á þessum fundi kom fram hve erfiðar aðstæður við að taka upp skip til viðgerða háðu starfseminni. Rætt var um að stofna til samstarfs við Nóa Kristjánsson skipasmið sem þá hafði í hyggju að byggja slipp.

Árið 1943 reyndist hagnaður 23.995,92 kr. og fengu hluthafar fimm prósentar arð. Á fundi var samþykkt að athuga möguleika á að kaupa eða leigja tvo setuliðsbragga sem stóðu á lóðinni fyrir norðan Gránufélagshúsin. Annan þessara bragga keypti félagið árið 1945 eins og síðar verður vikið að.

Á árinu 1944 virðist halla undan fæti hjá félaginu. Þá hafði Ferdinand Eyfeld keypt skip og hugðist snúa sér að útgerð. Skip þetta, *M/s Edda*, þurfti nokkurra viðgerða við sem framkvæmdar voru af Vélsmiðjunni Odda. Ferdinand átti í efiðleikum með greiðslu viðgerðanna og hefur það hugsanlega orðið til þess að hann seldi Jóni Guðmundssyni, Bjarmastíg 11, Akureyri, hlutabréf sín í Odda og sneri sér alfarið að útgerðinni.¹¹ Þrátt fyrir þetta virðist rekstur Vélsmiðjunnar Odda hafa gengið vel og skilað nokkrum hagnaði þetta ár.

Í júní mánuði 1945 seldu Steindór Hjaltalín, Guðmundur Valgrímsson og Jón Guðmundsson sína hluti og voru þá aðeins tveir af upphaflegu stofnendunum eftir. Nýir hluthafar voru: Þorsteinn Stefánsson, Bjarmastíg 11, Gunnþóra Gísladóttir kona Björns Henrys Olsen og Theodóra Tómasdóttir kona Ásgeirs Árnasonar.

¹⁰ Sbr. 2018-A/1 1 1942-1966 *Gjörðabók*.

¹¹ Sbr. 2018-A/1 1 1942-1966 *Gjörðabók*.

Í upphafi árs 1945 keypti félagið stóran vöruskála (bragga) sem stóð norðan við lóðarmörk Gránufélagshúsanna og setti þar upp plötusmiðju. Kaupverð skálans var 15.000,00 kr. Verkefni virðast hafa verið, líkt og fyrr, einkum tengd útgerð en nú var vélvæðing í landbúnaði hafin og mun það hafa fært smiðjunni einhver verkefni. Einnig var orðið nokkuð um að smiðjan sinni viðhaldi bifreiða og ýmsum verkefnum fyrir verksmiðjur SÍS. Um þessar mundir voru menn farnir að velta fyrir sér að smíða stálskip en úr því varð ekki. Starfsmenn voru 22 og þar af nokkrir nemar. Menn héldu tryggð við fyrirtækið og unnu sumir þeirra þar allan sinn starfsaldur.

En eins og áður kemur fram voru þrír af stofnendum félagsins búnir að selja sína hluti og félagið þess vegna tekið að leysast í sundur. Við þessar aðstæður keypti Kaupfélag Eyfirðinga stóran hlut í Vélsmiðjunni Odda h.f. en frá því segir í næsta hluta.

II. hluti

Samkvæmt frétt blaðsins Dags á Akureyri, þann 15. janúar 1946, hefur Kaupfélag Eyfirðinga ákveðið að hefja rekstur véla- og viðgerðaverkstæða fyrir félagsmenn og þess vegna keypt meirihluta hlutabéfa í Sameinuðu verkstæðunum Mars h.f. og Vélsmiðjunni Odda h.f. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að auka vélakost þessara fyrirtækja og gera þau virkari í atvinnulífi Akureyringa.¹²

Um þetta leyti var Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri, hér eftir nefnt KEA, orðið mjög fyrirferðarmikið á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu. Forráðamenn þess höfðu gert sér ljóst að félaginu var nauðsyn á að koma sér upp aðstöðu til járnsmíða og vélaviðgerða. Einnig þrýstu bændur á svæðinu á stjórn félagsins að koma upp viðgerðaðþjónustu fyrir landbúnaðarverkfæri. Þetta leiddi til þess að í júnímánuði 1945 gerðist KEA meirihlutaeigandi í tveim málmiðnaðarfyrirtækjum á Akureyri. Annað þeirra var Vélaverkstæðið Mars sem stofnað var 1917 af Óskari Sigurgeirssyni en var nú komið í eigu fóstursonar hans Óskars Ósberg.


Vélaverkstæðið Mars var stofnað 1917 af Óskari Sigurgeirssyni frá Lögmannshlíð. Óskar hafði numið járnsmíði hjá Sigurði Sigurðssyni

¹² Sbr. Dagur, 15. janúar 1946.

á Akureyri, en fór til Ísafjarðar 1909 og vann við járn- og vélsmíði hjá Jens Jessen. Tveimur árum seinna kom hann aftur til Akureyrar og hóf þar eigin atvinnurekstur 3. mars 1912. Árið 1917 reisti hann hús að Strandgötu 11 fyrir starfsemi sína sem þá hét Vélaverkstæðið Mars og rak það þar til ársins 1942. Óskar var fyrstur vélsmíða á Akureyri til að nota vélknúin áhöld. Sömuleiðis var hann fyrstur til að nota log- og rafsuðutæki, og að bræða málma, svo sem kopar og járn, og við það notaði hann bræðsluofn sem hann hafði smíðað sjálfur. „Óskar var afkastamaður í starfi, og má geta þess, að hann gekk eitt sinn frá 110 hestafla vél í skipi á 48 klst., og mun það vera methraði við það verk hér á landi.“¹³

Óskar Ósberg sem var aðaleigandi Vélaverkstæðisins Mars þegar KEA keypti hlut sinn í því, gerðist verkstjóri á renniverkstæði Odda h.f. og gegndi því starfi meðan þar var rekið sérstakt renniverkstæði.

Hitt fyrirtækið sem KEA keypti var Blikksmiðjan, Gránufélagsgötu 46, í eigu Ágústs Brynjólfssonar. Blikksmiðjan var stofnuð árið 1942 sem útibú frá Nýju blikksmiðjunni í Reykjavík af Einari Pálsyni blikksmið og Haraldi Andrésyni vélstjóra. Ágúst Brynjólfsson var starfsmaður hjá þeim félögum í fyrstu en keypti árið 1944 hluti þeirra Einars og Haraldar en seldi KEA meirihluta í smiðjunni ári



Starfsmenn Vélaverkstæðisins Mars, við störf.

Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

¹³ Sbr. Íslendingur 12. des. 1951.

síðar. Eftir að KEA var orðið aðaleigandi þessara tveggja fyrirtækja voru þau sameinuð í eitt fyrirtæki sem hlaut nafnið Sameinuðu verkstæðin Mars h.f. og var Ágúst Brynjólfsson framkvæmdastjóri þess.

Eins og áður hefur komið fram var Ferdinand Eyfeld fyrsti framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar Odda h.f. eða til ársloka 1944. Hinn 27. júní 1945 var nýr framkvæmdastjóri, Ásgeir Árnason, ráðinn og gegndi hann því starfi til 14. janúar 1946 en þá var KEA orðið meiri-hlutaeigandi í Vélsmiðjunni Odda h.f. og Sameinuðu verkstæðunum Mars h.f. Ágúst Brynjólfsson var kosinn framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna, sem hér eftir verða nefnd Vélsmiðjan Oddi h.f. Hann gegndi því starfi til 12. desember 1946 en þá hafði hann selt sín hlutabréf og hætt störfum. Ekki var ráðið í stöðu framkvæmdastjóra að sinni en prókúruumboð veitt Hauki P. Ólafssyni.

Næst var ráðinn sem framkvæmdastjóri Kristján Tryggvi Jóhannsson, ungur verkfræðingur, sem lært hafði í Noregi en síðan unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Kristján Tryggvi hugðist taka við starfi hjá Vélsmiðjunni Odda í byrjun maí 1947 en fór hans norður tafðist til 29. maí er hann fékk far fyrir sig og fjölskyldu sína með flugvél til Akureyrar. Svo hörmulega vildi til að flugvélin fórst í Héðinsfirði og allir sem með henni voru létust. Þá var ráðinn framkvæmdastjóri Norð-



Arni Árnason.

Úr Vélstjóra- og vélfræðingatali, 1. b.

maðurinn Per Krogh, fæddur í Bergen 21. janúar 1914. Hann nam véltæknifræði í Gautaborg en fluttist til Akureyrar og hóf störf hjá Vélsmiðjunni Odda h.f. Hann fékk prókúruumboð fyrir félagið í mars 1949 og gegndi starfinu til 14. ágúst 1951.¹⁴ Arni Árnason tók þá við stöðu framkvæmdastjóra og gegndi því starfi til 11. nóvember 1959. Hann hafði lært ketil- og plötusmíði á Vélsmiðjunni Odda h.f. og síðan numið véltæknifræði í Svíþjóð áður en hann tók við framkvæmdastjórastarfinu. Í stjórnartíð

¹⁴ Sbr. Morgunblaðið, 18. janúar 1996.



Vélsmiðjan Oddi h.f. um 1965.

Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.



Stjórnendur Odda á 6. áratugnum. Frá vinstri: Kjartan Sigurðsson verkstjóri vél-virkjadeildar, Karl Magnússon verkstjóri plötusmiðju, Árni Arnason forstjóri og Óskar Ósberg verkstjóri rennideildar.

Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.



Starfsmenn Odda 1957. Fremri röð frá vinstri: Gunnar Borgþórsson, Gunnar Þorsteinsson, Sigurður Kristjánsson, Karl Magnússon, Árni Árnason. Aftari röð frá vinstri: Jósteym Konráðsson, Einar Karlsson, Hallgrímur Baldvínsson, Magnús Stefánsson, Þórður Björguífsson, Óskar Ósberg, Tómas Kristjánsson, Völundur Kristjánsson, Garðar Ingjaldsson, Guðmundur Jacobsen, Sigurður Jónsson, Kristján Pálsson, Guðmundur Guðmundsson, Bjarni Gestsson, Jóhann Rossebö, Júlíus Oddsson, Pétur Breiðfjörð, Ármann Guðjónsson, Guðmundur Ó. Guðmundsson, Steinberg Ingólfsson, Vilhjálmur Árnason. Mynd frá Iðnaðarsafninu.

hans var aðstaða öll á Odda stórbætt, m.a. byggð verkstæðishús fyrir bæði plötusmiðju og renniverkstæði auk þess sem byggt var við blikksmiðjuna. Keyptar voru vélar í hið nýja renniverkstæði og starfsmannaaðstaða bætt til muna.


Gísli H. Guðlaugsson tæknifræðingur tók við starfi framkvæmdastjóra af Árna Árnasyni og gegndi því til nóvemberloka 1962. Hann lærði vélvirkjun í Reykjavík og véltæknifræði í Danmörku. Þá tók við eitt ár sem ekki var starfandi framkvæmdastjóri en prókúruumboð hafði Sigurður Kristjánsson skrifstofustjóri. Hann hafði lært bókhald í Bréfaskóla SÍS og unnið við skrifstofustörf og verið m.a. kaupfélags-

stjóri Kaupfélags verkamanna á Akureyri. Hann hafði gegnt starfi skrifstofustjóra hjá Vélsmiðjunni Odda h.f. frá 1957.

Hinn 1. nóvember 1963 kom Pétur Valdimarsson til starfa sem framkvæmdastjóri. Hann hafði numið vélvirkjun á Odda áður en hann fór til náms í tæknifræði í Svíþjóð. Hann gegndi starfinu til ársloka 1966. Í stjórnartíð hans keypti Vélsmiðjan Oddi h.f. fyrirtækið Hegra sem feðgarnir Albert Sölvason og sonur hans Jón Guðmann höfðu þá rekið í nokkur ár. Þeir höfðu komið sér upp aðstöðu til að framleiða bobbinga og náð nokkrum viðskiptum við íslenskar útgerðir.


Aukin umsvif urðu fljótt til þess að Gránufélagshúsin fullnægðu ekki starfseminni. Árið 1945 festi Vélsmiðjan Oddi h.f. kaup á bragga sem byggður hafði verið á stríðsárunum, rétt norðan við lóð Gránufélagshúsanna. Í þennan bragga var Plötusmiðjan flutt úr Vestdals-eyrarhúsinu sem veitti starfseminni aukið svigrúm. Braggi þessi brann haustið 1951 og var nýtt hús reist fyrir Plötusmiðjuna á grunni hans 1952. Á meðan nýja húsið var í byggingu mun Plötusmiðjan hafa verið starfrækt í öðrum bragga sem stóð norðar á lóðinni. Þann bragga seldi Oddi Vegagerðinni árið 1957.

Stækkun Blikksmiðjunnar var hafin árið 1959. Reist var tveggja hæða viðbygging austan við upprunalega húsið. Þessi viðbygging var um 100 m² að grunnfleti með vinnusal á neðri hæð en uppi var gerð kaffistofa og önnur aðstaða fyrir starfsmenn. Árið eftir var byggt 380 m² stálgrindarhús fyrir Rennideildina sem hafði verið á neðri hæð í Miklubyggingu allar götur frá 1939. Húsið var reist við Kaldbaksgötu og tengdi saman Gránufélagshúsin og Plötusmiðjuhúsið.




Pétur Valdimarsson.

Ljósmyndateild Minjasafnsins á Akureyri.



Afstöðumynd.

Teikning Finnur Birgisson 1991.




Mynd sem birtist í Félagstíðindum KEA 1953. Hér er Plötusmiðjubyggingin nánast fullgerð. T.b. er lægri bygging sem bætt var hæð ofan á, þegar Rennideildarhúsið var byggt. Á efri hæðinni var gerð starfsmannaaðstaða sem mun hafa verið með því besta sem þá þekktist á vinnustöðum.

Vélsmiðjunni Odda h.f. var skipt í fimm deildir: Blikksmiðju, Plötusmiðju, Rennideild, Vélvirkjadeild og Vörulager. Verkefni skiptust milli þeirra eftir því sem best þótti henta. Í Blikksmiðjunni voru smíðaðar þakrennur ásamt festingum, niðurfallsrör frá þakrennum, þakhyggir, síldarpönnur, þvottabalar og hjólbörुकassar. Um skeið voru framleiddir raflampar í samvinnu við Rafdeild Gefjunar. Reynt var að smíða frystikistur og sá Vélvirkjadeildin um vélbúnaðinn. Þar var einnig gert við kæla úr bílum auk tilfallandi smíði úr blikki.

Verkstjóri í Blikksmiðjunni var Ottó A. Snæbjörnsson. Hann var fæddur á Siglufirði en fluttist ungur með foreldrum sínum til Akureyrar. Hann lauk prófi frá Stýrimannaskóla Íslands árið 1936 og var til sjós í nokkur ár. Hann mun hafa farið að vinna í Blikksmiðjunni Gránufélagsgötu 46 á árinu 1943 og tók að sér verkstjórn í smiðjunni eftir að KEA varð meirihlutaeigandi hennar 1945 og gengdi því starfi til 1964.

Í Plötusmiðju fór fram öll grófari smíði s.s. stálgrindur, tankar af ýmsu tagi, bílpallar. Stór hluti starfseminnar voru viðgerðir á skipum og veiðarfærum. Verkstjóri í Plötusmiðju 1945-1965 var Karl Magnússon. Hann nam járnsmíði hjá Steindóri Jóhannessyni en hóf síðan störf hjá Vélsmiðjunni Odda h.f. Fljótlega eftir að KEA varð aðaleigandi Odda gerðist Karl verkstjóri í Plötusmiðjunni og sinnti því starfi til dauðadags, um mitt ár 1965. Eftir lát Karls 1965 tók við verkstjórn í Plötusmiðju Albert Sölvason.




Karl Magnússon reidir til bögg.
Eigandi myndar Gunnar Baldvinsson.



Fimm starfsmenn Odda um 1950. Frá vinstri: Steinberg Ingólfsson, Einar Karlsson, Sigurður Jónsson, Garðar Ingjaldsson og Guðjón Björnsson. Eigandi myndar Guðjón Björnsson.



Starfsmenn Plötusmiðju að störfum. Frá vinstri: óþekktur, Þorsteinn Pálmason og Guðmundur St. Jacobsen. Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.



Mynd úr Plötusmiðju.

Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.



Rennideild Odda á sjötta áratug síðustu aldar. Frá vinstri: Þórður Björgúlfsson, Tómas Kristjánsson, Óskar Ósberg, Magnús Stefánsson og Gunnar Þorsteinsson.

Eigandi myndar: Magnús Stefánsson.

Rennideildin sá um alla tilfallandi rennismíði auk þess sem þar var framleiddur koparfittings sem seldur var af lager. Verkstjóri Rennideildar var Óskar Ósberg.

Vélvirkjadeildin annaðist niðursetningu véla í skip og báta, frágang gufukatla ásamt tilheyrandi lögnum, niðursetningu ljósavéla fyrir fyrirtæki og heimahús, tilfallandi viðgerðir á vélum og vélbúnaði hvers konar o.fl.

Verkstjórar Vélvirkjadeildar voru Björn O. Kristinsson og Kjartan Fossberg Sigurðsson.

Kjartan varð ungur vélstjóri á bátum föður síns (Sigurðar Bjarnasonar útgerðarmanns) en hóf nám í vélsmiði í Vélaverkstæðinu Mars 1942. Því námi lauk hann 1945, sama ár og KEA gerðist aðaleigandi Mars. Kjartan fór þá að vinna í Vélvirkjadeild Odda og var verkstjóri 1952-1980.

Björn var orðinn starfsmaður Vélsmiðjunnar Odda h.f. 1943 og vann þar langt fram á sjöunda áratuginn. Allt frá því að KEA eignaðist meirihluta í Odda mun Björn hafa verið verkstjóri yfir allri vinnu við kæli- og frystikerfi.

Verkaskipting þeirra var í grófum dráttum þannig að Kjartan sá um verkefni sem tengdust vélbúnaði skipa, gufukatla- og lagnavinnu, en Björn annaðist verkefni sem tengdust kæli- og frystikerfum.

Vörulagerinn þjónaði öllum deildum varðandi útvegum smíðaefnis og annars sem starfsemin þarfnáðist. Auk þess var efni selt öðrum fyrirtækjum og almenningi. Lagerstjóri á þessu tímabili var Júlíus Oddsson. Hann hafði lært vélstjórn áður en hann gerðist lagermaður á Odda laust fyrir 1950. Hann sinni því starfi með mikilli þrýði til dauðadags 1977.

Rekstur fyrirtækjanna virðist hafa verið erfiður í fyrstu, og í árskýrslu KEA 1949 stendur:


„Vélaverkstæðið Oddi er enn rekið með tapi. Mun það yfirleitt vera svo hér á landi, að vélaverkstæði, sem hafa viðgerðir sem aðalatvinnu, eru rekin með tapi. Er nú verið að reyna að vinna að því, að verkstæðið sinni meira nýsmíði á vélum og ýmsum tækjum og áhöldum, í von um að það geti eitthvað rétt hlut fyrirtækisins.“¹⁵

Um 1950 fóru að koma föst verkefni þegar Útgerðarfélag Akur-

¹⁵ Árskýrsla KEA 1949.


Nýsmíði
alls konar

SVO SEM:
FÆRIBÓND
FRYTIKISTUR
OLÚGEYMA
HETTAVATNSGEYMA
NÆTURHITUNARGEYMA
HITUNARELEMENT
OLÚKYNDINGARKATLA o. m. fl.




Uppsetning

Önnunst uppsetningu á
BÁTA- og SKIPAVÉLUM
FRYTIKERFUM
STÁLGRINDAHÚSUM o. m. fl.



Viðgerðir

Viðgerðir á alls konar VÉLUM og TÆKJUM
STÁLSKIPUM o. m. fl.



VÉLSMÍÐJAN ODDI H.F.
Strandgötu 49 — Pósthólf 121 — Sími 1-27-50

Auglýsing frá Odda.

Sjómannaðagsblaðið 28. árg. 1. tbl. 30. maí 1965.

eyringa h.f. hóf útgerð fjögurra togara og var viðhaldi þeirra skipt milli verkstæðanna Atla og Odda. Oddi sá um viðhald á tveim togurum Útgerðarfélagins og Snæfellinu sem Útgerðarfélag KEA átti og gerði út. Helstu nýjungar á sjötta áratugnum var tanksmíði og árið 1953 tóku smíðjurnar Oddi og Atli að sér smíði olúgeyma fyrir Olúfélagið h.f. á Hvaleyrarholti við Hafnarfjörð.¹⁶ Árið 1955 smíðu Oddamenn olútank sem síðan var dreginn til Grímseyjar¹⁷. Svo

¹⁶ Dagur 28. maí 1953.

¹⁷ Dagur 7. september 1955.

mætti nefna smíði palla á vörubíla og stálgrindahús en slíkum verk-
efnum fjölgaði mjög á sjötta og sjöunda áratugunum.

Framleiðsla miðstöðvarofna og ýmissa hluta fyrir útgerð og fisk-
vinnslu hófst ekki að marki fyrr en á áttunda áratugnum og verður frá
því sagt í þriðja hluta þessarar frásögu, sem væntanlega birtist síðar í
Súlum.

Helstu heimildir, I. hluti

2018-A/1 1 1942-1966 Gjörðabók.

Egils saga, (Óskar Halldórsson annaðist útgáfuna). (Reykjavík: Skálholt, 1975).

Friðrik G. Olgeirsson, *Hundrað ár í Horninu*. 1. b. (Ólafsfjarðarkaupstaður 1984).

Grettis saga Ásmundarsonar. Bandamanna saga. Odds þátr Ófeigssonar (Reykjavík:
Hið íslenska fornritafélag, 1936).

Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar: Kaupskapur*. 2. b. (Akureyri 1994).

Kristmundur Bjarnason, *Þorsteinn á Skipalóni* 2. b. (Reykjavík 1961).

Þórarinn Þórarinsson, „*Ísarns meiður á Eiðum*“, Múlaþing (1980).

Helstu heimildir, II. hluti

Árskýrsla KEA 1949.

Dagur Akureyri.

Íslendingur Akureyri.

Morgunblaðið Reykjavík.

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

Anna Þorbjörg Jensdóttir körfuhúsgagnasmiður (1901–1954)

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir er fædd 1957 og uppalin á Akureyri. Hún er með MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún hóf að kenna við Fósturskóla Íslands árið 1989 og er nú lektor í íslensku við Mennta- vísindasvið Háskóla Íslands. Anna Þorbjörg sá um útgáfu á verkum skáldkonunnar Guð- ffinnu Þorsteinsdóttur (Ritsafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur I–V) árið 2013 og ritaði um líf hennar og ritstörf.



Haustið 1925 siglir úr höfn í Reykjavík mótorskipið Lyra og áfangastaðurinn er Bergen. Meðal farþega er ung íslensk kona á leið út í óvissuna. Hún hafði lengi alið með sér draum um að komast út í heim og læra „eitthvað“. Í farteskinu hafði hún lítið annað en sterka löngun, tilhlökkun og bjartsýni því þegar hún hafði borgað farið var lítið eftir af því fé sem hún hafði nurlað saman á mörgum árum með illa borgaðri verkakvennavinnu. Hún vissi þess vegna vel að hún yrði að vinna fyrir sér í því námi sem hún vonaðist til að geta stundað. Ef einhver kvíði hefur látið á sér kræla á brottfararstundinni er víst að ævintýraþráin hefur borið hann ofurliði því unga konan er kjarkmikil. Rúmum tveimur árum síðar siglir hún svo heim til Íslands aftur og er þá útlærður körfuhúsgagnasmiður, fyrsta og eina íslenska konan sem lýkur því námi. Heimkomin starfaði hún við iðn sína, fyrst í Reykja- vík en fluttist svo til Akureyrar árið 1931 þar sem hún bjó til dauða- dags.

Þessi unga kona sem sigldi á vit ævintýranna til Noregs árið 1925 var Anna Þorbjörg Jensdóttir. Á Akureyri giftist hún Karli Einarssyni bólstrara og þau eignuðust eina dóttur, Jennýju Karlsdóttur, kennara og handverkskonu á Akureyri og ólu upp fósturdótturina Karólínu Halldórsdóttur.

Fjölskylda og uppvöxtur

Anna Þorbjörg Jensdóttir var fædd 13. október árið 1901 í Heydal í Mjóafirði. Foreldrar hennar voru Karólína Guðbrandsdóttir (1858–1947) úr Dalasýslu og Jens Haraldur Þorkelsson (1865–1921), fæddur og uppalinn í Ófeigsfirði. Karólína kom sem vinnukona í Munaðarnes árið 1884 þar sem þau Jens kynntust. Þau giftu sig árið 1888 og hófu sjálfstæðan búskap árið eftir á Felli í Norðurfirði. Árið 1896 tóku þau sig upp og fluttu til Ísafjarðar og þaðan inn í Heydal í Mjóafirði árið 1899 þar sem Anna fæddist.¹ Af níu börnum þeirra Karólínu og Jens lifðu einungis fjögur og var Anna þeirra yngst. Eldri voru Þorkell Jens (1890–1916) úrsmiður á Ísafirði, Sigrún (1891–1972) húsmóðir í Súðavík og Jens Marteinn verkamaður (1896–1933). Bræðurnir létust báðir ungir menn úr berklum og áttu ekki afkomendur. Systkinin voru öll orðlögð fyrir hve hög þau voru í höndunum og vandvirk. Jens Marteinn þótti til dæmis afar laginn við vélar.

Í Heydal leið fjölskyldunni vel þótt þau væru aðeins leiguliðar. Þar var tví- og stundum þrjúbýlt og einnig var búið á bænum Galtarhrygg handan árinna sem rennur eftir dalnum. Búið hefur varla verið stórt og Þorkell sótti því einnig sjóinn eins og algengt var að bændur við

¹ Anna notaði sjaldan Þorbjörgarnafnið og því verður það ekki notað hér. Í þessari grein um Önnu byggði ég meðal annars á minningum Jennýjar, dóttur Önnu, um foreldra sína sem hún hefur miðlað mér í gegnum tíðina og einkum nú í tilefni af þessum greinaskrifum. Auk þess skráði hún minningabrot um foreldra sína árið 2001 í tilefni af ættarmóti sem fjölskyldan hélt á hundrað ára afmæli Önnu og Karls. Ólafía Halldórsdóttir (1925–2012), systurdóttir Önnu, skráði einnig minningar um frænku sína fyrir Jennýju af sama tilefni. Á þeim heimildum byggir greinin *Aldarminning* sem undirrituð skrifaði um Önnu og Karl og birtist í *Morgunblaðinu* 13. október árið 2001 (bls. 42). Sama ár skrifaði Baldur Ingólfsson (1920–2012), þýskukennari við Menntaskólann í Reykjavík sem lærði bólstrun hjá Karli og tók sveinspróf 1943, Jennýju bréf þar sem hann rifjaði upp árin sín á Akureyri. Þessara heimilda er ekki getið í umfjölluninni nema sérstök ástæða sé til og ef beint er vitnað til þeirra skrifa. *Íslendingabók.is* og viðeigandi kirkjubækur; prestþjónustubækur og sóknarmannatöl ásamt manntalsskrám nýttust til að staðfesta ártöl.

Djúp gerðu á þeim tíma. Hann fékkst líka við bókband og þótti einstaklega vandvirkur. Karólínu og húsfreyjunni á Galtarhrygg, Elínborgu Benediktsdóttur, varð vel til vina og þær kváðust gjarnan á. Guðbjörg Ásgeirsdóttir, dóttir Elínborgar og góð vinkona Önnu, segir skemmtilega frá samskiptum móður sinnar og Karólínu í Sunnudagsblaði Tímans árið 1963. Um þær segir hún meðal annars:

Þær voru báðar miklar skýrleikskonur, báðar hagarðar og framúrskarandi bók-hneigðar. Þær lásu báðar dönsku, sér til gagns og skemmtunar án þess að hafa numið hana í skólum. Þráin til að víkka sjóndeildarhring sinn mun mestu hafa ráðið um árangurinn. En ég vissi til að þær studdust við kennslubók, sem hét „Fjörutíu tímar í dönsku“.²

Guðbjörg segir líka frá því að Karólína keypti *Familie Journal* og að það hafi verið stórviðburður þegar blaðið kom í dalinn og því ákaft fagnað enda gat þar að líta ýmsar dásemdir sem alþýðufolk á Íslandi hafði ekki aðgang að. Guðbjörg orðar það svo í niðurlagi greinar sinnar að þær Karólína og Elínborg hafi kunnað „að gera sér ánægjustundir í afskekktu dalnum sínum og skapa „sumar innra fyrir andann“.“³ Við þetta má bæta að á árunum í Heydal og lengi síðan var Karólína umboðsmaður *Æskunnar*⁴ og auk þess hafði hún góðan aðgang að þeim bókum sem Þorkell fékk til að binda inn. Þótt efnin væru ekki mikil hefur Anna því alist upp í hvetjandi og menningarlegu umhverfi og hefur séð í dönsku blöðunum aðeins út fyrir þröngan sjóndeildarhring dalsins þar sem hún undi sér annars vel enda náttúrufergurð mikil, skógarkjarr og gróðursæld í Mjóafirði.

Þegar þær systurnar Anna og Sigrún voru börn vann Anna við úti-verkin með pabba sínum og bræðrum en Sigrún hjálpaði til við inniverkin, saumaði og gerði við allan fatnað sem þurfti. Árið 1911 þurfti fjölskyldan að yfirgefa Heydal vegna þess að þau fengu ekki ábúð þar lengur. Þá lá leiðin til Súðavíkur og árið 1912 keyptu þau Jens og Karólína Eiríksstaði, lítið býli yst í Súðarvíkurþorpi. Þorkell sótti áfram sjóinn og vann við bókband, meðal annars fyrir bókasafnið og

² Guðbjörg Ásgeirsdóttir. 1963, 3. febrúar:112. Heydalur. *Tíminn – Sunnudagsblað* 2, 5:110–112 og 118. Þess má geta að kennslubókin *Fjörutíu tímar í dönsku* er eftir Þorstein S. Egilsson og kom út hjá Prentsmiðju Einars Þórðarsonar í Reykjavík árið 1882.

³ Guðbjörg Ásgeirsdóttir, 118.

⁴ J. Ö. O. 1929. Karólína Guðbrandsdóttir. *Æskan* 30, 11:87–88.

Karólína sá um að afla áskrifenda og dreifa *Æskunni* og dönsku blöðunum. Hún lánaði gjarnan nágrannakonum blöðin og þáði einhvern greiða í staðinn. Árið 1915 tóku Karólína og Jens að sér lítinn dreng, Indriða Jón Gunnlaugsson (1915–1972), og tóku miklu ástfóstri við hann. Ólst hann upp á Eiríksstöðum fram á unglingsár. Í minningargrein um Indriða segir meðal annars: „Indriði naut í ríkum mæli þeirra möguleika sem þetta menningarheimili hafði upp á að bjóða, og var víðlesinn og fróður um margt. Hann hélt órofa tryggð við fósturfjölskyldu sína, einkum Jens fósturbróður sinn, en hann varð ekki langlífur.“⁵ Indriði fylgdi Karólínu þegar hún flutti suður til Reykjavíkur en fór þá fljótlega að vinna fyrir sér á eigin vegum. Hann settist síðar að í Víðigerði í Mosfellsdal.

Það voru mikil viðbrigði fyrir Önnu að flytjast úr gróðursældinni í Heydal á berangrið í Súðavík og í fyrstu sótti að henni slíkt óynði að í óefni stefndi. Þá vitjaði hennar álfkona í draumi og lék við hana. Þetta endurtók sig allt þar til Anna fór að sætta sig við lífið á nýjum stað. Álfkonan vitjaði hennar svo annað slagið í draumi fram á fullorðinsár. Í Súðavík ólst Anna upp við leik og störf og tók þátt í brauðstritinu að þeirrar tíðar hætti, kynntist góðu fólki og tók þorpið í sátt. Eftir að hún flutti til Akureyrar reyndi hún að heimsækja Súðavík á sumrin og keypti skika í landi Efri-Saura þar sem hún kom sér upp litlu húsi árið 1948 og nefndi Óskastein eftir stórum steini sem þar er.

Anna einsetti sér snemma að læra eitthvað svo hún gæti séð fyrir sér og þyrfti ekki að þræla sem verkakona. Dönsku blöðin sem hún hafði aðgang að í uppvextinum hafa ef til vill kveikt útþrána og löngun til að kynnast einhverju öðru en stritinu sem blasti við í Súðavík. Eins og annað ungt fólk þurfti hún að fara að vinna fyrir sér um leið og hún gat. Hún reyndi af veikum mætti að leggja fyrir svo hún gæti kostað sig til náms en sú vinna sem konum bauðst gaf ekki mikið í aðra hönd. Hún var nokkur sumur í kaupavinnu á Kirkjubóli í Skutulsfirði hjá Tryggva Pálssyni og bast fjölskyldu hans sterkum böndum sem héldu þótt árin liðu.

Þegar Anna var orðin staðráðin í að komast til útlanda reyndi hún að komast í betur launaða vinnu. Fór hún þá meðal annars í síld til Siglufjarðar með Sigrúnu systur sinni. Upp úr tvítugu hélt hún til

⁵ J. 1972. Indriði Jón Gunnlaugsson – Minning. *Morgunblaðið*, 8. júlí, bls. 22.

Reykjavíkur og réði sig í vist hálfan daginn til að hafa samastað en vann meðfram vistinni við fiskvöskun og þurrkun á saltfiski. Þetta var erfiðisvinna og henni fylgdi oft kuldi og vosbúð en kaupíð miðaðist við afköst. Anna dró því ekki af sér og ef til vill var þarna lagður grunnur að heilsuleysi hennar síðar á ævinni. Sumarið 1925 var Anna í kaupavinnu í Kalmanstungu í Borgarfirði⁶, og um haustið hafði hún sagnað fyrir farinu með Lyru til Bergen.

Lærlingur í körfuhúsgagnasmíði í Bergen

Enginn veit lengur hvort hugur Önnu stóð til að læra eitthvað sérstakt eða hvort hún ætlaði að láta kylfu ráða kasti, sjá sig um í nýjum heimi og freista gæfunnar. Arndís S. Árnadóttir sem hefur skrifað um körfuhúsgagnaiðnaðinn og Önnu telur ekki ólíklegt að Anna hafi þekkt til starfa Halldóru Bjarnadóttur og Heimilisiðnaðarfélagins, sem ásamt ungmennafélögunum héldu námskeið á þessum tíma til að efla heimilisiðnað. Halldóra hafði til dæmis bent á að nauðsynlegt væri að bregðast við miklum innflutningi á körfuhúsgögnum. Ef til vill hefur Halldóra bent Önnu á þennan möguleika, að minnsta kosti kom það síðar í ljós að Halldóra þekkti til Önnu.⁷ Svo er einnig líklegt að Anna hafi hrifist af körfuhúsgögnum sem hún hefur meðal annars séð í dönsku blöðunum en þau voru líka vinsæl á Íslandi á þessum tíma.⁸ Allt um það hóf hún nám í körfuhúsgagnagerð hjá einu fremsta fyrirtæki á því sviði í Noregi, P. Flo Kurvmøbelfabrik í Bergen, stofnað af Petro Flo árið 1918.

Körfuhúsgögn voru mjög vinsæl á þessum tíma og höfðu verið það frá því fyrir aldamótin 1900 en körfuhúsgagnagerð á sér langa sögu í Evrópu eins og kemur fram í rannsókn Arndísar. Körfuhúsgögn voru léttari og meðfærilegri en þungu bólstruðu viðarhúsgögnin og mun ódýrari sem átti sinn þátt í vinsældunum. Danir þóttu fremstir á Norðurlöndunum í körfuhúsgagnagerð enda hófst framleiðsla þar

⁶ Kristófer Ólafsson. 1929, 4. apríl:2. Ferðaminningar. *Lögberg* 42, 14:2.

⁷ Arndís S. Árnadóttir. 2015. Nýr iðnaður. Körfuhúsgagnagerð á Íslandi og Anna Þorbjörg Jensdóttir. [Án blaðsíðutals.] *Hönnun og fræði*. Vefslóð: <https://listrad.files.wordpress.com/2014/02/kc3b6rfuhc3basgagnagerc3b0-c3a1-c3adslandi-og-anna-c3beorbjc3b6rg-jensdc3b3ttir1.pdf>. Ítarlegri upplýsingar um körfuhúsgagnaiðnaðinn og sögu hans í Evrópu og á Íslandi er að finna í umfjöllun Arndísar.

⁸ Arndís S. Árnadóttir.

mun fyrr en í Noregi og Svíþjóð eða um miðja níttjándu öld. Það gerði eflaust nálægðin við Þýskaland þar sem körfuhúsgagnagerð á sér enn lengri sögu og þýskir iðnsveinar í faginu fluttu iðnina með sér til Danmerkur. En þegar hér var komið sögu höfðu gæði norsku framleiðendanna batnað mjög og Petro Flo hafði til dæmis ráðið danskan iðnsvein frá einu besta körfuhúsgagnaverkstæði í Danmörku til að bæta framleiðsluna hjá sér.⁹ Sumarið 1928 var haldin stór vörusýning í Bergen, nefnd Landsutstillingen (Reiseliv – Sport – Hotelvæsen – Husflid). Þar sýndi P. Flo Kurvmøbelfabrik húsgögn og fékk silfurverðlaun í samkeppni um bestu körfuhúsgögnin. Þá var Anna farin heim til Íslands en ekki er ólíklegt að hún hafi lagt hönd á einhver þeirra húsgagna sem þar komu við sögu. Vörur frá P. Flo Kurvmøbelfabrik voru eftirsóttar og vel metnar fyrir gæði.¹⁰

Frithjof Hákon Flo, sonur Petro, hafði nýlokið sveinsprófi í iðninni þegar Anna kom til þeirra og hann tók við rekstrinum af föður sínum. Þeim Frithjof og Önnu varð vel til vana og skiptust á bréfum og gjöfum á meðan Anna lifði. Þegar Jenný, dóttir Önnu, og dætur hennar fóru saman á slóðir Önnu í Bergen sumarið 2015 hittu þær son Frithjofs sem einnig heitir Frithjof. Hann tók við fyrirtækinu af föður sínum en lærði einnig bólstrun því umsvif körfuhúsgagnaiðnaðarins fóru minnkandi um miðja síðustu öld og hann var síðasti eigandi P. Flo Kurvmøbelfabrik. Frithjof var orðinn 93ja ára þegar mæðgurnar heimsóttu hann og sagðist vel muna eftir „Íslands Anna“ úr bernsku sinni enda heyrði hann líka talað um hana eftir að hún hélt heim til Íslands. Hann sagði mæðgunum frá því að þegar lítið var að gera hjá fyrirtækinu í Bergen í kringum 1950 bauð Karl, maður Önnu, honum að koma til sín og vinna í Bólsturgerðinni hans á Akureyri. Frithjof íhugaði að taka boðinu en af því varð þó ekki.

Í Bergen kynntist Anna nokkrum íslenskum konum sem hún bast vinaböndum. Þar á meðal var Þuríður J. Björnsson, dóttir Guðmundar Björnssonar sýslumanns í Borgarfirði, sem þar var í vist á fínu heimili. Anna leigði sér herbergi á hanabjálka í gömlu húsi í miðborg Bergen, í Hollandergaten, ekki langt frá verkstæði P. Flo á Kong Oscars gate. Læringskaupið var lágt og rétt dugði fyrir leigunni. Það

⁹ Arndís S. Árnadóttir.

¹⁰ Arndís S. Árnadóttir.



Jenny Karlsdóttir og Frithjof Flo í Noregi 2015.

Mynd úr förum höfundar og móður hennar, sama á við um sex næstu myndir.

var mjög kalt í herberginu og ekki til peningar til að kynda eins og hefði þurft svo sú vist tók eflaust sinn toll af heilsu Önnu. Hún hafði heldur ekki alltaf efni á að borða almennilega, margan daginn varð hún að láta sér nægja einn súpudisk. Það bjargaði miklu að Þuríður vinkona hennar, sem alltaf var kölluð Íða, gat stundum boðið Önnu að borða með sér á heimilinu þar sem hún var í vist. Íða fór svo frá Bergen til Svíþjóðar í hússtjórnarskóla.

Sumarið 1927 fékk Anna bréf frá Þórsteini Bjarnasyni (1900–1986) sem rak Körfugerðina í Reykjavík. Þórsteinn lærði sína iðn í Kaupmannahöfn á árunum 1922–1925 og var fyrsti Íslendingurinn sem lærði körfuhúsgagnsmíði. Hann stofnaði Körfugerðina 1925 og framleiddi fjölbreyttar vörur svo sem barnavöggur, körfur, stóla og borð, mest eftir pöntunum. Hann rak Körfugerðina til ársins 1957 er hann afhenti Blindrafélaginu reksturinn.¹¹ Í bréfinu til Önnu segist Þórsteinn hafa frétt af henni í gegnum Frk. Halldóru Bjarnadóttur og erindið var að bjóða henni vinnu hjá sér í Körfugerðinni. Það er athyglisvert að hann býður henni laun sem miðast við „núverandi dagkaup kvenna í fisk og eyrarvinnu ofl., sem er kr. 0,80 - áttatíu

¹¹ Arndís S. Árnadóttir.

aurar - um tímann og 10 tíma vinna. Eftir því yrði borgaðar átta krónur fyrir þann hlut, sem dagsverk er kallað t.d. 1 sefstóll (Sögras) sem tilbúinn væri undir stoppun.“¹² Svarbréf Önnu er ekki til en í svari Þórsteins við því bréfi hennar kemur fram að Anna sættir sig ekki við þessi kjör og undrast að hann skuli vilja miða við kaup kvenna í fiskverkun. Um það segir Þórsteinn: „Lang hæðst kaup er borgað við fiskverkun og þá liggur í hlutarins eðli, að miða við það, þó ólík sé vinnan, önnur þur og þokkaleg, en hin köld og sóðaleg mjög.“ Hann ber einnig við erfiðu árferði, miklu atvinnuleysi, hárrí húsaleigu og útliti fyrir minnkandi sölu og ítrekar boð sitt um átta krónu dagkaup miðað við einn stól tilbúinn undir bólstrun.¹³ Anna hafnaði þessu boði Þórsteins og þegar hún kom heim síðar um haustið 1927 reyndi hún fyrir sér á eigin vegum.

Að störfum í Reykjavík

Það hlýtur að hafa freistað Önnu að vera áfram í Bergen og vinna við sína iðn því það var ýmislegt spennandi framundan sbr. Landsutstillingen árið eftir. Sennilega hefur það ráðið mestu um að Anna hélt heim til Íslands að Karólína móðir hennar þurfti samastað og umönnun. Jens, maður Karólínu lést árið 1921, Þorkell sonur hennar hafði látist 1916 og Jens Marteinn, yngri sonurinn, var einhleypur. Sigrún, dóttir hennar og eldri systir Önnu, bjó á Eiríksstöðum í Súðavík með manni sínum Halldóri Guðmundssyni (1885–1968) en þar var ástandið erfitt. Sigrún átti við mikla vanheilsu að stríða og Halldór hafði stopula vinnu, en hann galt mjög virkrar þátttöku sinnar í verkalýðsbaráttu. Húsið á Eiríksstöðum var auk þess mjög lítið og börnunum fjölgaði ört. Þegar Anna kom heim tók hún því móður sína til sín og þær leigðu saman íbúð á Njálsgötu. Þar rak Anna verkstæði sitt Körfuiðnaðarstofuna og auglýsti starfsemina meðal annars í *Morgunblaðinu* þann 19. nóvember með svo hljóðandi hætti:

Jeg undirrituð hefi opnað Körfuiðnaðarvinnustofu á Njálsgötu 31B í Reykja-

¹² Bréf frá Þórsteini Bjarnasyni til Önnu Þ. Jensdóttur, 21. júní 1927. Í eigu Jennýjar Karlsdóttur.

¹³ Bréf frá Þórsteini Bjarnasyni til Önnu Þ. Jensdóttur, 20. júlí 1927. Í eigu Jennýjar Karlsdóttur.

vík sem framleiðir alskonar körfuiðnað. Til dæmis: Stóla, sóffa og borð. Einnig eru allar viðgerðir á körfu-húsgögnum afgreiddar fljótt og vel.¹⁴

Viðskiptin hafa greinilega ekki verið mjög blómleg því ári síðar seldi hún keppinaut sínum, Þórsteini Bjarnasyni í Körfugerðinni, reksturinn og voru kaup og sala kirfilega auglýst í *Morgunblaðinu* 27. október árið 1928:

Hjermeð tilkynnist að jeg undirrituð hefi hætt að starfrækja Körfuiðnaðarvinnustofu mína, Njálsgötu 31, og selt efnivið og áhöld til Körfugerðarinnar. Um leið og jeg þakka viðskiftavinum mínum, óska jeg þess að Körfugerðin njóti viðskiftanna framvegis. Anna P. Jensdóttir.¹⁵

Og þessu fylgir:

Jeg undirritaður hefi keypt efnivið og áhöld Körfuiðnaðarvinnustofunnar, og þar sem jeg hefi fengið meiri vinnukraft, vonast jeg til, að geta fullnægt betur hinni miklu eftirspurn tágahúsgagna. Körfugerðin, Skólavörðustíg 3. Þórsteinn Bjarnason.¹⁶

Af orðum Þórsteins má ráða að áhyggjur hans frá árinu áður af minnkandi sölu hafa verið óþarfar en engum sögum fer af því hvaða kaup hann bauð Önnu af þessu tilefni. Hvað sem því líður virðist vel hafa farið á með Önnu og Þórsteini.

Að sögn Ólafíu Halldórsdóttur, systurdóttur Önnu, var Anna mikill æringi. Hún segir frá því að vinnufélagar Önnu í Körfugerðinni hafi eitt sinn manað hana til að ganga í vinnugallanum, buxnasamfestingi, í gegnum miðbæinn og lofuðu að verðlauna hana fyrir tiltekið. Hún taldi það nú ekki mikið mál og þótti gaman að sjá svipinn á fínu frúnum þegar þær gjóuðu á hana augum fullar hneykslunar. Það þótti auðvitað alls ekki viðeigandi á þessum tíma að konur létu sjá sig í buxum á almannafæri.

Haustið 1930 fór Anna ásamt Karólínu móður sinni til Súðavíkur til að hjálpa til á Eiríksstöðum. Sigrún systir Önnu fæddi sitt fimmta barn í september og heimilið þarfnaðist aðstoðar.

Fyrstu árin á Akureyri

Það hefur líklega ekki átt allskostar við Önnu, jafn skapandi og hún var, að vera ekki sjálfvar sín ráðandi í meira mæli en starfið í Körfugerðinni hjá Þórsteini gaf tilefni til því haustið 1931 vendir hún sínu

¹⁴ Tilkynning. 1927. *Morgunblaðið*, 19. nóvember, bls. 3.

¹⁵ Tilkynning. 1928. *Morgunblaðið*, 27. október, bls. 4.

¹⁶ Sama.



Anna Jensdóttir í vinnustofu sinni í Aðalstræti 19 á Akureyri.

kvæði í kross og flytur til Akureyrar ásamt Íðu vinkonu sinni og Karólínu móður sinni. Þær tóku á leigu hæð í Aðalstræti 19 og Anna setti upp körfuverkstæði í kjallaranum og nefndi það Körfugerðina.

Með þeim Önnu, Íðu og Oddi Björnssyni prentara tókust góð kynni en prentsmiðja hans var þá í næsta húsi, Aðalstræti¹⁷. Um það segir Þóra Elfa Björnsson í minningargrein um Íðu:

Oddur var um margt mjög sérkennilegur maður og líklega hefur honum fundist sér bera skylda til að greiða götu þessara Sunnlendinga þótt hann þekkti ekkert til þeirra áður því hann tók að senda þeim boðsmiða á leiksýningar og tónleika og gjarnan peninga fyrir leigubíl eða privatbíl eins og þeir voru kallaðir þá. Hann hlynnti að þeim á margvíslegan annan hátt en ætíð með framkomu hins kurteisa gestgjafa sem sýnir gestum alúð og virðingu en ætlast ekki til neins nema vissu um vellíðan þeirra í staðinn.¹⁷

Oddur var þeim stöllum innanhandar við auglýsingar sem hann prentaði fyrir þær um námskeið af fjölbreyttu tagi sem þær hugðust halda í bænum fyrir börn jafnt sem fullorðna. Auglýsingarnar hafa svo væntanlega verið hengdar upp á áberandi stöðum í bænum og ef til vill einnig dreift í hús. Hinn 9. október 1931 birtist lítil auglýsing frá þeim Önnu og Íðu í *Íslendingi* undir yfirskriftinni: Kennsla. Þar

¹⁷ Þóra Elfa Björnsson. 1998. Þuríður Jenný Björnsson. *Morgunblaðið*, 11. febrúar, bls. 37.

segir: „Frá 15. þ. m. tökum við undirritaðar að okkur kennslu, bæði fyrir börn og fullorðna, í allskonar handavinnu, svo sem: olíu- og brokademálningu, útsaum, útprijóni, körfugerð o. fl.“¹⁸ Þann 30. október birtist svo lítil frétt í *Íslendingi* um námskeiðið:

Námskeið í ýmiskonar listiðnaði ætla tvær stúlkur, er menntast hafa erlendis, að halda nú upp úr mánaðamótunum í verzlunarhúsi K. E. A. Nokkrir munir verða til sýnis í brauðbúðargluggum byggingarinnar næsta laugardag og sunnudag, sem sýnishorn af því, hvað hægt er að fá tilsögn við hjá þessum kennslukonum.¹⁹

Í sérprentaðri auglýsingu sem Oddur Björnsson prentaði er að finna nánari upplýsingar um það sem þær hyggjast kenna:

Brokade-málning (perlumálning, glitmálning). Olíumálning á flöjel, silki (rósasilki) o.fl. – Vatnslitamálning á trje. – Mótunarlist (Leðurplastik). – Útskurður. – Útsöggun. – Mottugerð. – Bastiðnaður. – Körfugerð ýmisleg. – Útprijón og Útsaum allskonar. – Fílering. – Margskonar Hekl. – Orkering. Einnig margskonar Skrautmunir, hentugir til Jóna- og tækifærisgjafa.²⁰

Það er ekki lítið sem þær vinkonurnar kunna og geta kennt. En Akureyringar voru ekkert ginkeyptir fyrir nýmælum og því varð minna um námskeiðahald en upphaflega var ráð fyrir gert. Aðsóknin var dræm enda krepputímar. Eftir áramótin 1932, í febrúar, mars og apríl, kenndi Anna körfugerð við Barnaskóla Akureyrar, nokkra tíma á dag.²¹ Á handavinnusýningu skólans um vorið voru sýndir munir

Anna Þ. Jensdóttir og Þuríður G. Björnsson,
Aðalstræti 19 (Sæmundsens hús),
kennslukonur í listiðnaði og hannyrðum,
taka til kennslu unglínga og fullorðna, í
Brokade-málning (perlumálning, glitmálning).
Olíumálning á flöjel, silki (rósasilki) o. fl.
— Vatnslíta-málning á trje. — Mótunarlist
(Leðurplastik). — Útskurður. — Útsöggun. —
Mottugerð. — Bastiðnaður. — Körfugerð ýmisleg.
— Útprijón og Útsaum allskonar. —
Fílering. — Margskonar Hekl. — Orkering.
Einnig margskonar Skrautmunir, hentugir
til Jóna- og tækifærisgjafa.

Nokkrir sýnishorn munir verða í gluggum brauðbúðar K. E. A., í nýja verzlunarhúsinu, tvo næstu daga (síðari hluta Laugardags 31. Okt. og Sunnudag 1. Nóvbr.).

Fáið næg þáttaka, verður kennslustofa á þriðju hæð í húsi Kaupfélags Eyfirðinga.
— Til viðtals heima. Hringja má í síma 45.

Nemendur gefi sig fram hið fyrsta.

Akureyri. Framtíðja. Ódás Björnsson, 1931.

Anna og Þuríður auglýsa listiðnaðar- og hannyrðanámskeið á Akureyri 1931.

¹⁸ Kennsla. 1931, 9. október. *Íslendingur* 17, 45:3.

¹⁹ Úr heimahögum. Námskeið. 1931, 30. október. *Íslendingur* 17, 48:3.

²⁰ Auglýsing. Í eigu Sigrúnar Guðmundsdóttur, dóttur Karólínu Halldórsdóttur fósturdóttur Önnu.

²¹ Minnisbók Önnu þar sem skráðir eru kenndir tímar og efniskaup. Í eigu Jennýjar

sem nemendur höfðu gert hjá Önnu. Í umsögn um sýninguna í *Íslendingi* er þeirri nýjung fagnað og þess óskað að framhald verði á þess konar vinnu í skólanum því marga fallega muni megi gera úr tágum, reyr og basti, hvort heldur sem er til þarfa eða híbýlaprýðis.²² Ekki er hins vegar að sjá að framhald hafi orðið á þessari kennslu Önnu í skólanum.

Anna mun einnig hafa leiðbeint sjúklingum á Kristneshæli í ýmisskonar handverki, t.d. gerð hnýtttra silkidúka, en ekki hefur tekist að hafa uppi á ártölum í því sambandi. Til er sérprentuð auglýsing frá þeim Íðu, sennilega frá árinu 1932, þar sem þær auglýsa námskeið fyrir börn á aldrinum 10–14 ára í „bastiðnaði, körfu- og mottugerð“²³ en hvort af því varð er ekki gott að segja til um. Ljóst er að Anna gat ekki framfleytt þeim mæðgum með námskeiðahaldi, stopulli kennslu og eigin körfuhúsgagnaframleiðslu. Hún fór því fljótlega að vinna á húsgagnaverkstæði í bænum til að hafa traustar tekjur og Íða fékk sér vinnu við afgreiðslu í verslun en sinnti hannyrðum einnig þar til hún flutti frá Akureyri árið 1933.²⁴

Í maí 1932 hóf Anna störf á Dívánvinnustofu Jakobs Einarssonar & Co í Brekkugötu 2 sem auglýsti í *Íslendingi* 29. apríl að frá „14.–15. maí n.k. höfum við ráðið fröken Önnu Þ. Jensdóttur til að starfa að körfugerð. Notið tækifærið til að láta gera við stráhusöggn yðar“.²⁵ Síðar sama ár er stutt umfjöllun í *Íslendingi* um þennan nýjan iðnað þar sem körfugerð Önnu er til umfjöllunar:

Nýr iðnaður er að rísa hér upp, og er það körfugerð og húsgagna úr fléttuðum reir og tágum. – Er unnið að þessu á Dívánvinnust[ofu] Jakobs Einarssonar & Co og er verkið unnið af ungrú Önnu Jensdóttur, sem varð fullnuma í þessari iðngrein í Noregi, og hefir síðan í fleiri ár veitt Körfugerð Reykjavíkur forstöðu. — Bæjarbúum hefir gefist tækifæri þessa dagana að sjá sýnishorn af þessum iðnaði í búðargluggum Strandgötu 11 (Lögmanshlíð) og bera þau fyllilega vott þess að vera þesskonar útlendum iðnaði í engu að baki.²⁶

Jón Hallur Sigurbjörnsson húsgagnabólstrari hafði þegar hér var

Karlsdóttur.

²² Kona. 1932, 13. maí. Handavinnusýning í barnaskólanum. *Íslendingur* 18, 19:4.

²³ Auglýsing. Í eigu Sigrúnar Guðmundsdóttur.

²⁴ Þóra Elfa Björnsson.

²⁵ Athugið! 1932, 29. apríl. *Íslendingur* 18, 17:2.

²⁶ Úr heimahögum. Nýr iðnaður. 1932, 18. nóvember. *Íslendingur* 18, 46:2. Engar heimildir eru til í fótum afkomenda Önnu um að hún hafi veitt Körfugerð Reykjavíkur forstöðu en það má þó vel vera að hún hafi gert það í forföllum Þórsteins.

komið sögu tekið við rekstri Dívanvinnustofunnar og nefndist hún síðar Fjaðrahúsgagnagerð Akureyrar.²⁷ Arndís S. Árnadóttir segir í umfjöllun sinni um Önnu að þar hafi hún unnið „að mestu leyti samskonar muni sem hún bjó til hjá Körfugerð Reykjavíkur og kunnir voru orðnir „um land allt.““²⁸

Anna virðist hafa rekið verkstæði sitt Körfugerðina meðfram störfum í Fjaðrahúsgagnagerðinni og í sátt við vinnuveitandann því hún auglýsir eftirfarandi í eigin nafni og Körfugerðarinnar í Aðalstræti 19 í bæklungi sem gefinn var út í tilefni af Iðnaðarsýningunni sem haldin var í Barnaskóla Akureyrar sumarið 1935: „Körfustólar fyrirleggjandi. – Búið til eftir pöntunum. – Gert við allskonar körfumuni. – Fyrirspurnum svarað í Fjaðrahúsgagnagerðinni, sími 2 4 2, og munir þar til sýnis og sölu.“²⁹ Á þeirri sýningu sýndi Anna „brugðna stóla, ágætlega snotra“ eins og segir í umsögn um sýninguna í *Degi*.³⁰

Anna auglýsir körfuhúsgögn sín einnig undir eigin nafni og Körfugerðarinnar fyrir jólin árin 1936 og 1937. Árið 1936 minnir hún á að körfustólar séu hentugir til jólagjafa og kosti aðeins þrjátíu krónur.³¹ Árið eftir auglýsir hún með þessum orðum: „Munið að tryggja yður og vinum yðar gleðileg jól með því að bjóða þeim til sætis í körfustól. Höfum ennfremur dívanteppi (plyds).“³²

Árið 1934 reistu hjónin Baldvin og Gunnhildur Ryel stórhýsi í funkisstíl í Aðalstræti 58 sem nú hýsir Minjasafn Akureyrar. Frú Gunnhildur Ryel fékk Önnu til að gera fyrir sig húsgögn í sólstofuna, tvo stóla, borð og hillu. Þessa muni, nema hilluna, á nú Minjasafnið en þeir hafa líklega fylgt húsinu á sínum tíma þegar það var selt.³³ Tildrög þess að frú Gunnhildur Ryel pantaði húsgögnin eru þau að Karólína, fósturdóttir Önnu, var boðin í afmæli leiksystem sinnar Hjördísar Ryel. Afmælisgjöfin var lítil tágakarfa með silkiborða sem

²⁷ Jónas G. Rafnar. 1957. 60 ára 17. ágúst. Jón Hallur Sigurbjörnsson húsgagnabólstrari. *Morgunblaðið*, 29. ágúst, bls. 10.

²⁸ Arndís S. Árnadóttir.

²⁹ Héraðsskjalasafnið á Akureyri. F-123/84. *Iðnsýningin á Akureyri 16. júní til 10. ágúst 1935. Sýningarskrá*. 1935. Iðnaðarmannafélag Akureyrar og Íslenska vikan á Norðurlandi [Akureyri].

³⁰ F. H. B. 1935, 1. ágúst. Iðnsýningin á Akureyri. *Dagur* 18, 31:135.

³¹ [Auglýsing.] 1936, 19. desember. *Verkamaðurinn* 19, 101:4.

³² [Auglýsing.] 1937, 21. desember. *Verkamaðurinn* 20, 92:3.

³³ Hillan finnst ekki á Minjasafninu.

Anna bjó til. Karfan vakti mikla hrifningu og í framhaldinu pantaði frú Gunnhildur húsgögnin. Þau eru gerð einhvern tíma á árunum 1936–1938. Um þau segir Arndís S. Árnadóttir:

Form þessara húsgagna eru með allt öðrum hætti en aðrir varðveittir gripir eftir Önnu. Í samræmi við slétta fleti fúnkis-stúlsins eru húsgögnin með einföldu, réttthyrndu formi sem tengja má með skýrum hætti við nútímann. Þannig hefur Anna aðlagð nýjar hugmyndir í körfuhúsgagnagerð á alþjóðavísu að breyttum hífylaháttum sem í vændum voru á Íslandi. Framlag hennar sem ein af örfáum körfuhúsgagnasmíðum á Íslandi á þriðja og fjórða áratugnum er eftirtektarvert í ljósi þeirra breytinga sem þá urðu á hífylamenningu Íslendinga og þróun listiðnaðar á árunum milli stríða. Ekki er hinsvegar vitað hvort henni gáfust fleiri tækifæri til að þróa frekar þennan „nútímalega“ stíl sem greina má í húsgögnum Ryel-hjónanna.³⁴

Það er ekki gott að átta sig á því hve mikið Anna bjó til af körfuhúsgögnum á fjórða áratugnum og lítið er nú varðveitt af þeim utan fáeinna muna í eigu Jennýjar dóttur hennar.

Efni í körfuhúsgögnin, tágur (d. *peddigrør*) og fléttaðan reyr eða sefgras (d. *søgræs*) pantaði Anna aðallega frá Danmörku á fjórða áratugnum en stundum reyndist þrautin þyngri að fá innflutningsleyfi.³⁵ Ómögulegt var að fá efni til körfugerðar eftir að síðari heimsstyrjöldin skall á og þá var körfuhúsgagnagerð sjálfhætt. Anna mun lítið hafa fengist við iðn sína þaðan í frá enda leyfði annasamur heimilisrekstur ekki slíka vinnu. Eftir stríð breyttust líka tískustraumar í húsgagnagerð og körfuhúsgögn voru ekki jafn vinsæl og þau höfðu áður verið.

Anna hélt þó námskeið í bast- og tágavinnu á vegum æskulýðsstarfs templara á Akureyri frá 26. febrúar til 23. mars árið 1954. Námskeiðið sóttu fimmtán manns og var kennt tvisvar í viku frá klukkan átta til tíu á kvöldin. Um það segir í *Alþýðumanninum*: „Búnir voru til fjöldi bast og tágamuna, svo sem bakkar og mottur úr basti og ýmsar gerðir af körfum úr tágum. Efni var keypt frá Körfugerðinni í Reykjavík.“³⁶ Það er greinilegt að þau Anna og Þórsteinn Bjarnason hafa haldið ágætu sambandi á meðan bæði lifðu.

³⁴ Arndís S. Árnadóttir.

³⁵ Arndís S. Árnadóttir; Reikningur til Önnu Jensdóttur, Akureyri, frá Københavns Kurvmøbelfabrik, Teglgaardstræde 4-6-8, dagsettur 23.11.36. Í eigu Jennýjar Karlsdóttur.

³⁶ Vetrarstarf æskulýðsheimilis templara á Akureyri. 1954, 18. maí. *Alþýðumaðurinn* 24, 19:2–3.

Ástin kviknar

Á Dívánvinnustofunni kynntist Anna ungum manni sem þar var að læra bólstrun. Hann hét Karl Einarsson (1901–1955) og var jafnaldri Önnu. Með þeim tókust góð kynni og svo fór að þau felldu hugi saman. Karl fæddist í Gröf á Húsavík og foreldrar hans voru Einar Jónsson (1868–1955) ættaður af Tjörnesi og Hólmfríður Þorgrímsdóttir (1869–1948) frá Nesi í Aðaldal. Heimilið var fátækt og þegar Karl var átta ára gamall var hann sendur í fóstur að Garði í Kelduhverfi. Þar var Karl fram á unglingsár en þá tók við vinnumennska á ýmsum bæjum, mest í Norður-Þingeyjarsýslu en einnig eitthvað í Suðursýslunni. Karl hafði gaman af íþróttum, var fjölhæfur íþróttamaður og var virkur þátttakandi í Íþróttafélaginu Herði og Ungmennafélaginu Leifi heppna í Kelduhverfi. Karl flutti til Akureyrar árið 1927 og hóf að starfa við bólsturgerð, fyrst sem almennur starfsmaður en síðan nemi og loks sveinn.

Karl lauk iðnnámi sínu á Dívánvinnustofunni hjá Jakobi Einarssyni og starfaði síðan með Jóni Halli Sigurbjörnssyni í Fjaðrahúsgagnagerð Akureyrar. Full meistararéttindi öðlaðist hann árið 1939. Í ársbyrjun árið 1937 stofnaði Karl sitt eigið fyrirtæki, Bólsturgerðina, sem hann rak til dauðadags. Karl starfaði ötullega að félagsmálum iðnaðarmanna á Akureyri og var formaður iðnaðarmannafélagsins í bænum frá 1952–1955 og átti þá sæti á Landsþingi iðnaðarmanna. Hann átti einnig sæti í Iðnráði, meðal annars í framkvæmdastjórn þess. Árið 1949 fór hann með fleiri iðnaðarmönnum frá Akureyri í kynnisför til Norðurlandanna til að kynna sér nýjungar, hver maður í sinni grein.³⁷

Anna og Karl giftu sig þann 15. október árið 1937. Anna bjó þá enn með Karólínu móður sinni í Aðalstræti 17 og árið 1935 hafði hún tekið Karólínu Halldórsdóttur, systurdóttur sína átta ára gamla, í fóstur. Þegar Anna og Karl rugluðu saman reyttum sínum flutti hann til þeirra í Aðalstrætið en árið 1939 fluttu þau í Norðurgötu 16 og þaðan í Oddeyrargötu 38 árið eftir. Árið 1939 eignuðust þau Anna og Karl dótturina Jennýju og var hún þeirra eina barn. Fæðingin var erfíð og Anna var lengi að jafna sig. Var nú orðið þröngt um þessa fimm

³⁷ Eiríkur Sigurðsson. 1955, 14. september. Karl Einarsson. *Íslendingur* 41, 35:5.



Hjónin Karl Einarsson og Anna JensenÐóttir með einkadótturina Jennýju á milli sín.

manna fjölskyldu í Oddeyrargötunni og þau Anna og Karl réðust í það stórvirki að kaupa Hafnarstræti 25, stórt og mikið hús, tvær hæðir með kjallara og risi. Auk þess var rúmgóður skúr á lóðinni sem nýttist sem geymsla og lager. Fjölskyldan flutti í Hafnarstrætið árið 1942. Húsið byggði Kristján Sigurðsson kaupmaður árið 1912 og rak hann verslun á neðri hæðinni. Þangað flutti Karl Bólsturjerðina, sem fram að því var til húsa utar í Hafnarstrætinu þar sem síðar var Kaffiterían og nú er Hamborgarafabrikkan. Karl útbjó vinnustofu fyrir Önnu inn af verkstæðinu svo hún gæti sinnt hugðarefnum sínum. Fjölskyldan bjó svo um sig á efri hæðinni og veitti ekki af plássinu.

Heimilislífið í Hafnarstræti 25

Nú fóru í hönd tímar mikilla umsvifa og árin í Hafnarstræti 25 ein-kenn dust af athafnasemi, glaðværð og gestrisni. Heimilið var mannmargt því auk fjölskyldunnar voru bæði lærlingar og vinnukona og gestakomur tíðar. Samkvæmt þágildandi meistaralögum bar meisturum skylda til að sjá lærlingum sínum fyrir fæði og húsnæði. Lærlingar Karls voru þeir Baldur Ingólfsson, síðar þýskukennari í Menntaskólanum í Reykjavík, Finnur Vésteinsson frá Vaði í Reykdælahreppi og Ragnar Sigtryggsson bólstrari á Akureyri.

Mikill gestagangur var í Hafnarstrætinu og í þá daga dvöldu gestir gjarnan lengi, stundum vikur, enda margir langt að komnir og samgöngur með öðrum hætti en nú tíðkast. Mest voru það vinir og ættingjar Karls úr Þingeyjarsýslunum en einnig fólk úr vinahópi Önnu að vestan og sunnan. Það var ekkert óalgengt að um tuttugu manns sætu til borðs á matmálistímum. Einu sinni gisti hjá þeim sautján manna hópur frá Vestmannaeyjum vegna þess að öll hótél í bænum voru fullbókuð. Þeim hjónum fannst aldrei neitt mál að taka á móti fólki enda nóg til af dýnum hjá bólstraranum til að leggja í flatsæng um allt hús. Allt heimilishaldið hvíldi á Önnu og þótt hún hefði stúlkur sér til aðstoðar var þetta mikil vinna, enda enn langt í þau sjálfvirku tæki sem auðvelduðu heimilisstörfin.

Mikil glaðværð einkenndi heimilislífið og sumir gestanna báru einnig með sér mikla gleði. Karl hafði gaman af að setja saman tækifærisvísur þó að hann kallaði það alltaf að „bulla“ og heillaóskaskeyti voru aldrei send úr Hafnarstrætinu nema í bundnu máli. Getur því nærri að margar vísur hafi orðið til þegar vinir og frændur Karls, þeir Steingrímur Baldvinsson í Nesi og Egill Jónasson á Húsavík, voru í heimsókn. Svólítið er varðveitt af þeim vísnum og ljóðabréfum er þeim fóru í milli.

Baldur Ingólfsson segir í bréfi til Jennýjar að heimilislífið í Hafnarstrætinu hafi verið bæði líflegt og skemmtilegt:

Karl var talsvert bráðlyndur og hafði gaman af stælum en hann var ekki langrækinn. Anna var sköruleg kona og vel að sér um marga hluti. Hún hafði lært í Noregi ... og vitnaði stundum í reynslu sína þaðan, einkum um nýtni og vandvirkni. /.../ Karólína móðir Önnu Jensdóttur var eftirminnileg kona, en var orðin heilsulítil þegar ég kynntist henni. Hún talaði afar góða íslensku og notaði iðulega vestfirskt orðalag og málfar, t.d. fornar beygingar orða. Þá spunnust oft umræður og þrætur um málfar og þótti þá jafnan hverjum sinn fugl fagur.³⁸

Karl og Anna höfðu gaman af að ferðast. Þau fóru til dæmis suður á Lýðveldishátíðina á Þingvöllum árið 1944. Þau flugu suður í lítilli sjóflugvél sem geymd var í flugskýlinu sem lengi stóð fyrir framan Hafnarstræti 25 og Jenný, sem þá var fimm ára, fór með þeim og er flugferðin henni mjög minnisstæð. Karl eignaðist bíl fljótlega eftir

³⁸ Bréf Baldurs Ingólfssonar til Jennýjar Karlsdóttur 24. september 2001. Í eigu Jennýjar.

síðari heimsstyrjöldina og fjölskyldan ferðaðist talsvert. Þau fóru þá gjarnan austur í Aðaldal og í Kelduhverfi að heimsækja vini og fjölskyldu Karls. En þegar farið var til Súðavíkur þurfti að sigla. Árið 1947 fóru Anna og Karl með hópi fólks í útsýnisflug frá Akureyri yfir gosstöðvarnar í Heklu og er til mynd úr því ferðalagi á Flugsafninu á Akureyri.

Hjónaband þeirra Karls og Önnu var farsælt og þau voru einstaklega samhent þó ólík væru um margt. Þau voru mjög félagslynd og áhugamálin mörg. Þau höfðu bæði áhuga á andlegum málefnum og voru um skeið svokallaðir sitjarar hjá Guðrúnu Sigurðardóttur frá Torfufelli og munu einnig hafa starfað um tíma með Ólafi Tryggvasoni huglækni á Hamraborgum. Oft voru haldnir miðilsfundir í Hafnarstrætinu og Lára miðill (Ingibjörg Lára Ágústsdóttir) var góð vinkona Önnu og Karls.

Það kom í hlut Önnu að hlúa að börnum Sigrúnar systur sinnar og naut hún fulls stuðnings Karls í þeim efnum. Öðrum var heldur ekki til að dreifa. Börnin á Eiríksstöðum urðu alls sjö: Jens Þorkell (1922–1992), Guðrún Ólafía (1925–2012), Karólína Steinunn (1927–2009), Anna Þorbjörg (1929–2014), Sigrún Sigurdríf (f. 1930), Óskar Haraldur (1932–1944) og Guðmundur Magnús (1932–1977). Um það leyti sem tvíburarnir fæddust var öllum dætrunum ráðstafað á heimili í Súðavík og fengu misjafna vist. Ólafía lenti hjá fólki þar sem henni leið mjög illa og Halldór tók hana því heim árið eftir. Karólína var einnig óheppin með heimili og kom í Eiríksstaði aftur 1934. Sigrún, sú yngsta, var heppnust og komst í varanlegt fóstur þar sem hún ólst upp til fullorðinsára við gott atlæti.

Í lok árs 1934 ákvað hreppsnefndin í Súðavík að fela barnaverndarnefnd að koma yngstu börnunum, Karólínu og tvíburunum í fóstur.³⁹ Þá tók Anna Karólínu til sín og kom hún til hennar árið 1935 eins og fyrr segir. Sama ár fóru tvíburarnir í fóstur, Óskar í varanlegt fóstur en hann lést úr berklum aðeins tólf ára gamall. Guðmundur fór á milli fjölskyldna í nokkur ár uns hann komst á sveitaheimili í Ísafjarðardjúpi þar sem hann dvaldi og vann fyrir sér til fullorðins ára. Þar kom, haustið 1936, að hreppsnefndin ákvað að leysa

³⁹ Héraðsskjalasafnið Ísafirði. Sveitarsjóðsbók fyrir Súðavík 1906-1951. 202/39. 9. desember 1934.

upp heimilið á Eiríksstöðum.⁴⁰ Sigrúnu, systur Önnu, var komið fyrir á ýmsum heimilum við Ísafjarðardjúp næstu árin en Anna tók hana til sín um tíma í kringum 1940. Um síðir fékk hún varanlegt skjól á Fransiskuspítalanum í Stykkishólmi þar sem nunnurnar önnuðust hana næstu þrjá áratugin, eða þar til að hún lést árið 1972. Halldór leit til með börnum sínum eftir því sem hann gat en hann átti ekki hægt um vik því hann hafði hvorki aðstöðu né efni til að annast um þau.

Anna reyndi að fara vestur í Súðavík á hverju sumri og kom þá ávallt færandi hendi til fjölskyldu systur sinnar auk þess sem hún sendi þeim ævinlega jólagjafir. Anna Þorbjörg Halldórsdóttir minntist þess síðar á ævinni í samtali við Ólafíu systur sína þegar Anna kom eitt sinn með Fagranesinu og steig upp á bryggjuna í Súðavík í karlmannsfötum að henni fannst og með drengjakoll. Þá var Anna Þorbjörg komin í fóstur og daginn eftir heimsótti Anna litlu nöfnu sína og færði henni rauðan flauelskjól með hvítum kraga, þann fallegasta sem hún hafði eignast.

Svo fór að Anna og Karl tóku til sín Þorkel, Ólafíu og Önnu Þorbjörgu og komu þeim í fóstur eða í vinnu hjá fólki sem þau treystu. Árið 1939 var Anna Þorbjörg orðin heimilislaus í Súðavík og þá komu þau Karl henni í fóstur austur í Hróarsstaði í Öxarfirði. Árið áður höfðu þau komið Þorkeli fyrir í Vogum í Kelduhverfi. Ólafía fylgdi Önnu Þorbjörgu systur sinni norður með skipi frá Ísafirði. Um borð voru fermingarsystkini hennar í skemmtiferð til Akureyrar en Ólafía gat lítið notið samvista við þau á leiðinni því Anna Þorbjörg litla var lífleg og ekki mátti líta af henni. Ólafía fylgdi svo hópnum aftur vestur en árið eftir kom hún norður til að vinna úti á Árskógsströnd. Karólína, amma hennar, mun hafa þekkt þar konu sem hún treysti og Anna hefur sennilega viljað hafa hana nærri sér til að geta litið til með henni.

Árið 1943 gerði Anna boð fyrir Ólafíu út á Sand og bað hana að koma í bæinn og hitta systkini sín, þau Karólínu og Þorkel sem var í heimsókn í Hafnarstrætinu. Tilefnið var að á því ári öðluðust þau öll þrjú einhver samfélagsleg réttindi. Þorkell varð 21 árs og fékk kosn-

⁴⁰ Sama. 11. október 1936.

ingarétt, Ólafía varð 18 ára og fjárráða og Karólína 16 ára og sjálf-ráða. Af þessu tilefni lét Anna taka mynd af þeim systkinunum á ljós-myndastofu. Lagað var til á verkstæðinu og slegið upp balli um kvöldið en Anna átti grammófón. Allir skemmtu sér hið besta og sögumaðurinn Þorkell var í essinu sínu að sögn Ólafíu.⁴¹

Sigrún yngri kom frá Súðavík árið 1946 og var tvo vetur í Gagn-fræðaskólanum á Akureyri og bjó þá í Hafnarstrætinu hjá Önnu frænku sinni. Sú ráðstöfun kom sér einnig vel fyrir Önnu því fósturdóttirin Karólína var þá að flytja suður og Önnu vantaði hjálp með móður sína sem var orðin rúmfast þegar þarna var komið og þurfti mikla aðhlynningu. Hún hafði bjöllu við rúmið sitt sem hringdi inn í svefnherbergi Önnu og Karls þegar hún þurfti einhvers við á nóttunni. Karólína lést haustið 1947, nærri nírað að aldri og hafði þá verið hjá dóttur sinni í tuttugu ár.

Það er óhætt að segja að Anna hafi fundið til mikillar ábyrgðartil-finningar gagnvart börnum Sigrúnar systur sinnar og þau Karl reyndu að liðsinna þeim af fremsta megni. Þau kölluðu Önnu alltaf „frænku“ til aðgreiningar frá Önnu Þorbjörgu yngri og töluðu um hana af mikilli væntumþykju og virðingu.

Fósturdóttirin Karólína, sem alltaf var kölluð Kallý, lærði hárgreiðslu og flutti til Reykjavíkur að námi loknu árið 1946 og vann við sitt fag. Þar kynntist hún manni sínum Guðmundi Gestssyni (1925–2001) frummótasmiði sem síðar vann við verslunarstörf, lengst af hjá Sláturfélagi Suðurlands. Þau giftu sig í Hafnarstræti 25 árið 1948 en bjuggu alla tíð í Reykjavík. Þau eignuðust þrjú börn, Sigrúnu, Guð-rúnu og Gest. Kallý lærði síðar til sjúkraliða og vann við það í tvo áratugi áður en starfsævinni lauk.

Ævilok og arfleifð Önnu

Nokkrir tágamunir eru til í eigu Jennýjar Karlsdóttur og bera þeir „hefðbundinni körfuhúsgagnagerð vitni“ að sögn Arndísar S. Árna-dóttur. Þar á meðal er hringlaga reykingaborð með glerplötu. Undir henni er svartur silkidúkur með ámáluðum konumyndum sem Anna gerði. Borðið gaf Anna Karli þegar þau voru í tilhugalífínu. Þá er

⁴¹ Þess má geta að Þorkell Halldórsson bjó síðar á Sauðárkróki og var þá alltaf kallaður Ýtu-Keli og þótti afbragðs sagnamaður.

einnig til hátt blómaborð og spor-
öskjulagað borð með glerplötu en stól-
ar sem því fylgdu gengu úr sér. Eitt af
því glæsilegasta sem Anna gerði er
standlampi með hringlaga borði og
stórum skermi. Upphaflegi skermurinn
var orðinn ónýtur en Jenný gerði nýjan
og hafði sem líkasta þeim sem móðir
hennar gerði á sínum tíma. Tveir
körfustólar eftir Önnu eru til í fjöl-
skyldunni en stólarnir eyðilögðust
frekar en borðin enda mæddi meira á
þeim. Verkferakassi Önnu með áhöld-
um hennar til körfugerðar er enn til í
eigu Jennýjar.

Önnu var margt til lista lagt og eftir
hana liggja ýmsir munir í eigu fjöl-
skyldunnar. Þrátt fyrir þungan heimil-
isrekstur gaf hún sér tíma til að fara á
námskeið og hitta aðra sem deildu
sömu hugðarefnum. Hún mótaði í gifs
og leir á námskeiðum hjá Jónasi Jak-
obssyni og málaði með frístundamál-
urum undir leiðsögn Hauks Stefáns-
sonar. Hún tók meðal annars þátt
í samsýningu frístundamálara árið
1951.⁴² Hún málaði einnig á silki og
flauel, til dæmis veggmyndir og dúka.
Einu sinni málaði hún líka rósir á silki-
kjól fyrir fína frú í bænum. Margir
þeirra muna sem liggja eftir Önnu

⁴² Málverkasýning frístundamálara. 1951, 11. desember. *Alþýðumaðurinn* 21, 44:1.; Sýning frístundamálara. 1951, 14. desember. *Verka-
maðurinn* 34:38:1.; Málverka og teiknisýn-
ingu 1951, 12. desember. *Íslendingur* 37,
47:1.



Standlampi.



Blómaborð.

bera vitni miklum hæfileikum, hugmyndaauðgi og listfengi sem eflaust hefði mátt rækta betur ef aðstæður hefðu leyft og henni auðnast lengra líf. Í bréfi frá Þórsteini Bjarnasyni til Önnu árið 1953 skorar hann á hana að taka þátt í sýningu í Danmörku sem Stefán Jónsson teiknari og síðar arkitekt stóð fyrir: „Þú hefur svo skratti mikið hugmyndaflug og ert þar á ofan bráðlaginn [svo!].“⁴³ Ekki er vitað til að Anna hafi orðið við áskorun Þórsteins.



Reykjngaborð. Myndirnar þrjár af húsgögnunum í þessari opnu tók Ásgrímur Ágústsson.

Anna var í góðum kunningskap við Halldóru Bjarnadóttur og kom hún oft í Hafnarstrætið á þeim árum sem hún bjó á Móbergi í Þorpinu. Fyrir áeggjan Halldóru fór Anna að búa til þjóðbúningadúkkur og bjó þá til andlitsmót úr gífsi sem hún klæddi með húðlitu þrjónasilki sem hún gat svo flett af og málað og komið fyrir á dúkkunum. En Anna saumaði ekki einungis á dúkkur. Hún saumaði meðal annars peysuföt á sjálfa sig, upphlut á Jennýju í tilefni af Lýðveldishátíðinni 1944 og skautbúning (hvítan kyrtlbúning) úr atlassilki með útsaumi úr gulu silkigarni þegar Jenný fermdist.

Eins og fram er komið var Anna ekki heilsuhraust. Vosbúðin við fiskþvott og árin í Noregi tóku sinn toll af heilsunni. Langvarandi veikindi eftir barnsburðinn bættu ekki úr skák. Anna lést þann 27. júní árið 1954 í kjölfar uppskurðar á Landakotsspítala aðeins 53ja ára gömul. Andlátíð kom eins og reiðarslag yfir fjölskylduna. Karl hafði einnig átt við vanheilsu að stríða um nokkurra ára skeið eða síðan hann fékk Akureyrarveikina veturinn 1948–1949 og lá þá rúmfastur í marga mánuði. Hann tók lát Önnu ákaflega nærri sér og rúmu ári

⁴³ Bréf Þórsteins Bjarnasonar til Önnu Jensdóttur 7. mars 1953. Í eigu Jennýjar Karlsdóttur. Sjá einnig Arndís S. Árnadóttir.

síðar, eða 5. september árið 1955, varð hann bráðkvaddur, 54ra ára gamall. Jenný dóttir þeirra missti þannig báða foreldra sína með stuttu millibili, aðeins unglingur að aldri.

Jenný tók gagnfræðapróf á Núpi vorið 1955 og eftir lát föður síns fór hún í Húsmæðraskólann á Laugalandi. Eiginmaður Jennýjar er Ingólfur Magnússon (f. 1928). Foreldrar hans voru Bergljót Guðjónsdóttir (1893–1972) og Magnús Sigbjörnsson (1878–1955), bæði ættuð austan af Héraði. Ingólfur starfaði sem vörubílstjóri og var húsvörður í Íþróttahúsinu við Laugargötu. Jenný var heimavinnandi á meðan börnin voru ung en tók að sér fatasam meðfram heimilisstörfum. Hún hóf að kenna í Barnaskólanum á Hrafnagili í lok sjöunda áratugarins og lauk kennaraprófi í fjarnámi árið 1982. Hún kenndi meðal annars í Barnaskóla Akureyrar, Valsárskóla á Svalbarðseyri og í Oddeyrarskóla.

Jenný hefur stundað margskonar handverk um ævina og verið virkur félagi í Þjóðháttafélaginu Handraðanum. Undir merkinu Munstur og menning (munstur.is) hefur hún miðlað á einfaldan og ódýran hátt gamalli handverksmenningu og endurútgefið elstu íslensku handverksbækurnar og gömul munstur. Árið 2017 hlaut hún Heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs Akureyrarbæjar fyrir framlag sitt til handverksmenningar í bæjarfélaginu. Þess má geta að Jenný saumaði út í skautbúning (hvítan kyrtlbúning) Akureyrarbæjar sem nýstúdína skryðist þann 17. júní hvert ár. Sjálf hefur hún saumað nokkra þjóðbúninga, meðal annars nítjándu aldar faldbúning sem nú er til sýnis á Norðurslóðasetrinu á Akureyri. Hún litaði sjálf útsaums-garnið í búninginn og gerði einnig hluta af silfurgrípunum sem prýða hann. Jenný hefur þannig haldið áfram arfleifð móður sinnar og miðlað til afkomenda og annarra sem móttækilegir eru fyrir slíkt. Jenný og Ingólfur eignuðust fimm börn, þau eru: Anna Þorbjörg, Bjargey, Magnús, Karl og Dagbjört.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2019

Stjórn félagsins: Jón Hjaltason formaður, Jóna Friðriksdóttir varaformaður, Guðmundur Steindórsson gjaldkeri, Rannveig Karlsdóttir ritari og Jakob Tryggvason. Varamenn í stjórn eru Ólafur Ólafsson og Jón Hlynur Sigurðsson.


Endurskoðandi Þorsteinn E. Arnórsson, til vara Karl Gunnlaugsson.

Ritstjóri Súlna Björn Teitsson (netfang, banna@simnet.is). Í ritnefnd með Birni eru Ása Marinósdóttir (asamar02@gmail.com), Jón Hjaltason (jonhjalta@simnet.is) og Kristín Aðalsteinsdóttir (adalsteinsdottir@gmail.com).

Kæru félagsmenn.

Stórkostlegum áfanga var náð á árinu. Í maí fengum við heljar-mikla sendingu, um það bil 720 eintök þykkra bóka. Þar var komið hið mikla rit Stefáns Aðalsteinssonar um Eyfirðinga. Að vísu er ekki rétt að eigna það Stefáni einum því að slíka vinnu hefur ritnefndin lagt í þetta verk, langt umfram allt sem venjulega er tengt ritnefndarstörfum, að það verður einnig að teljast þeirra. Ritnefndina skipuðu Birgir Þórðarson formaður, Kristján Sigfússon, Bernharð Haraldsson og Haukur Ágústsson.

Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár, er nafnið sem Birgir og félagar völdu þessu sex binda verki sem við fullyrðum að sé ómetanlegt



Sama dag og Eyfirðingar bárust norður brunuðu formaður og gjaldkeri inn að Öngulsstöðum og afhentu Birgi Þórðarsyni, formanni ritnefndar, fyrsta eintak ritsins.



Jón Hlynur Sigurðsson og Guðmundur Steindórsson rífu plastið af bókasendingunni.

framlag til sögu Eyjafjarðar. Nafnaskrá fylgir sem þau mætu hjón, Jóhann Ólafur Halldórsson og Katrín Úlfarsdóttir, unnu og er óhætt að segja að var ekki á allra færi, enda gróflega flókið að eiga við þann aragrúa nafna sem fyrir koma í Eyfirðingum.

Í formála að fyrsta bindi Eyfirðinga greinir Birgir Þórðarson ítarlega frá tilurð verksins og hvernig það hefur á liðnum áratugum þokast frá handriti að prentaðri bók. Skal því ekki fjölýrt frekar þar um en aðeins tekið undir orð Birgis og þakklæti til þeirra fjölmörgu sem hafa gert Sögufélagi Eyfirðinga kleift að ráðast í útgáfu Eyfirðinga.

Vert er að benda félagsmönnum á að af þeim 120 settum verksins sem prentuð voru eru aðeins 35 óseld. Gjaldkeri vor, Guðmundur Steindórsson, hefur í hendi sér alla sölupræði svo endilega hóið í hann ef þið viljið eignast Eyfirðinga.

Að öðru leyti var starfsemi félagsins hefðbundin. Aðalfundur var haldinn í endaðan maí. Þar flutti doktor Skafti Ingimarsson okkur fróðlegt erindi um Einar Olgeirsson. Súlur vöktu athygli á árinu og seldust vel í bókabúð Pennans á Akureyri. Víðar er þeim ekki dreift og mætti ef til vill hyggja betur þar að. Þrátt fyrir gott gengi Súlna hefur okkur ekki tekist að fjölga félagsmönnum sem er íhugunarefni.

En gleðjumst, Eyfirðingar framan Glerár og Varðgjár eru komnir á prent.

Með bestu kveðjum og þökk fyrir samstarfið
Stjórn Sögufélags Eyfirðinga